


skoðun 16

2 SÉRBLÖÐ
í Fréttablaðinu
Allt
Föstudagur




**Ævintýri á Grænlandi**
*Freyr Líndal Sævarsson var tökumaður í grænlenskri hryllingsmynd.*
fólk 34




# FRÉTTABLAÐIÐ

Föstudagur
24. júní 2011
145. tölublað 11. árgangur
Sími: 512 5000

10 ÁRA
2001-2011
MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*
*Samkvæmt prentmiðlakönnun Capacent Gallup janúar – mars 2011




**Tvöföld laun í Danmörku**
*Íslensk ungmenni flykkjast til Kaupmannahafnar.*
fólk 26

**Sannkallað karnival**
*Leikskólinn Tjarnarborg er 70 ára.*
tímamót 18



**BÍ og KR áfram**
*BÍ/Bolungarvík flengdi Íslandsmeistara Breiðabliks og KR skellti FH.*
sport 30

**veðrið í dag**




**VÆTA FYRIR NORÐAN** í dag verður norðlæg eða breytileg átt, víða 3-8 m/s. Rigning með köflum N- og NA-lands en bjartara S-til. Hiti 5-15 stig.
VEÐUR 4



**HÁLFNAÐ ER VERK ÞÁ HAFIÐ ER** Skemmtiferðaskipið MS Azura kom til Reykjavíkurhafnar í gær. Skipið er 115 þúsund tonn og rúmar 3.100 farþega. Hreingerningamaðurinn tekst á við einar svalir af þeim níu hundruð sem eru á skipinu, en einkasvalir fylgja hverri káetu. Farþegar skipsins fóru hins vegar í land og skoðuðu sig um. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Launabætur hverfa í dýrtíð

**Verðlagshækkanir og slæmt gengi krónunnar ógna forsendum kjarasamninga. Verðbólguhækkun er spáð sem éta mun upp umsamdar launahækkanir. Hækkun á fasteignamarkaði ýtir undir aukna verðbólgu.**

**EFNAHAGSMÁL** Tólf mánaða verðbólga verður 5,2 prósent í september og ársfjórðungsverðbólga gæti farið í 6 prósent, gangi spá greiningardeildar Arionbanka eftir. Það þýðir að launahækkanir nýsamþykktra kjarasamninga munu hverfa.

Ólafur Darri Andrason, deildarstjóri hagdeildar ASÍ, segir að horfur hafi versnað síðan kjarasamningar voru gerðir. Krónan hafi veikst sem setji aukinn þrýsting á verðlag. Þá sé heimsmarkaðsverð á hrávöru og matvælum mjög hátt. „Hér innanlands virðast ýmsir aðilar ætla að verða snöggir til og henda þessu út í verðlagið.“

Verðlagsnefnd búvara tilkynnti á miðvikudag um 4,4 prósent hækkun á verði mjólkurlítra og 6,7 prósent hækkun á smjöri. Finnur Árnason, forstjóri Haga, gagnrýnir þessa ákvörðun og segir hækkunina langt umfram það sem forsendur kjarasamninga gefi tilefni til. Hann óttast að það stefni í auknar hækkanir verðlags þar sem fyrirtæki hafi lítið svigrúm til þess að taka á sig hækkanir og verði að ýta þeim út í verðlag.

„Þessar hækkanir eru langt umfram það sem væntingar voru um í vetur og það hefur afleiðingar á forsendur kjarasamninga.“

Ásdís Kristjánsdóttir, forstöðumaður greiningardeildar Arionbanka, segir deildina spá því að aukinn kostnaður vegna launahækkana fari út í verðlag. Þá hafi veiking krónunnar og hækkun hrávöruverðs slæm áhrif og verðbólgu sé að vænta. „Það er slaki í hagkerfinu og ekki von á eftirspurnardrifinni verðbólgu heldur skýrist hún einungis af kostnaðarhækkunum.“

Ólafur Darri segir nýafstaðna samninga hafa átt að vera fyrsta skref til að vinna til baka þá kaupmáttarskerðingu sem launafólk hefur orðið fyrir frá því að hrunið varð. „Það segir sig sjálft að eftir því sem verðbólgan eykst er verið að höggva í kaupmáttinn.“

Endurskoðun kjarasamninga fer fram í janúar. - kóp






Fimmtán Yoyo-ísbúðir opnaðar erlendis á árinu og frekari útrás er fyrirhuguð:

## Íslenskar ísbúðir við Eystrasalt

**FÓLK** Fyrirhugað er að fimmtán íslenskar Yoyo-jógúrtísbúðir verði opnaðar í Eystrasaltslöndunum á þessu ári. Fyrstu þrjár búðirnar opna í Ríga í Lettlandi í lok júlí. „Það er bara gaman að því að við séum að bæta við okkur,“ segir Kristján Einarsson, einn af eigendum Yoyo-ísbúðanna.
Að sögn Kristjáns er stefnt að því að Yoyo-ísbúðirnar verði opnaðar í Eistlandi, Lettlandi og Litháen og svo í kjölfarið í Skandinavíu.

Hópur erlendra fjárfesta í Lettlandi stendur að baki útrás Yoyo. „Dóttir eins þeirra kom til okkar á Íslandi og benti þeim á að þetta væri það sem vantaði við Eystrasaltið og í Evrópu.“

Kristján segir að lítil jógúrtísmenning sé í Evrópu en að mikill vöxtur sé í þessum geira í Bandaríkjunum, þar séu líklega um tvö hundruð jógúrtískeðjur. „Vonandi mun okkur ganga jafnvel í Evrópu og þetta gengur í Bandaríkjunum. Ég er viss um að þetta mun falla vel í kramið.“

- mmf / sjá Allt







BROSANDI ALLAN HRINGINN



13 HÓTEL ALLAN HRINGINN

Bókaðu gistingu á www.hoteledda.is
eða í síma 444 4000

## SPURNING DAGSINS



*Guðrún, ertu að lyfta þér á hærra plan?*

„Já, þá sjaldan maður lyftir sér upp."

Guðrún Gróa Þorsteinsdóttir hefur verið meðal bestu körfuknattleikskvenna landsins undanfarin ár. Hún hefur nú ákveðið að hætta í körfubolta og einbeita sér að kraftlyftingum.



**Á SILFURTORGI** Daníel Jakobsson, bæjarstjóri Ísafjarðar, kvaddi Hávarð á Silfurtorgi bæjarins áður en hann lagði upp í ferðina.

Fer um Vestfirði fyrir Grensás:

# Hjólar tæpa 700 kílómetra

**FÓLK** Hávarður Tryggvason lagði í gær af stað í tæplega 700 kílómetra langa hjólaferð um Vestfirði.

Hávarður hjólar til styrktar Grensásdeild og er það hluti af átakinu Á rás fyrir Grensás. Hægt er að styrkja hann í gegnum heimasíðu Grensásdeildar.

Hann lagði af stað frá Ísafirði á miðvikudag. Hann mun hjóla í vestur í gegnum Bíldudal og Patreksfjörð, Flókalund, innfirði Breiðafjarðar, Steinadalsheiði, á Hólmavík og Ísafjarðardjúp aftur til Ísafjarðar. Ferðalagið er tæpir 700 kílómetrar og fimm þúsund metra hækkanir yfir fjallvegi. *- þeb*

## LÖGREGLUFRÉTTIR

### Tólf teknir á Reykjanesbraut

Lögreglan stöðvaði tólf ökumenn á Reykjanesbraut í gærdag fyrir of hraðan akstur. Sá sem ók hraðast var á 133 kílómetra hraða og bíður hans nú 90 þúsund króna sekt og þrír refsipunktar í ökuferilsskrá.

### Keyrði á fjóra bíla

Ökumaður fólksbifreiðar missti stjórn á bíl sínum á Dalvegi í gær. Lenti bíllinn á öfugum vegarhelmingi og framan á öðrum bíl sem kom úr gagnstæði átt. Við það hentist bifreiðin upp á gangstétt og niður brekku þar sem hún hafnaði á tveimur bílum sem voru kyrrstæðir og mannlausir. Enginn slasaðist í árekstrinum og þykir það hin mesta mildi.

Bensínverð lækkaði á Íslandi vegna frétta um 60 milljónir olíutunna:

# Setja varaforða olíu á markað

**ORKUMÁL** Alþjóða orkumálastofnunin og orkumálaráðuneyti Bandaríkjanna ætla að setja sextíu milljónir olíutunna á markað á næstu þrjátíu dögum. Tunnurnar eru hluti af varaforða Bandaríkjanna og Alþjóða orkumálastofnunarinnar.

Gripið var til þessara aðgerða til að vega upp á móti minnkandi framleiðslu á olíu vegna átaka í Líbíu og öðrum löndum. Orkumálaráðherra Bandaríkjanna, Steven Chu, sagði í gær að fylgst væri náið með ástandi á olíumarkaði og Bandaríkin væru tilbúin að grípa til frekari aðgerða ef þess gerðist þörf.

Olíuverð lækkaði talsvert eftir þessa tilkynningu, meðal annars á Íslandi. Flest olíufélögin lækkuðu verð á bensínlítranum um þrjár krónur í kjölfar tíðindanna. Ódýrastur er bensínlítrinn hjá Orkunni.

Varaforði Bandaríkjamanna er í sögulegu hámarki, 727 milljón tunnur. 87,5 milljónir olíutunna eru notaðar í heiminum á hverjum degi. Þar af nota Bandaríkjamenn tæpar tuttugu milljónir tunna. *- þeb*




**BENSÍNSTÖÐ Í BANDARÍKJUNUM** Olíuverðið lækkaði í Bandaríkjunum eins og annars staðar. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Facebook-dómur stendur:

# Tvíburar áfrýja ekki úrskurði

**BANDARÍKIN** Cameron og Tyler Winklevoss, tvíburabræðurnir sem telja sig eiga hugmyndina að Facebook, hafa ákveðið að áfrýja ekki úrskurði Alríkisdómstóls til Hæstaréttar.

Í úrskurðinum segir að þeir hafi gert samning sem virðist þeim mjög hagstæður og vildi Alríkisdómstóll því ekki rifta honum. Dómstóllinn vísaði máli þeirra frá í apríl síðastliðnum en þeir vildu rifta sáttargjörð sem þeir gerðu við Mark Zuckerberg, vegna deilna um höfundarrétt.

# Uppskipting OR í tvö félög í undirbúningi

**Starfsfólki Orkuveitu Reykjavíkur verður fækkað um 90 til ársins 2016 og eignir verða seldar. Afborganir af lánum nema 107 milljörðum á næstu fimm árum. Unnið er að því að skipta fyrirtækinu upp í tvö félög samkvæmt lagaákvæðum.**

**ORKUVEITAN** Allt umfram kjarnastarfsemi Orkuveitu Reykjavíkur (OR) verður skorið utan af fyrirtækinu og selt. Aðeins verður eftir veitustarfsemi og allt sem ekki skilar tekjum verður lagt af, samkvæmt Bjarna Bjarnasyni, forstjóra OR.

Fyrirtækið hélt aðalfund í gær og þar voru frekari aðhaldsaðgerðir, sem boðaðar voru í mars, kynntar. Starfsfólki verður fækkað um 90 og fjöldi eigna verður seldur, þar með talið Perlan og höfuðstöðvarnar að Bæjarhálsi 1.

Bjarni segir engar ákvarðanir hafa verið teknar ennþá um uppsagnir, en til þeirra gæti komið í tengslum við skipulagsbreytingar og að einstaka einingar verði lagðar niður. Ekki verði ráðið í stað þeirra sem hætta sakir aldurs eða vegna almennrar starfsmannaveltu.

„Við erum smátt og smátt að breyta rekstrinum og ætlum að einbeita okkur algjörlega að kjarnanum, veitustarfsemi, og fara út með allt sem ekki skilar tekjum."

Bjarni segir starfsemi OR hafa verið allt of víðfeðma og stjórnendur hafi misst sjónar á hlutverki OR, sem sé að þjónusta íbúa og eigendur með veitustarfsemi.

„Ætlunin með þessu öllu er að koma fyrirtækinu út úr þeim vanda sem það rataði í. OR er í grunninn mjög gott fyrirtæki. Vandinn er ekki tæknilegur eða rekstrarlegur, hann er fjárhagslegur." Bjarni bendir á að afborganir af lánum til næstu fimm ára nemi 107 milljörðum króna og það sé meira en fyrirtækið ráði við að óbreyttu.

Samkvæmt raforkulögum á að skipta orkufyrirtækjum upp í samkeppnisstarfsemi annars vegar og hins vegar starfsemi sem byggir á sérleyfum. Önnur orkufyrirtæki hafa þegar gert það, en OR er á undanþágu til áramóta. „Orkuveitunni verður skipt upp í tvö félög í lok árs samkvæmt lögum," segir Bjarni.

Dagur B. Eggertsson, formaður borgarráðs, segir það eitt af hlutverkum nýskipaðrar eigendanefndar OR að útfæra skiptinguna. Nokkrar leiðir séu mögulegar í þeim efnum. Þreifingar hafi verið um að OR fengi varanlega undanþágu frá lögunum, en undirtektir við slíkt á Alþingi hafi ekki verið góðar. **kolbeinn@frettabladid.is**



**AÐALFUNDUR** Jón Gnarr borgarstjóri flytur tölu á aðalfundi Orkuveitu Reykjavíkur í gær. Um fyrsta opna aðalfund fyrirtækisins var að ræða. MYND/HELGI OLGEIRSSON



**DAGUR B. EGGERTSSON**



**BJARNI BJARNASON**

> Vandinn er ekki tæknilegur eða rekstrarlegur, hann er fjárhagslegur.
>
> **BJARNI BJARNASON**
> FORSTJÓRI ORKUVEITU REYKJAVÍKUR

Grjóti rigndi yfir Bolungarvík:

# Brotnar rúður og skemmd þök

**BOLUNGARVÍK Rúður brotnuðu og þök skemmdust í Bolungarvík í gærdag þegar grjóti rigndi yfir bæinn. Verið var að sprengja vegna snjóflóðagarðs í fjallinu fyrir ofan bæinn og svo virðist sem sprengingin hafi verið mun öflugri en verktakinn bjóst við.**

**Sprengingum við snjóflóðagarðinn hefur verið hætt í bili en aðrar framkvæmdir munu halda áfram. Grjóthnullungarnir voru sumir hverjir hnefastórir og þykir mikil mildi að enginn slasaðist, þar sem fjöldi fólks var utandyra að vinna í görðum sínum. Vinnueftirlitið hefur fengið málið til skoðunar.** *- sv*

Enn var fundað í gærkvöldi:

# Yfirvinnubann í dag ef ekki tekst að semja

**KJARAMÁL** „Þetta mjakast. Við bindum vonir við að endar náist saman." sagði Guðjón Arngrímsson, upplýsingafulltrúi Icelandair í gærkvöldi. Sáttafundur í kjaradeilu Félags íslenskra atvinnuflugmanna og Icelandair, sem hófst klukkan hálftíu í gærmorgun, stóð enn yfir hjá Ríkissáttasemjara þegar Fréttablaðið fór í prentun í gærkvöldi.



**GUÐJÓN ARNGRÍMSSON**

Ef ekki næst að semja fyrir klukkan 14 í dag hefst yfirvinnubann hjá flugmönnum Icelandair. Guðjón gat ekki sagt til um hvenær bannið tæki að hafa áhrif á millilandaflug. *- sv*




Úttektarnefnd um málefni Orkuveitu Reykjavíkur skipuð:

# Fjárhagsmálefni OR rannsökuð

**STJÓRNSÝSLA** Borgarráð hefur skipað úttektarnefnd sem fara mun yfir málefni Orkuveitu Reykjavíkur (OR). Rannsaka á þá þætti sem leiddu til núverandi fjárhagsstöðu fyrirtækisins.

Mun úttekt nefndarinnar beinast sérstaklega að því að skoða hvernig staðið var að mikilvægum skuldbindandi ákvörðunum, þar á meðal aðkomu eigenda, stjórnar og stjórnenda að þessum ákvörðunum. Úttektin mun enn fremur beinast að vinnubrögðum stjórnar, forstjóra og framkvæmdastjórnar og samvinnu þeirra á milli. Þá verða ýmsir þættir innra eftirlits fyrirtækisins metnir og áhættustýring þess skoðuð. Kemur þetta fram í erindisbréfi úttektarnefndarinnar.

Markmiðið er að skýra aðdraganda og orsakir stöðu rekstrar Orkuveitu Reykjavíkur og mun úttektarnefndin gera grein fyrir niðurstöðum sínum í skýrslu til eigenda Orkuveitu Reykjavíkur sem áætlað er að verði tilbúin fyrir 1. mars 2012.

Margrét Pétursdóttir, sviðsstjóri endurskoðunarsviðs Ernst & Young, verður formaður nefndarinnar og með henni sitja Ása Ólafsdóttir lögfræðingur og Ómar Hlynur Kristmundsson, dósent í opinberri stjórnsýslu við Háskóla Íslands. *- kóp*



**ORKUVEITAN** Borgarráð hefur skipað úttektarnefnd til að kanna þá þætti sem leiddu til núverandi fjárhagsstöðu fyrirtækisins. FRÉTTABLAÐIÐ/RÓBERT

Sjálfboðaliðar Slysavarnafélagsins Landsbjargar verða til taks á hálendi Íslands í sumar ferðafólki til aðstoðar.



# Fækkum slysum á ferðalögum.

Safetravel er samstarfsverkefni fjölda innlendra aðila með það að markmiði að auðvelda ferðafólki aðgang að upplýsingum á vefsvæðinu www.safetravel.is sem fækkað geta slysum á ferðalögum innanlands. Auk þess munu björgunarsveitir Slysavarnafélagsins Landsbjargar verða með vakt í sumar á hálendi Íslands og geta þannig aðstoðað þá sem lenda í óhöppum með enn skjótari hætti en hingað til.

Í dag munu félagar úr björgunarsveitum okkar vera til taks á Olísstöðvum um land allt frá kl. 16-20 og minna þannig á átakið og ræða við áhugasama um öryggismál.

safe travel.is
öryggi á ferðalögum

## Allar upplýsingar á einum stað!

Á safetravel.is gefst ferðafólki um Ísland nú tækifæri á því að nálgast á einum stað allar helstu upplýsingar og ráðgjöf varðandi öryggi á ferðalögum. Vefsvæðið er bæði ætlað íslenskum sem erlendum ferðamönnum.

olís | SJÓVÁ | vodafone | 112 EINN EINN TVEIR | SLYSAVARNAFÉLAGIÐ LANDSBJÖRG | IÐNAÐARRÁÐUNEYTIÐ | Íslandsspil | VATNAJÖKULSÞJÓÐGARÐUR | VEGAGERÐIN

## GENGIÐ 23.06.2011

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 115,84 | 116,4 |
| Sterlingspund | 185,17 | 186,07 |
| Evra | 164,69 | 165,61 |
| Dönsk króna | 22,079 | 22,209 |
| Norsk króna | 21,081 | 21,205 |
| Sænsk króna | 17,961 | 18,067 |
| Japanskt jen | 1,4365 | 1,4449 |
| SDR | 183,99 | 185,09 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
220,3572

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Karlmaður á sextugsaldri dæmdur í annað sinn fyrir barnaníð:

# Með þúsundir barnaníðsmynda

**DÓMSMÁL** Karlmaður á sextugsaldri, Ólafur Barði Kristjánsson, hefur verið dæmdur í fimm mánaða fangelsi fyrir vörslu á miklu magni af efni sem sýnir barnaníð. Hæstiréttur hafði árið 2007 dæmt manninn í átján mánaða fangelsi fyrir kynferðislegt athæfi gegn þremur stúlkubörnum og að hafa haft í fórum sínum myndir sem sýndu níð gegn tveimur öðrum litlum stúlkum, auk fleiri mynda sem sýndu börn á kynferðislegan og klámfenginn hátt.

Að því er fram kemur í dómi Héraðsdóms Reykjavíkur, sem kveðinn var upp í gær, geymdi maðurinn á hörðum diski í tölvu sinni níu hreyfimyndir og 15.327 myndir sem sýndu börn. Efnið fannst eftir að lögreglu hafði borist nafnlaus ábending, sem leiddi til húsleitar. Maðurinn játaði fyrir dómi, en kvað ekkert af þessu vera barnaklám.

**15.327** er fjöldi mynda sem sýndu börn og fundust í tölvu hins dæmda. Auk þess fundust níu hreyfimyndir í sömu tölvu.

Ljósmyndirnar voru nær allar af sömu stúlkum, sem voru augljóslega börn að aldri og fæstar kynþroska. Myndirnar voru misjafnlega grófar og sumar flokkaði dómurinn ekki sem barnaníð einar og sér. Myndskeið í hreyfimyndunum voru einnig misjafnlega gróf. Dómurinn taldi brot mannsins stórfellt. - jss

Haldið upp á 25 ára afmæli:

## ÍTR býður borgarbúum í leiki

**REYKJAVÍK** Leikjadagur verður haldinn í Nauthólsvík á morgun í tilefni af 25 ára afmæli Íþrótta- og tómstundasviðs Reykjavíkur (ÍTR).

Boðið verður upp á ýmsa leiki og annars konar afþreyingu, meðal annars bátsferðir í Siglunesi. Þá verða sýndir munir úr starfi ÍTR og boðið upp á aðstöðu til að grilla.

ÍTR hvetur borgarbúa til að koma í Nauthólsvík og leika sér og eiga skemmtilegan frítíma með starfsfólki ÍTR. - þeb

Litháísk stúlka í Danmörku:

## Frelsuð úr kynlífsþrælkun

**DANMÖRK** Lögreglan í Kaupmannahöfn bjargaði í gær nítján ára litháískri stúlku sem hafði verið neydd til að stunda vændi. 36 ára samlandi hennar var handtekinn og verður kærður fyrir mansal.

Stúlkan var ginnt til að yfirgefa land sitt viku fyrr og var flutt til Kaupmannahafnar þar sem henni var komið fyrir í niðurníddu húsnæði, lokuð inni og seld vændiskaupendum.

Stúlkan komst þó loks á netið þar sem hún náði sambandi við vin sinn sem gerði lögreglunni viðvart. Út frá lýsingum hennar réði danska lögreglan í staðsetningu og frelsaði hana. - þj

Sólsetursháríð um helgina:

## Hreinsa upp olíu í fjörunni

**UMHVERFISMÁL Vel hefur gengið að hreinsa upp olíu í fjörunni á Garðskaga. Olíuflekkur var í sjónum á miðvikudag og var afmarkað svæði í fjörunni þakið olíu.**

**Starfsmenn Brunavarna Suðurnesja hreinsuðu olíuna burt í gær að beiðni bæjaryfirvalda í Garði.**

**Von er á fjölda fólks á Garðskaga yfir helgina þegar sólsetursháríð fer þar fram. Fylgifiskur hátíðarinnar er yfirleitt gönguferðir og leikir í fjörunni og því þurfti að hreinsa olíuna burt fljótt.** - þeb

### LEIÐRÉTTING

Ranghermt var í Fréttablaðinu í gær að maður sem dæmdur var fyrir kynferðislega áreitni gegn stjúpdætrum sínum hafi verið skólastjóri í Mývatnssveit. Maðurinn starfaði sem skólastjóri í Reykjadal.

# Fasteignamatið hækkar umtalsvert frá í fyrra

**Fasteignamat íbúðarhúsnæðis hækkar um 9 prósent milli ára samkvæmt nýju fasteignamati Þjóðskrár. Rúmlega 80 prósent eigna á landinu hækka um 0 til 15 prósent. Mat á atvinnuhúsnæði stendur í stað.**

**EFNAHAGSMÁL** Þjóðskrá Íslands kynnti í gær nýtt fasteignamat sem tekur gildi um áramótin. Heildarmat fasteigna á landinu hækkar um 6,8 prósent milli ára. Á höfuðborgarsvæðinu hækkar fasteignamatið um 6,3 prósent en mest hækkun er á Norðurlandi vestra, 11,9 prósent.

„Heildarniðurstöðurnar eru þær að fasteignamat á landinu sem heild hækkar um tæp sjö prósent. Hækkanirnar eru mestar á þeim svæðum sem segja má að hafi verið kaldari í þenslunni fyrir hrun en hækkanirnar eru minni á þeim svæðum sem urðu fyrir miklum áhrifum af þenslunni," segir Þorsteinn Arnalds, aðstoðarframkvæmdastjóri mats- og hagsviðs Þjóðskrár. Þá segir Þorsteinn ljóst að fasteignamarkaðurinn sé að glæðast aftur eftir hrun og bætir við að virkari markaður renni styrkari stoðum undir matið.

Um 83 prósent eigna á landinu hækka um á bilinu 0 til 15 prósent. Mestar eru breytingarnar á mati íbúða og jarða í dreifbýli en það má skýra að stórum hluta með breytingum á matsaðferð.

Á höfuðborgarsvæðinu hækkar mat fasteigna í grónum hverfum mest en hækkanir eru litlar í þeim nýju hverfum þar sem enn er töluvert af tómu eða ókláruðu húsnæði. Þannig hækkar fasteignamatið í Vesturbæ, vestan Bræðraborgarstígs, um 14,9 prósent en lækkar um 0,2 í Akrahverfi í Garðabæ.

Fasteignamatið leiðir í ljós að á Íslandi eru nú tæplega 125 þúsund íbúðir. Heildarverðmæti þeirra er 2.900 milljarðar króna en heildarverðmæti allra fasteigna er 4.400 milljarðar.

Íbúðir í sérbýli hækka mest milli ára, eða um 10,4 prósent en íbúðir í fjölbýli hækka um 7,3 prósent. Atvinnueignir standa hins vegar næstum í stað, lækka um 0,1 prósent.

Fasteignamatið byggir á rúmum 34 þúsund kaupsamningum frá júlí 2005 til apríl 2011. Breytingar hafa verið gerðar á matsaðferðum og er þeim ætlað að endurspegla markaðsverð fasteigna betur en verið hefur. Miðað er við að sambærilegar fasteignir á sama stað hafi hliðstætt mat. Fjölmargir þættir hafa áhrif á fasteignamatið. Má þar nefna staðsetningu fasteignar, stærð hennar, fjölda herbergja og hæða, byggingarár og fjölda íbúða í húsi.

Fasteignamatið verður nú birt í fyrsta sinn á netinu en nálgast má upplýsingar um mat fasteigna á vefsíðunni Island.is.

Breytingar á fasteignamati hafa töluvert að segja fyrir sveitarfélög þar sem skattar eru lagðir á fasteignir eftir matinu. Karl Björnsson, framkvæmdastjóri Sambands íslenskra sveitarfélaga, segir hins vegar of snemmt að segja til um hvaða áhrif breytt fasteignamat hafi á fasteignagjöld.

magnusl@frettabladid.is

### Dæmi um breytingar

| Sveitarfélag/hverfi | Meðalbreyting |
|---|---|
| Reykjavík | 6,4% |
| Vogar | 1,1% |
| Stykkishólmur | 23,6% |
| Akureyri | 8,5% |
| Hveragerði | 2,7% |
| Fljótsdalshérað | 5,9% |
| Hlíðar | 9,4% |
| Neðra-Breiðholt | 3,9% |
| Ártúnsholt/Höfðar | 13,9% |
| Kópavogur/Kórar | 4,2% |
| Hafnarfjörður | 7,9% |



**VESTURBÆRINN** Verðmat fasteigna í grónum hverfum höfuðborgarsvæðisins hækkaði mest. FRÉTTABLAÐIÐ/HARI

### Meðaltalshækkun á mati

**Meðalbreyting á fasteignamati er mest á Norðurlandi vestra eða 11,9 prósent. Hækkunin er hins vegar minnst á Austurlandi, einungis 2,8 prósent.**







## VEÐURSPÁ



**Snjólaug Ólafsdóttir** veðurfréttamaður

**HELGIN** Fremur hæg N-læg eða breytileg átt í dag og á morgun en hvessir til sunnudags. Úrkoma með köflum N- og NA-lands í dag og einhver væta þar á morgun. Búast má við stöku síðdegisskúrum víða annars staðar.




### HEIMURINN

| | |
|---|---|
| Alicante | 26° |
| Basel | 20° |
| Berlín | 19° |
| Billund | 16° |
| Frankfurt | 19° |
| Friedrichshafen | 20° |
| Gautaborg | 17° |
| Kaupmannahöfn | 17° |
| Las Palmas | 23° |
| London | 18° |
| Mallorca | 28° |
| New York | 27° |
| Orlando | 34° |
| Ósló | 16° |
| París | 19° |
| San Francisco | 16° |
| Stokkhólmur | 16° |

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

**AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Jón Laufdal *jonl@frettabladid.is* **ALMENNAR SÍMI 512-5401:** Guðmundur Steinsson *gudmundurs@365.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is*, Hlynur Þór Steingrímsson *hlynurs@365.is*, Laila Awad *laila@365.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is* **ALLT SÍMI 512-5402:** Jóna María Hafsteinsdóttir *jmh@365.is* **SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5016:** Sigríður Dagný Sigurbjörnsdóttir *sigridurdagny@365.is*, Sigríður Hallgrímsdóttir *sigridurh@frettabladid.is*, Þórdís Hermannsdóttir *thordish@365.is*, Ívar Örn Hansen *ivarorn@365.is* **RAÐAUGLÝSINGAR/FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@365.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Sigurlaug Aðalsteinsdóttir *sigurlaug@365.is*, Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is*, Guðný Gunnlaugsdóttir *gunny@365.is*, **KYNNINGARSTJÓRI:** Einar Skúlason *einar.skulason@365.is*




## GRILLAÐ LAMBALÆRI MEÐ KRYDDJURTUM OG HUNANGSSINNEPI *fyrir 6 að hætti Rikku*

- 1 lambalæri (2-2 ½ kg)
- 4 hvítlauksrif
- 10 fersk mintulauf
- 2 msk púðursykur
- 1 msk þurrkað rósmarín
- 5 msk dijon hunangssinnep
- 2 msk ólífuolía
- Salt og nýmalaður pipar

Stingið lærið á nokkrum stöðum með breiðum hníf og kryddið með salti og pipar. Hitið gasgrillið mjög vel. Setjið hvítlauksrif í matvinnsluvélina og maukið, bætið mintu, púðursykri, rósmarín, sinnepi og olíu saman við og blandið vel saman. Smyrjið maukinu á lærið. Stillið á lægsta hitann á grillinu og leggið kjötið á það, best er að hafa álbakka undir því.

Grillið kjötið við vægan hita án þess að snúa því í 1½ - 2 klukkustundir eða þar til að kjarnhitinn mælist 70°C. Gott er að bera lærið fram með fersku salati, grilluðum kartöflum og kaldri sósu.







**Lærissneiðar**
blandaðar




**Hamborgarar 2 stk. 120g**
með brauði og sósu




**Mangó marinerað lambafile**




**Cajp´s grísa T-bein**
í sweet chilli marineringu

## TILBÚIÐ Á GRILLIÐ



- Beikonfyllt kartöfluhýði
- Berjabomba með kókosbollum
- Fylltir portabello sveppir
- Sætar kartöflur
- Maísstönglar
- Buffaló kjúklingavængir
- Kartöflubátar
- Marinerað grænmeti

























24 Hagkaup OPIÐ *í sumar*
ALLAN sólarhringinn
Akureyri & Eiðistorg

Gildir til 26. júní á meðan birgðir endast.

**HAGKAUP**
*Ein ferð betra verð*

## KJÖRKASSINN



*Hefur eldsneytisverðið áhrif á ferðalög þín innanlands?*

| | |
|---|---|
| Já | 89,3% |
| Nei | 10,7% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Kemur hækkandi fasteignamat þér til góða?*

Segðu þína skoðun á Visir.is

vísir

Neytendasamtökin segja ýmsar leiðir færar fyrir flugfarþega sem verða fyrir óþægindum vegna seinkana:

# Flugfarþegar hvattir til að kanna rétt sinn

**NEYTENDUR** Flugfarþegar sem lenda í óþægindum vegna tafa á flugferðum gætu átt margs konar rétt gagnvart flugfélögunum, að því er Neytendasamtökin segja.

Sem dæmi höfðu ung hjón samband við Fréttablaðið og sögðu farir sínar ekki sléttar. Vegna fjögurra klukkustunda tafar á flugi Iceland Express frá Keflavík til London fyrr í mánuðinum misstu þau af flugi með Easyjet til Marokkó þar sem þau hugðust dvelja í vikutíma.

Þau þurftu því að koma sér á áfangastað með öðrum leiðum með tilheyrandi kostnaði og ónæði. Þá voru þau óánægð með svör sem þau fengu frá skrifstofu Iceland Express, enda var þeim tjáð að fyrirtækið tæki ekki ábyrgð á tengiflugi sem ekki væri á þess vegum.

Matthías Imsland, forstjóri Iceland Express, segir í samtali við Fréttablaðið að fyrirtækið selji ferðir með „point-to-point"- fyrirkomulagi sem snúi að einstökum ferðum, en ekki tengiflugi nema það sé með vélum Iceland Express.

„Við reynum hins vegar í flestum tilfellum að hjálpa eins og hægt er ef fólk lendir í ógöngum."

Hildigunnur Hafsteinsdóttir, lögfræðingur Neytendasamtakanna, segir sjálfsagt að flugfarþegar sem telji á sér brotið snúi sér til viðeigandi aðila til þess að kanna rétt sinn. Þessi mál geti þó verið flókin.

„Almennt talað geta farþegar átt margs konar rétt, ýmist á grundvelli reglugerðar um réttindi flugfarþega eða laga um loftferðir, og það er um að gera að tala við okkur eða flugmálastjórn eða jafnvel leita til úrskurðarnefndar í ferðamálum til að kanna málið." - þj



**TAFIR Á FLUGFERÐUM** Neytendasamtökin benda fólki á að leita réttar síns verði það fyrir tjóni eða óþægindum vegna tafa á flugi. FRÉTTABLAÐIÐ/TEITUR



**EIN Í HEIMINUM** Hér sjást híbýli ættbálksins sem uppgötvaðist á Amazonsvæðinu fyrir skemmstu. NORDICPHOTOS/AFP

Leyndardómar Amazon:

## Einangruð frá umheiminum

**BRASILÍA, AP** Yfirvöld í Brasilíu sögðu í vikunni frá áður óþekktum ættbálki fólks sem fannst djúpt inni í Amazon-frumskóginum. Fjórar byggingar sáust þegar flogið var þar yfir og er talið að um 200 manns búi þar og byggi afkomu sína meðal annars á ræktun maís og banana.

Sérstök stofnun fer með þennan málaflokk í Brasilíu, en talið er að 68 ættbálkar búi á Amazonsvæðinu í algerri einangrun frá umheiminum. Opinber stefna er að vernda þessa hópa og sjá til þess að þeir fái að lifa í friði, en að þeim steðja margs konar ógnir. - þj

Flokkað á nýjan hátt í Sorpu:

## Endurvinna málma úr sorpi

**UMHVERFISMÁL Málmar eru nú flokkaðir með sjálfvirkum hætti hjá Sorpu og því þarf ekki lengur að flokka þá sérstaklega frá öðru heimilissorpi.**

**Málmar eru um þrjú prósent af heimilissorpi Íslendinga og munu að minnsta kosti 60 prósent málma nást úr sorpinu með nýja búnaðinum. Í hverri viku munu koma inn um átta til tíu tonn af járni og um tonn af öðrum málmi. Málmarnir eru svo bræddir og endurnýttir í öðrum löndum.**

**Mælt er með því að málmhlutir séu settir beint í ruslatunnur, en ekki í poka með öðru sorpi.** - þeb

# Brotthvarf hefst frá Afganistan í sumar

**Ákvörðun Obama hefur verið gagnrýnd af báðum flokkum Bandaríkjaþings. Demókratar segja of hægt farið í brottflutning herliðsins frá Afganistan en repúblikanar óttast að of geyst sé farið. Frakkar og Bretar ætla einnig að fækka.**

**BANDARÍKIN, AP** Bandaríski herinn verður að mestu farinn frá Afganistan í árslok árið 2014, standist áætlanir Baracks Obama forseta. Hann skýrði frá því í gær að fimm þúsund hermenn færu heim strax í sumar og aðrir fimm þúsund fyrir árslok.

Fyrirhugað er er að 33 þúsund af samtals 100 þúsund bandarískum hermönnum verði farnir frá Afganistan um mitt næsta ár. Þetta er álíka mikill fjöldi og sendur var til Afganistans árið 2009 til að tryggja árangur í stríðinu við talibana og aðra uppreisnarhópa, sem þá voru mjög að sækja í sig veðrið.

Enn verða þó sjötíu þúsund bandarískir hermenn eftir í Afganistan, en þeir eiga að fara þaðan í áföngum á árunum 2013 og 2014. Eftir það verða þar reyndar áfram einhverjir bandarískir hermenn, en þeir eiga ekki að taka þátt í bardögum heldur vera heimamönnum til ráðgjafar og þjálfunar með svipuðum hætti og nú er í Írak.

Hamid Karzai, forseti Afganistans, sagðist sannfærður um að afganski herinn, sem nú þegar hefur fengið töluverða þjálfun og fræðslu frá Bandaríkjaher, muni ráða við verkefnið og geta tekið við af Bandaríkjaher.

Ráðamenn Evrópuríkja hafa fagnað ákvörðun Bandaríkjaforseta, sem hann skýrði frá í sjónvarpsávarpi í fyrrakvöld.

Bæði Frakkar og Bretar ætla nú að fylgja í kjölfarið og hefja brotthvarf herliðs síns frá Afganistan. Frakkar eru með um fjögur þúsund hermenn þar og ætla að hefja brottflutning strax í sumar. Bretar ætla sömuleiðis að kalla 450 hermenn heim frá Afganistan nú í sumar.



**BANDARÍSKUR HERMAÐUR Í AFGANISTAN** Hamid Karzai, forseti Afganistans, segist sannfærður um að heimamenn geti tekið að sér öryggismálin. NORDICPHOTOS/AFP

**33** þúsund af um 100 þúsund bandarískum hermönnum í Afganistan verða farnir úr landi um mitt næsta ár.

Bandarískir þingmenn beggja flokka hafa hins vegar viðrað efasemdir sínar. Demókratar segja of hægt farið í brottflutning herliðsins, sem kosti þjóðina allt of miklar fórnir, en repúblikanar óttast að of geyst sé farið.

Mike Mullen, yfirmaður bandaríska herráðsins, sagðist styðja ákvörðun forsetans, en sagði Obama þó fara hraðar í sakirnar en hann hefði búist við.

„Meira herlið til lengri tíma væri vafalaust öruggari leið," sagði hann. „Það þýðir þó ekki endilega að það væri besta leiðin."

gudsteinn@frettabladid.is

Innbrot hjá Karmelsystrum:

## Helgimyndum og tölvu stolið

**LÖGREGLUMÁL Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu leitar nú að einum eða fleiri sem brutust inn í Karmelklaustrið í Hafnarfirði fyrr í vikunni og stálu helgimyndum, tölvu og fleiru.**

**Nunnurnar búa í húsnæði við hlið kaþólsku kirkjunnar í bænum. Svo virðist sem þjófarnir hafi spennt upp glugga um hábjartan dag og komist inn með þeim hætti, samkvæmt upplýsingum lögreglu.** - jss



**FJÖRUHÚSIÐ** Eigandi lóðarinnar vildi láta fjarlægja húsið.

Deilan um Fjöruhúsið:

## Stefna að því að ná sáttum

**DEILUMÁL** „Eigandi Hótels Hellna kom með sáttahug að máli við fjölskylduna. Það er stefnt að því að hittast um helgina og reyna að ná niðurstöðu. Vonandi verður hægt að gera sanngjarnan lóðarleigusamning," segir Ólína Gunnlaugsdóttir, eigandi Fjöruhússins, lítils kaffihúss á Hellnum.

Húsið stendur á lóð í landi jarðarinnar Brekkubæjar. Nýr eigandi jarðarinnar, Sverrir Hermannsson sem rekur Hótel Hellna, hafði krafist þess að kaffihúsið yrði fjarlægt vegna beinnar samkeppni við hótelstarfsemina.

Málaferlum um eignarrétt yfir lóðinni, sem hófust 2004, lauk síðastliðið haust. Ólína hafði leigt lóðina af Snæfellsbæ frá 1997 en sá samningur var ógiltur 2004, að hennar sögn. - ibs


FARIÐ MEÐ SVARIÐ Í FERÐALAGIÐ!




Gamla bókin tekin upp í á kr. 1.000
Aðeins í bókaverslunum - Ekki á bensínstöðvum


Skuldavandi gríska ríkisins aðalumræðuefnið á leiðtogafundi ESB:

# Leita leiða til bjargar evrunni

**BELGÍA, AP** Fjárhagsvandi Grikkja skyggði á öll önnur mál á leiðtogafundi Evrópusambandsins sem hófst í Brussel í gær. Mestur tíminn fór í að leita leiða til að forða Grikkjum undan gjaldþroti og bjarga evrunni, hinni sameiginlegu mynt sautján Evrópusambandsríkja.

Beiðið er ákvarðana frá Grikklandi, þar sem stjórnvöld reyna enn að afla sér stuðnings þingsins við óvinsælar aðhaldsaðgerðir, sem fela í sér bæði skattahækkanir og niðurskurð á ríkisútgjöldum.

Leiðtogar Evrópusambandsríkjanna áttu meðal annars fund í Brussel með Antonis Samaras, leiðtoga grísku stjórnarandstöðunnar, sem hefur tekið afar illa í aðhaldsaðgerðir stjórnarinnar.

„Það er mjög mikilvægt að engin stjórnmálaleiðtogi í Grikklandi segi grísku þjóðinni að hún geti stytt sér leið," sagði Fredrik Reinfeldt, forsætisráðherra Svíþjóðar, þegar hann kom til fundarins í Brussel í gær.

Samaras gaf hins vegar ekkert tilefni til bjartsýni um að almenn samstaða næðist á gríska þinginu.

Angela Merkel Þýskalandskanslari sagðist ekki eiga von á að neinar afgerandi ákvarðanir um Grikkland yrðu teknar á leiðtogafundinum, sem heldur áfram í dag. - gb



**GEORGIOS PAPANDREÚ** Forsætisráðherra Grikklands kemur á leiðtogafundinn í Brussel. FRÉTTABLAÐIÐ/AP


Hægt er að fylgjast með stöðunni í mótinu á m.siminn.is
Viðskiptavinir Símans greiða 0 kr. fyrir flettingar á M-inu.
Símamótið
Eimskipsmótaröðin
Hvaleyrarvelli 24. – 26. júní
Fylgstu með og taktu þátt í léttum leik
Komdu og fylgstu með bestu kylfingum landsins keppa í höggleik án forgjafar. Áhorfendum býðst að taka þátt í léttum farsímaleik og verður glæsilegur Samsung Galaxy Gio, Android sími dreginn út að móti loknu.
Lækkaðu forgjöfina með farsímanum
Á nýjum farsímavef GSÍ, m.golf.is skráir þú skorið beint í farsímann og forgjöfin þín uppfærist um leið.
Síminn
800 7000 – siminn.is

## VEISTU SVARIÐ?



1. Hvaða lið keppa í úrslitum EM U-21 í Danmörku?
2. Hver var útnefndur borgarlistamaður Reykjavíkur?
3. Hvað eru margir flokkar í ríkisstjórn Finnlands?

**SVÖR**

1. Spánn og Sviss 2. Magnús d Pálsson 3. Sex

Réttindi launþega og umhverfismál tengd nýjum fríverslunarsamningi:

# EFTA semur við Hong Kong

**EVRÓPUMÁL** Utanríkisráðherra, Össur Skarphéðinsson, skrifaði á þriðjudag undir fríverslunarsamning EFTA-ríkjanna (Íslands, Liechtensteins, Noregs og Sviss) við Hong Kong. Undirritunin fór fram í Schaan í Liechtenstein.

Þetta er fyrsti fríverslunarsamningur sem Hong Kong gerir við Evrópuríki, að því er fram kemur í tilkynningu ráðuneytisins.

Samningurinn tekur bæði til vöru- og þjónustuviðskipta en einn kafli hans fjallar sérstaklega um umhverfismál í þessu samhengi. Það er að frumkvæði Norðmanna að kveðið er á um umhverfismál í þessu samhengi.



ÖSSUR SKARPHÉÐINSSON

Þá var samhliða samningnum skrifað undir annan samning um vinnuréttindi. Þetta mun vera í fyrsta skipti sem réttindi launþega hafa orðið umfjöllunarefni í fríverslunarviðræðum EFTA-ríkja.

Ráðherrar EFTA-ríkjanna hafa áhuga á nánara fríverslunarsamstarfi við mörg ríki og Össur Skarphéðinsson lýsti yfir stuðningi við fríverslunarviðræður við til dæmis Indland, Rússland og Hvíta-Rússland. Hann segir nauðsynlegt að ræða við Hvít-Rússa um mannréttindi þar í landi.

Rætt var og um EES-samstarfið, skýrslu Eftirlitsstofnunar EFTA, og fleira. **- kóþ**

Nýjar skýrslur frá ESB:

# Fiskveiðar ESB óhagkvæmari

**ESB** Tvær nýjar skýrslur frá Evrópusambandinu sýna, að mati framkvæmdastjórnar þess, fram á nauðsyn þess að gera endurbætur á fiskveiðistefnu þess. Annars vegar er skýrsla, sem sýnir að undanfarin ár hefur dregið úr hagkvæmni fiskveiðiflota ESB-ríkjanna. Hagnaður af fiskveiðum hefur dregist saman.

Hin skýrslan sýnir að fiskveiðiflotinn hefur minnkað mjög hægt síðustu ár, eða innan við þrjú prósent árlega, sem þýðir að lítið hefur dregið úr ofveiði. **- gb**



**MIÐBORGIN GERÐ FYRIR GANGANDI** Ýmsar breytingar verða gerðar á umferðarreglum í miðborginni í sumar. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

Miðborg fyrir gangandi fólk:

# Göngugötum fjölgað í sumar

**SKIPULAGSMÁL Göngugötum í miðborg Reykjavíkur verður fjölgað í sumar. Austurstræti hefur verið breytt í göngugötu að Pósthússtræti, sem verður lokað fyrir bílaumferð frá og með deginum í dag til 31. ágúst. Einungis verður opið fyrir bílaumferð milli klukkan 8 og 11 á morgnana.**

**Hafnarstræti austan Pósthússtrætis var lokað við Pósthússtræti 17. júní síðastliðinn og verður lokað til 31. ágúst. Óheimilt verður að leggja bílum á þessum kafla en stæðum fyrir hreyfihamlaða verður komið fyrir á mótum Pósthússtrætis og Hafnarstrætis.** - sv

# Bónus telur afnám skilaréttar lækka verð á kjöti

**Kjötsalar hafa ákveðið magn kjöts sem fer í verslanir og eru sagðir hafa kvartað undan kostnaðinum. Vöruúrvalið orðið of mikið að mati framkvæmdastjóra Bónuss sem telur að lækka mætti verð á kjötvörum.**

**NEYTENDAMÁL** „Verð á kjötvörum mun vonandi lækka með hnitmiðaðra vöruúrvali.“ Þetta segir framkvæmdastjóri Bónuss, Guðmundur Marteinsson, sem hefur varpað fram þeirri hugmynd að skilaréttur á kjötvörum verði afnuminn frá og með 1. nóvember næstkomandi.

„Kjötsalar hafa kvartað undan vöruskilunum en gleymt að taka með í reikninginn hvað þeir hafa fengið í staðinn fyrir skilaréttinn, nefnilega frjálsan aðgang að búðunum. Þar með hafa þeir aukið vöruúrvalið. Þeir hafa sjálfir pantað vöruna og ákveðið magnið sem fer í verslanirnar með tilliti til eigin birgðastöðu. Vöruskil innan skynsemismarka eru þó hluti af markaðssetningu vörunnar, það er að segja varan er til allan tímann á meðan verslunin er opin,“ segir Guðmundur.

Hann segir kjötsala hafa kvartað undan kostnaði vegna vöruskilanna. „Nú losna þeir við hann og þá skyldi maður ætla að þeir gætu lækkað verðið. Búðin gæti einnig gefið fimmtíu prósenta afslátt á vöru sem er að renna út á tíma og þá nyti kúnninn góðs af því.“



**MATARINNKAUP** Vonast er til að verð á kjötvörum lækki verði skilaréttur afnuminn. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Guðmundur leggur áherslu á að vöruskilin séu föst í hendi og að hægt sé að reikna þau út. „Það hefur hins vegar ekki þótt tiltökumál þegar vara er ekki til hjá kjötsala. Frá áramótum hefur til dæmis verið mikill skortur á kjúklingum. Ég hef ekki getað sent Reykjagarði eða Matfugli reikning vegna sölutapsins.“

Að sögn Guðmundar er vöruúrvalið orðið of mikið. „Fjöldi vörunúmera til dæmis í hverri tegund áleggs er orðinn allt of mikill, sérstaklega í lágvöruverðsverslunum eins og Bónus.“

Framkvæmdastjórinn tekur það fram að hann hafi sent kjötbirgjum bréf um hugmynd sína. „Þetta verður ekki einhliða ákvörðun. Ég er bara að varpa þessari hugmynd fram.“

> Ég geng út frá því og geri kröfu til þess að verðlækkanirnar skili sér til neytenda.
>
> **JÓHANNES GUNNARSSON**
> FORMAÐUR NEYTENDASAMTAKANNA

Jóhannes Gunnarsson, formaður Neytendasamtakanna, telur eðlilegt að verslanir sjái um sín innkaup og beri ábyrgð á þeim.

„Það leiðir til þess að panti verslun vöru í of miklu magni muni hún einfaldlega lækka verðið áður en síðasti söludagur rennur upp. Það er betra að selja á hálfvirði en að fleygja vörunni. Verði skilarétturinn afnuminn á það að gefa svigrúm til að lækka heildsöluverðið. Ég geng út frá því og geri kröfu til þess að verðlækkanirnar skili sér til neytenda.“

**ibs@frettabladid.is**






# MILLJÓNA VELTAN

Nú er vinningurinn **30 milljónir** á einn miða!
Í hverri **Milljónaveltu** drögum við að auki út **5 stakar milljónir** aðeins úr seldum miðum. **Vertu með!**

Síðast þegar **Milljónaveltan** fór í **30 milljónir** vann kona í Reykjavík. **Er komið að þér núna?**

## EINN MIÐI TVEIR LEIKIR

í mánuði, fyrir aðeins 1.100 krónur

**Aðalútdráttur**
hefur aldrei verið glæsilegri!

Vinningshafar eru um 3.000
í hverjum mánuði.




PIPAR\TBWA • SÍA • 110722

**Tryggðu þér miða á www.hhi.is, í síma 800 66 11
eða hjá næsta umboðsmanni.**

HÁSKÓLI ÍSLANDS
1911-2011

Háskóli Íslands fagnar nú hundrað ára afmæli sínu. Happdrættið er í eigu Háskóla Íslands og öllum hagnaði af rekstri þess hefur frá upphafi verið varið til uppbyggingar hans.

HAPPDRÆTTI
HÁSKÓLA ÍSLANDS
VÆNLEGAST TIL VINNINGS



**HELLIDEMBA Í BANGALORE** Indversk skólabörn brugðu upp regnhlíf þegar skyndilega gerði hellidembu í borginni Bangalore í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Actavis styrkir þátttöku Íslands í Bókamessunni í Frankfurt um á þriðja tug milljóna:

# Vinna með virtum forlögum

**VIÐSKIPTI** „Þetta er stærsti samstarfssamningurinn sem við höfum gert við eitt fyrirtæki," segir Halldór Guðmundsson, verkefnisstjóri Sögueyjunnar, sem heldur utan um heiðursþátttöku Íslands á Bókamessunni í Frankfurt í Þýskalandi í haust.

Tilkynnt var í gær að samheitalyfjafyrirtækið Actavis ætlaði að styðja við verkefnið, sem felur í sér þýðingu á tæplega tvö hundruð íslenskum bókum yfir á þýsku og ritun bóka þar sem Ísland kemur við sögu. Í tengslum við Bókamessuna munu íslenskir listamenn sýna verk sín og fleira til. Styrkurinn nemur á þriðja tug milljóna króna.

Halldór bendir á að verkefnið sé gríðarlega umfangsmikið, enda hafi aldrei verið farið út í aðra eins kynningu á bókmenntum þjóðarinnar og nú.

„Þetta er mjög metnaðarfull áætlun og hefur farið fram úr okkar björtustu vonum," segir Halldór og bætir við að nokkur af virtustu forlögum Þýskalands gefi bækurnar út. **- jab**




**SAMNINGURINN REIFAÐUR** Halldór kynnti samstarfssamninginn í félagi við Claudio Albrecht, forstjóra Actavis, á skrifstofu Sögueyjunnar í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Tekinn af lögreglu:

## Steig ofan á fíkniefnapoka

**DÓMSMÁL** Karlmaður á fertugsaldri hefur verið ákærður fyrir Héraðsdómi Reykjaness fyrir að hafa haft í vörslu sinni poka sem í voru þrjár e-töflur og tæp tvö grömm af kannabisefnum.

Maðurinn lét pokann falla til jarðar og steig ofan á hann þegar lögreglan hafði afskipti af honum við skemmtistaðinn Rána í Reykjanesbæ í byrjun mars.

Þá hefur annar karlmaður á þrítugsaldri verið ákærður fyrir að hafa kannabisefni í fórum sínum. **- jss**

Umdeildur stjórnmálamaður:

## Hatursummæli ekki lögbrot

**HOLLAND, AP** Hollenski stjórnmálamaðurinn Geert Wilders, leiðtogi Frelsisflokksins, var í gær úrskurðaður saklaus af hatursfullum ummælum og mismunun í ummælum sínum um íslam og múslima.



**GEERT WILDERS**

Niðurstaða réttarins var að þótt ummæli hins afar umdeilda Wilders væru vissulega til þess fallin að særa marga múslima væru þau engu að síður innan ramma laganna og ekki beintengd misrétti gegn múslimum í Hollandi.

Wilders fagnaði niðurstöðunni og sagði hana mikinn létti og sigur fyrir tjáningarfrelsi í landinu. **- þj**

Maður tekinn með fíkniefni:

## Fundu heimasmíðaða byssu

**LÖGREGLUMÁL Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu handtók í gær rúmlega tvítugan mann eftir að skotvopn fannst við húsleit á heimili hans í Hafnarfirði. Við húsleitina fannst heimagerð byssa og 22 kalíbera skot, ásamt lítilræði af fíkniefnum.**

**Lögregla telur hugsanlegt að skotvopnið hafi verið notað til að vinna skemmdarverk á ökutæki á Seltjarnarnesi, en í síðustu viku virtist hafa verið skotið á kyrrstæða bifreið þar.**

**Á staðnum þar sem byssan fannst fundust einnig gögn sem tengjast ætluðum meðlimum vélhjólahópsins Hells Angels. Hinn handtekni er grunaður um að tengjast hópnum, þó ekki sem fullgildur meðlimur.**

**Lögregla naut aðstoðar sérsveitar Ríkislögreglustjóra við aðgerðirnar.** **- jss**

# Kaflaskil í aðildarviðræðum

**Aðildarviðræður við Evrópusambandið breytast að forminu til eftir helgi þegar eiginlegar samningaviðræður hefjast, en rýniferlinu lauk í vikunni. Stór hluti samningsins er þegar í gildi á Íslandi í gegnum EES.**

**EVRÓPUMÁL**

Rýniferli aðildarviðræðna Íslands og ESB lauk í vikunni. Hver er staðan að því loknu og hvað hefur áunnist í því?

Á mánudag lauk rýniferli Íslands og Evrópusambandsins og er þá búið að bera sameiginlega löggjöf Evrópusambandsríkjanna saman við löggjöf Íslands.



**STEFÁN HAUKUR JÓHANNESSON**

Aðalsamningamaður Íslands, Stefán Haukur Jóhannesson, segir fátt hafa komið á óvart í ferlinu. Það hafi dýpkað skilning Íslendinga á reglum ESB. Í ákveðnum samningsköflum sem falla undir EES-samninginn hafi fundist atriði sem skoða þurfi nánar.

Skilningur viðsemjenda á sérstöðu Íslands hefur aukist mikið, sér í lagi í landbúnaðar- og sjávarútvegsmálum, segir hann.

„Fjöldi sérfræðinga hefur komið til landsins og séð aðstæðurnar með eigin augum. Öll þessi samskipti hafa opnað betur augu þeirra fyrir þeim atriðum sem þarf að finna lausnir á í viðræðunum," segir Stefán Haukur.

Inntur um dæmi þessa segir hann sérfræðingana hafa reynt hve öflugur íslenskur sjávarútvegur sé og hversu strjál- og harðbýlt landið sé. Þeir viti nú að aðstæður til landbúnaðar séu lítt sambærilegar því sem gerist á meginlandinu. Engu að síður sé þessi geiri öflugur og ESB þurfi að taka tillit til þess.

### Lærdómur Íslendinga

Helsti lærdómur Íslendinga í ferlinu, að mati Stefáns Hauks, var í þeim köflum sem ekki falla undir EES-samninginn, til að mynda byggða- og atvinnustefnu ESB. Þessi stefnumál ganga út á að treysta búsetu í dreifbýli, til dæmis með því að stuðla að bættri samkeppnisstöðu einstakra svæða, svo sem með nýsköpun. Stefán Haukur sér í þessu sóknarfæri fyrir Íslendinga.

### Hvalur, fiskur og bændur

Eins og við var að búast ber mest í milli á sviðum landbúnaðar, sjávarútvegs og umhverfismála, en hvalveiðar eru skilgreindar sem umhverfismál hjá ESB.

„Það kom ekkert á óvart í því," segir Stefán Haukur. Spurður hvort nokkuð sé umsemjanlegt í hvalveiðum, því mikil andstaða er við þá iðju á meginlandi Evrópu, ekki síst á Evrópuþinginu, segir Stefán Haukur að það komi í ljós síðar.

„Þetta er bara eitt af þeim atriðum sem verða tekin inn á samningaborðið," segir hann.

Á fyrirlestri Alexöndru Cas Granje, skrifstofustjóra á stækkunarskrifstofu ESB, sem fluttur var á þriðjudag, kom fram að einnig þyrfti að bæta matvælaöryggi landsmanna. Löggjöf ESB um innflutning á matvælum tekur gildi í nóvember á Íslandi.

„Þar erum við með undanþágu í innflutningi á lifandi dýrum en þar er okkar sérstaða mikil, því sjúkdómastaða íslenskra bústofna er afar góð miðað við það sem gengur og gerist í Evrópu. Við þurfum meðal annars að setja fram vísindaleg gögn um þessa sérstöðu," segir Stefán Haukur.

### Samningsmarkmið

Nú er komið að þeim kaflaskilum að sett verði samningsmarkmið af Íslands hálfu. Þeim til grundvallar er álit utanríkismálanefndar Alþingis. Þar eru ýmsar leiðbeiningar, svo sem að tryggja skuli að ágóði af sjávarauðlindinni verði eftir í landinu.



**HVALUR VERKAÐUR** Atvinnuhvalveiðar hófust að nýju á Íslandi eftir að Einar K. Guðfinnsson sjávarútvegsráðherra leyfði þær með litlum fyrirvara í janúar 2009. Evrópusambandsríkin eru lítt hlynnt hvalveiðum. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

**21 kafli af 33 þegar kominn**

Sameiginleg löggjöf Evrópusambandsríkjanna (fr: *acquis communautaire*) er kaflaskipt í aðildarviðræðum. Einn kaflinn fjallar til dæmis um stefnu og reglur sambandsins í menntunar- og menningarmálum, annar um samgöngumál og sá þriðji um frjálsa för vinnuafls.

Í rýniferlinu var löggjöf Íslands borin saman við sameiginlegu löggjöfina. Á Íslandi hefur, í gegnum EES-samninginn, þegar verið innleidd löggjöf ESB „að öllu eða mestu leyti" í 21 samningskafla af 33, segir í tilkynningu frá utanríkisráðuneytinu.

Aðildarviðræður fara þannig fram að kafli er „opnaður", það er að segja byrjað er að semja um einn ákveðinn málaflokk. Kaflanum er síðan „lokað" þegar búið er að ná samkomulagi um málaflokkinn, t.d. hvernig landið tekur upp þá löggjöf ESB eða hvaða sérlausnir það fær.

Á mánudaginn kemur, við formlegt upphaf aðildarviðræðnanna, verður tveimur köflum lokað um leið og þeir verða formlega opnaðir. Þetta er í mennta- og menningarmálum og í vísinda- og þróunarmálum. Þar þarf ekkert um að semja.

„Undirbúningsvinnan fer fram í samningahópunum og í aðalsamninganefnd. Þetta er síðan rætt betur í ráðherranefndinni um Evrópumál og haft samráð við utanríkismálanefnd Alþingis, áður en endanleg samningsmarkmið liggja fyrir," segir Stefán Haukur.

Kaflar verða ekki opnaðir fyrr en Ísland er tilbúið með markmið og þau liggja þegar fyrir í köflunum fjórum sem opnaðir verða á mánudag.

**klemens@frettabladid.is**



PIPAR\TBWA · SÍA · 111668




**SAFETRAVEL** er verkefni á vegum Slysavarnafélagsins Landsbjargar í samstarfi við opinberar stofnanir, fyrirtæki og einstaklinga sem hafa það að markmiði að bæta forvarnir og draga úr slysum í ferðamennsku og ferðaþjónustu hér á landi.

**Landsbjörg tekur á móti ferðafólki á öllum stöðvum Olís, föstudaginn 24. júní kl. 16–20.**

## 5 kr. afsláttur af eldsneyti

á þjónustustöðvum Olís um allt land í tilefni dagsins.

SAMSTARF TIL GÓÐRA VERKA

SLYSAVARNAFÉLAGIÐ LANDSBJÖRG

safetravel.is

olís

Vinur við veginn

föstudagur **Föstudagsviðtalið** Ally Dingwall, framkvæmdastjóri fiskafurða hjá matvælakeðjunni Sainsbury's

# Sjálfbær nýting er krafa dagsins

**Krafa neytenda um sjálfbæra nýtingu fiskistofna, skynsamlega fiskveiðistjórnun og tillitssemi við vistkerfi sjávar verður sífellt háværari. Dreifingar- og söluaðilar þurfa þess vegna að svara kallinu um umhverfisvottaðar sjávarafurðir. Þetta staðfestir Ally Dingwall, hjá bresku matvælakeðjunni Sainsbury's, í viðtali við *Svavar Håvarðsson.***



**ALLY DINGWALL** Skoskur sjávarlíffræðingur sem ber ábyrgð á gæðum alls fiskmetis sem selt er hjá næststærstu verslunarkeðju Bretlands. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Sæmark sjávarafurðir, sem er fiskútflutningsfyrirtæki sem annast markaðssetningu sjávarafurða frá útgerðar- og fiskvinnslufyrirtækjum víðs vegar um landið, hlaut í gær vottun samkvæmt stöðlum Sjávarnytjaráðsins, eða Marine Stewardship Council (MSC), fyrir fjögur samstarfsfyrirtækja sinna. Vottunin staðfestir að þorsk- og ýsuveiðar fyrirtækjanna fjögurra, sem öll gera út frá Vestfjörðum, með handfærum, línu og dragnót, uppfylla kröfur MSC, en vottunin byggir á ítarlegu mati íslenskra sérfræðinga undir stjórn Vottunarstofunnar Túns.

Það má segja að vottunin marki tímamót, en MSC bauð íslenskri útgerð samstarf strax árið 1996. Því var hafnað og útgerðin hefur lengst af tortryggt Sjávarnytjaráðið vegna tengsla við umhverfisverndarsamtök. Af þessu tilefni kom hingað til lands forstjóri MSC, Rupert Howes, og Ally Dingwall frá Sainsbury's en verslunarkeðjan dreifir stórum hluta af öllum þorski og ýsu sem hér veiðist á línu og handfæri.

**Risi í sölu sjávarfangs**

Sainsbury's er næststærsta verslunarkeðja Bretlands með 940 verslanir undir sínum merkjum. Dingwall setur þessa stærð fyrirtækisins í samhengi með smá tölfræði. Verslanir fyrirtækisins eru heimsóttar í 21 milljón skipti í hverri viku. Starfsmenn eru rúmlega 150 þúsund talsins.

Hlutdeild þeirra á breskum matvælamarkaði er rúm sextán prósent en hærri í sölu sjávarfangs. „Hvað sölu fiskmetis varðar þá ákváðu forsvarsmenn fyrirtækisins árið 2006 að taka upp eigið matskerfi á því hvort hráefnið sem til okkar barst stæðist þær kröfur sem neytendur gera. Okkar kerfi tekur tillit til ástands fiskistofna, fiskveiðistjórnunar viðkomandi lands og umhverfisáhrifa veiðanna. Enginn fiskur er seldur frá okkur sem stenst ekki kröfur um ábyrgar veiðar og vinnslu," segir Dingwall.

Þetta sjálfstæða umhverfisvottunarkerfi var þróað í samstarfi við vísindamenn og byrgja, að sögn Dingwall. „Þetta kerfi er til hliðar við sérstaklega umhverfisvottaðar vörur sem við seljum. Þetta á bæði við um villtan fisk og alinn. Við höfum þar hugfast hvaða áhrif fiskeldi getur haft fyrir villtar tegundir, til dæmis hvernig fóðrið er tilkomið."

**Ábyrgð og sjálfbærni**

Dingwall tekur fram að fyrirtækið gerir skýran greinarmun á merkingu orðanna ábyrgð og sjálfbærni. Hann segir það tilkomið vegna þess að neytendur séu ekki vissir um merkingu hugtakanna og almennt sé hugtakið sjálfbærni ofnotað. „Við höfum mjög skýra skilgreiningu á því hvað sjálfbærni er og það kemur fram á okkar vörum. Fyrir okkur er það vörur sem hafa hlotið MSC vottun."

Dingwall segir að vitund neytenda um sjálfbærni í verslun með fiskmeti hafi aukist mikið á stuttum tíma en ítrekar orð sín um að margt geti valdið misskilningi. „Við viljum einfalda þessi skilaboð. Þau eru þau sömu fyrir allan okkar villta fisk og þau skilaboð felast í því umhverfismerki sem við notum. Neytandinn á ekki að þurfa að vita um þýðingu merkisins í smáatriðum heldur aðeins að hann geti treyst því að merkið standi fyrir að ströngustu skilyrðum sé mætt. MSC er leiðandi á heimsvísu og skilaboðin skýr og þeim kunnug sem á annað borð láta þessi mál sig varða. Fyrirtækið viðurkennir því MSC sem það merki sem er leiðandi í heiminum."

> Ég held að neytendur séu nú þegar farnir að spyrja sig vissra spurninga ef MSC merkið er ekki að finna á umbúðunum

**Ekki fyrir okkur**

Íslensku umhverfismerki var hleypt af stokkunum á haustmánuðum 2008 með því fororði að íslenskum hagsmunum væri best borgið með séríslensku merki. Merkinu er ætlað að undirstrika sérstöðu íslenskra sjávarafurða og treysta orðspor þjóðarinnar sem ábyrgrar fiskveiðiþjóðar. Vottunarferlið er unnið samkvæmt ströngustu alþjóðlegum kröfum. Kröfulýsingar eru unnar samkvæmt leiðbeiningum Matvæla- og landbúnaðarstofnunar Sameinuðu þjóðanna (FAO) um umhverfismerkingar og vottun vegna veiða úr villtum fiskistofnum. Rétt eins og hjá MSC en talsmenn þeirra segja mikilvægt að það komist til skila að MSC og íslenska merkið séu ekki andstæður og það sé ekki spurning hvort allur iðnaðurinn velji íslenska merkið eða MSC. Spurningin sé um markaðsþörf fyrirtækja og mögulegt fyrir fyrirtæki að hafa fleiri en eina vottun.

Dingwall þekkir vel til íslenska merkisins og segir það uppfylla ströngustu kröfur. „En ef við myndum taka upp íslenska merkið myndi það aðeins flækja málin fyrir okkar viðskiptavini. Eitt merki, í okkar tilfelli MSC, á að segja alla söguna. Því er íslenska merkið ekki fyrir okkur. Mörg lönd hafa tekið upp sín eigin merki, hvort sem það er í samkeppni eða til þess að vinna með MSC, en MSC segir alla söguna og hin merkin bæta engu við."

Spurður um hvort MSC sé hafið yfir gagnrýni, sem hefur verið háværi hér á landi, segir Dingwall að ekkert sé hafið yfir gagnrýni. „Gagnrýni er af hinu góða því að hún keyrir umbætur áfram."

> Ef við myndum taka upp íslenska merkið myndi það aðeins flækja málin fyrir okkar viðskiptavini.

**Hvalveiðar**

Fiskveiðar eru pólitískar og það á ekki síst við hér á Íslandi. Hvalveiðar eru hluti af þeirri mynd. Hafa hvalveiðar áhrif á sölu íslenskra sjávarafurða á stórum mörkuðum og eru veiðarnar eins skaðlegar ímynd þjóðarinnar og haldið er fram?

„Sainsbury's hefur þá stefnu varðandi hvalveiðar að við kaupum ekki vörur af fyrirtæki sem er á einhvern hátt tengt hvalveiðum. Meirihluti neytenda í Bretlandi er á móti veiðunum og við hlustum á þær raddir."

**Ekki sama hvernig**

Sainsbury's kaupir aðeins íslenska ýsu og þorsk sem veidd eru á línu, á handfæri eða í dragnót. Með öðrum orðum fisk af dagróðrabátum eða bátum sem landa afla eftir stuttan tíma á sjó. Dingwall segir ástæðuna einfalda. „Við tókum þessa ákvörðun árið 2007. Að hluta til vegna stefnu okkar um sjálfbærni veiða og því þessi veiðarfæri taka minni meðafla. Aðallega voru það þó gæði hráefnisins sem réðu þessari ákvörðun. Við töldum þetta bestu leiðina til að uppfylla kröfur viðskiptavina okkar um gæði."

Dingwall tekur fram að Sainsbury's selji trollveiddan fisk en það nái til annarra tegunda en þorsks og ýsu.

**Framtíðin**

Hvað um framtíðina? Verður umhverfisvottun, eins og MSC, skilyrði fyrir sölu sjávarafurða á stórum mörkuðum?

„Ég held að neytendur séu nú þegar farnir að spyrja sig vissra spurninga ef MSC merkið er ekki að finna á umbúðunum", svarar Dingwall. „Við sjáum vitundarvakningu hjá okkar viðskiptavinum og í Bretlandi almennt. Ég held því að í framtíðinni verði sífellt meiri eftirspurn eftir þeim skilaboðum sem umhverfismerki stendur fyrir, ekki síst MSC af því það hefur afgerandi forystu. En gleymum ekki að vottun um sjálfbærni er ekki nóg ef gæðin eru ekki til staðar. Gæðin verða alltaf í forgrunni og þess vegna kaupum við íslenskan fisk en engin vara tekur honum fram í gæðum."


bmvalla.is

BM·VALLÁ forsteyptar einingar smellinn

Einingahúsin henta vel sem einbýlishús, orlofshús, hesthús, skrifstofur, gistihús
... möguleikarnir eru óendanlegir.

**Smellinn**
forsteyptar einingalausnir frá BM Vallá





**Helstu kostir SMELLINN húseininga:**
Styttri byggingartími
Steypt við bestu aðstæður
Yfirborð frágengið
Gott einangrunargildi
Minni fjármagnskostnaður

Smellinn einingahús eru traustur og fljótlegur kostur fyrir fólk í framkvæmdahug. Húsin eru steypt við bestu mögulegu aðstæður, reist og tilbúin á stuttum tíma og hafa í för með sér lægri fjármagnskostnað.

**Frábær byggingakostur**
*„Forsteyptar einingar gefa frelsi í hönnun og ég get verið viss um gæði steypunnar. Þess vegna vel ég forsteyptar einingar í margar af byggingunum sem ég hanna."*

Einar Ólafsson verðlaunaarkitekt hefur fjölbreytta reynslu af hönnun einingahúsa.

BM Vallá ehf.
Bíldshöfða 7
110 Reykjavík
Sími: 412 5000
Fax: 412 5001
sala@bmvalla.is

3.995
~~7.175~~

**Olíuviðarvörn, Trebitt Oljebeis 3 ltr.**
Trebitt oljebeis er öflug hálfþekjandi olíu-viðarvörn sem hindrir vel frá sér vatni, styrkir yfirborðið, ver timbrið.
7049230-33

5.990
~~9.995~~

**Viðarvörn, Gori 44+ 5 ltr.**
Hálfgegnsæ viðarvörn á allt timbur og er sérstaklega ætluð á heflaðar klæðningar og skjólveggi.
7042520-30

# VERÐ SPRENGJA

## ÚTIMÁLNING OG VIÐARVÖRN

allt að **45%** afsláttur

6.990
~~8.795~~
Lækkum til frambúðar
10 ltr.

**Útimálning Húsasmiðjan 10 ltr.**
Útimálning er ætluð á steinsteypta fleti utanhúss. Gljástig 5. Ljósir litir.
7207040

5.995
~~7.975~~
6-8 ára ending

**Þekjandi viðarvörn, Drygolin Oljedekkbeis 3 ltr.**
Olíubundin þekjandi viðarvörn, fáanleg í mörgum litum, með kröftugum sveppaeyðandi efnum. Myndar vatnsfráhrindandi filmu sem endist í 6-8 ár.
7049330-38

5.995
~~8.395~~
8-10 ára ending

**Þekjandi viðarvörn, DemiDekk 3 ltr.**
þekjandi olíu/akrýlviðarvörn með kröftugum sveppaeyðandi efnum.
7049142-61

14.995
~~18.895~~
10 ltr.

**Jotun Mur Akryl, hágæða útimálning**
Silkimött alkalíþolin 100% akrýlmálning með mjög gott veðrunar- og vatnsþol, á stein.
7049510-13

5.995
~~8.395~~

**Grunnviðarvörn Visir 3 ltr.**
glær grunnviðarvörn til notkunar á allt tréverk utanhúss.
7049441

3.995
~~4.775~~

**Jotun Terraserens 5 ltr.**
Jotun Terrasserens er kröftugt hreinsiefni sem hreinsar upp viðarfleti og fjarlægir sveppagróður, sót, grillolíur, ryk o.fl.
7158013

Látum verkin tala!

TAX FREE PALLAEFNI

TAX FREE AF ÖLLU FÚAVÖRÐU TIMBRI
OG SKJÓLVEGGJUM FYRIR SÓLPALLINN
gildir til 4. júlí

HÚSASMIÐJAN

# FRÁBÆ[R]

**TILBOÐIN GILDA 24.06 - 26.06**



PONCHO BARNASTÆRÐ
**1.495**

**Flísponcho með hettu**
Flott flísponcho með hettu.
Margir fallegir litir fáanlegir.
Fullorðinsstærð: **1.995**



BREKKUSTÓLL
**2.495**

**Brekkustóll**
Nettur og góður brekkustóll með neti.
Leggst alveg saman.
Fæst einnig með mynd af hesti.



1 STK. GEITUNGAGILDRA
**499**

**Geitungagildra**
Fæst í fjórum fallegum litum.



30% AFSLÁTTUR

VERÐ ÁÐUR: 9.995
**6.995**

**MILANO sólbekkur**
Stílhreinn sólbekkur með slitsterku efni.
Fæst í fjólubláu, limegrænu og appelsínugulu.
Stærð: B55 x L188 x H48 sm.



VERÐ ÁÐUR: 1.195
**995**

16% AFSLÁTTUR

**ASADI sandalar**
Mjúkir og góðir sandalar.
Litur: Svartur.
Stærðir: 36-46.



SÓLSTÓLL
**9.995**

**OXFORD sólstóll**
Flottur sólstóll með þykkum og mjúkum sessum úr polyester efni. Sólstóllinn er með háu baki og skemli. 5 stillingar á baki.



PROTEA VERÐ FRÁ:
**995**

ALLT AÐ 23% AFSLÁTTUR

**PROTEA viðarblómapottar**
Stærðir: Ø32 x H20 sm. **1.295,-** nú 995,-
Ø44 x H27 sm. **2.495,-** nú 1.995,-
B30 x L50 x H21 sm. **2.495,-** nú 1.995,-



6 PÖR AÐEINS:
**995**

6 PÖR

**Herra- og dömusokkar**
Góðir sokkar fyrir dömur og herra.
6 pör saman í pakka. Stærðir: 36-46.



**Gönguskór**
Vandaðir og góðir gönguskór úr vatnsheldu NUBUCK leðri.
Stærðir: 36-45.

VERÐ ÁÐUR: 9.995
**8.995**

SPARIÐ 1000



**SOFT SIDE barnasundlaug**
Frábær sundlaug í garðinn á góðu verði.
Stærð: Ø188sm. Tekur 666 lítra.

VERÐ ÁÐUR: 3.995
**2.995**

25% AFSLÁTTUR

# R KAUP!



FULLT VERÐ: 995

795

20% AFSLÁTTUR

**Blómapottur**
Úr plasti. Stærð:
Ø39 x 35 sm.

SPARIÐ 10.000



Jutlandia
Harðviður

FSC
FSC-DNK-0005

BORÐ + 4 STÓLAR
VERÐ ÁÐUR: 39.990

29.990

**OREGON borð og 4 OREGON stólar**
Fallegt sett úr gegn-heilum harðviði. Stærð á borði: Ø110 sm.
Borðið og stólana er auðveldlega hægt að leggja saman
svo lítið fari fyrir settinu í geymslunni.
Borð **16.990,-** Stóll **7.495,-**



VERÐ ÁÐUR:
1.995

1.495

25% AFSLÁTTUR

**Garðslanga**
Góð 15 metra garðslanga með stút.



2 STK.
FULL VERÐ: 2.995

1.995

SPARIÐ 1000

**Göngustafir**
Góðir, lengjanlegir
göngustafir.
Fáanlegir í
2 litum.



20% AFSLÁTTUR

VERÐ ÁÐUR:
2.495

1.995

**Flíspeysur**
Flottar flíspeysur á dömur og
herra. Nokkrar stærðir.



ALLT SETTIÐ

1.495

**Trékubbaleikur**
Skemmtilegur trékubbaleikur
á frábæru verði!

SÓLBEKKUR

6.995



**BRESCIA sólbekkur**
Fallegur, svartur sólbekkur sem hægt er að
leggja alveg saman. Stærð: B62 x L195 x
H30 sm.

RÚMFATA LAGERINN
HERBERGIÐ • BAÐIÐ • HEIMILIÐ

www.rumfatalagerinn.is

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Alþingi hættir að veita smástyrki:

## Kjötkatli lokað

Alþingismenn tóku rétta ákvörðun þegar þeir urðu sammála um að hætta að úthluta sjálfir alls konar smástyrkjum til góðra mála, eins og venjan hefur verið lengi. Eins og Fréttablaðið sagði frá í gær hefur fjárlaganefnd nú ákveðið að færa þessa úthlutun frá þinginu og í hendur sjóða, sveitarfélaga og ráðuneyta.

SKOÐUN

Ólafur Þ. Stephensen
olafur@frettabladid.is



Sjálfsagt hafa mörg verkefni sem Alþingi hefur styrkt með nokkur hundruð þúsund krónum eða jafnvel fáeinum milljónum verið þjóðþrifaverk. Á lista þessa árs kennir margra grasa; það er verið að gera upp gamla eikarbáta, útrýma lúpínu og skógarkerfli, gera byggða- og sögusöfnum til góða, styrkja lista- og menningarstarfsemi, vernda landnámshænuna og hjálpa heimilislausum köttum svo dæmi séu nefnd.

Hins vegar er alveg ástæðulaust að alþingismenn séu sjálfir að vasast í þessari styrkjastarfsemi. Í fyrsta lagi er tíma þingsins betur varið í að leggja hinar stóru línur í fjárlagavinnunni. Fjárlaganefnd, og í sumum tilvikum málefnanefndir þingsins, hefur varið allt of löngum tíma í að hitta umsækjendur um styrki og fara yfir umsóknir.

Í öðru lagi eru þingmenn ekki endilega þeir sem hafa bezta þekkingu á viðkomandi málaflokki og geta metið hvar peninganna er mest þörf. Valgerður Bjarnadóttir, þingmaður Samfylkingarinnar, hitti naglann á höfuðið þegar hún sagði í umræðum á þingi síðastliðinn vetur að hún og aðrir í þingsalnum hefðu „engin efnisleg rök til að skipta þessum fjármunum á milli margra verðugra“. Mun líklegra er að stjórnir lögbundinna sjóða, menningarráð sveitarfélaga og starfsmenn ráðuneyta hafi faglegar forsendur til að meta umsóknirnar.

Í þriðja lagi er með þessari breytingu tekin sú freisting af þingmönnum að nýta þennan kjötketil upp á nokkur hundruð milljónir til kjördæmapots og atkvæðakaupa. Oddný Harðardóttir segir í Fréttablaðinu í gær að uppi hafi verið „orðrómur“ um að „þingmenn noti þetta til að hygla sínu kjördæmi og vinum sínum jafnvel“. Þetta er kurteislega orðað. Þeir sem fylgjast náið með pólitík vita að þetta er meira en orðrómur.

Með þessari breytingu mun það loks eiga við, eins og Oddný bendir á, að stjórnsýslulög munu eiga við um þau stjórnvöld sem úthluta styrkjunum og þau geta þar af leiðandi þurft að rökstyðja úthlutanirnar. Alþingi er undanþegið stjórnsýslulögum og þarf ekki að skýra ákvarðanir sínar. Jafnframt verða væntanlega gerðar meiri kröfur til þess að styrkþegarnir sýni fram á að styrkjunum hafi verið varið eins og til var ætlazt.

Allt er þetta þess vegna í þágu gegnsæis og betri meðferðar á almannafé. Kannski sparast meira að segja einhverjar krónur, af því að Alþingi verður nízkara á „safnliðina“ þegar það getur ekki lengur úthlutað þeim sjálft.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365 miðlar ehf. STJÓRNARFORMAÐUR: Ingibjörg S. Pálmadóttir FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI: Ari Edwald RITSTJÓRI: Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is* AÐSTOÐARRITSTJÓRI: Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is*
Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. Issn 1670-3871




## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Rökrétt afleiðsla

Björn Bjarnason hefur staðið í stórræðum eftir að bók hans Rosabaugur yfir Íslandi kom út og átt í rökræðum við ýmsa aðila um bókina góðu. Nýjasta viðfangsefni Björns er enginn annar en Bubbi Morthens, en Björn gefur ekki mikið fyrir skoðanir Bubba á bókinni. Björn les ýmislegt úr orðum tónlistarmannsins, þar með talið að því fari fjarri að ríkisstjórn Jóhönnu og Steingríms hafi „búið svo um hnúta að gegnsæi ríki um þátttöku manna í viðskiptalífinu og þeir sem gengu hart fram við að tæma banka innan frá séu ekki að búa sig undir að verða þátttakendur í nýrri sveiflu.“ Mikill er máttur Bubba Morthens.



### Hið náttúrulega ástand

Ekki er öll vitleysan eins. Nú er hægt að skrá stúlkur í prinsessuskóla þar sem þær læra fágaða framkomu og snyrtimennsku. Stjórnandi skólans gefur lítið fyrir gagnrýni og segir snyrtinguna snúast um að hafa þetta „svona náttúrulegt, bara eins og þú hafir vaknað svona.“ Furðuleg ónáttúra að þurfa að farða sig svo maður virki náttúrulegur.



### Sagan endurskrifuð

Sarah Palin á hauk í horni í fyrrum prófessor við Háskóla Íslands, nú forseta landsins, Ólafi Ragnari Grímssyni, sem lýsti aðdáun sinni á Palin við dagblað í Alaska. Palin og Ólafur eiga það sameiginlegt um þessar mundir að keppast við að endurskrifa söguna; hún til að breiða yfir þekkingarleysi sitt á sjálfstæðisbaráttu Bandaríkjanna, hann til að breiða yfir aðdáun sína á útrásarvíkingum.

kolbeinn@frettabladid.is

## HALLDÓR




# Fækkum slysum á ferðalögum

Samgöngur

Hörður Már Harðarson
formaður Slysavarnafélagsins Landsbjargar

Margrét Laxdal
varaformaður Slysavarnafélagsins Landsbjargar





Miklar væntingar eru um komu erlendra ferðamanna til Íslands þetta sumarið og búast menn við að enn eitt fjöldametið verði slegið. Stórkostleg upplifun á náttúru Íslands getur hins vegar breyst í martröð á skammri stundu ef ekki er farið með gát. Alvarleg slys á ferðalöngum eru of mörg og hið sama má segja um banaslys. Orsakir þeirra eru af mörgum toga en oftar en ekki kemur þar við sögu rangur búnaður, veðurfar, vanmat á aðstæðum eða ofmat á eigin getu. Aðstæður hér á landi eru oft öðruvísi en víða annars staðar og því er nauðsynlegt að koma upplýsingum um það á framfæri við þá sem ekki eru staðkunnugir.

Slysavarnafélagið Landsbjörg, í samstarfi fjölmarga aðila, setti á laggir verkefnið Safetravel í upphafi sumars 2010 og er heimasíðan www.safetravel.is þungamiðjan í því verkefni. Þar má finna ýmis heilræði og fróðleik um góða ferðahegðan hér á landi, útbúnaðarlista og hægt er að skilja eftir ferðaáætlun sína á síðunni. Ætti þessi heimasíða að vera viðkomustaður hvers ferðamanns áður en lagt er af stað í ferðalag.

Hluti af Safetravel verkefninu er Hálendisvakt björgunarsveita, sem Slysavarnafélagið Landsbjörg hefur sinnt í nokkur ár. Hálendisvaktin felur í sér að í tæpa tvo mánuði á hverju sumri eru björgunarsveitir til taks á fjórum stöðum á hálendinu. Auk þess að sinna formlegum aðstoðarbeiðnum og útköllum eru sveitirnar ferðamönnunum innan handar.

Tölur úr hálendisgæslu Slysavarnafélagsins Landsbjargar sýna að allt að 1.000 ferðamenn þurfa því á aðstoð hálendisvaktarinnar að halda hvert sumar.

Þann 24. júní næstkomandi mun Slysavarnafélagið Landsbjörg minna ferðamenn á aðgæslu á ferðalögum. Sá dagur markar einnig upphaf hálendisvaktar björgunarsveitanna. Frá klukkan 16–20 þennan dag munu meðlimir SL vera á Olís-stöðvum um land allt, gefa góð ráð og hvetja alla til að taka þátt í því að fækka slysum á ferðalögum með því að huga að eigin öryggi.

Það er hagur okkar allra að þeir sem sækja Ísland heim, sem og þeir sem hér búa, geti átt öruggt og ánægjulegt ferðalag um náttúruperluna Ísland.

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík SÍMI: 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* FRÉTTASTJÓRAR: Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál) *hdm@frettabladid.is*
HELGAREFNI: Sigríður Björg Tómasdóttir *sigridur@frettabladid.is* MENNING: Bergsteinn Sigurðsson *bergsteinn@frettabladid.is* ALLT OG SÉRBLÖÐ: Roald Eyvindsson *roald@frettabladid.is* og Sólveig Gísladóttir *solveig@frettabladid.is*
ÍÞRÓTTIR: Sigurður Elvar Þórólfsson *seth@frettabladid.is* LJÓSMYNDIR: Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* FRAMLEIÐSLUSTJÓRI: Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*

# Allt annað mál

Í DAG



Pawel Bartoszek
stærðfræðingur

Sú yfirlýsing RÚV að stöðin myndi ekki sýna barnaþætti þar sem erlendum orðum er skotið í samræður, gjarnan í kennsluskyni, er án efa með fýlupúkalegri fréttum á þeim hluta ársins 2011 sem er að líða.

Einn slíkra þátta, Dóra landkönnuður, er gæðaefni og fjallar um Dóru sem ásamt óeðlilega glaðbeittum apa ferðast um heiminn og hittir ýmsa kvisti. Margir þeirra tala ensku. Þetta eru allt saman fullkomlega rökrétt og góð skilaboð: Í útlöndum eru útlendingar sem margir tala útlensku. Maður þarf stundum að læra útlensku til að tala við þá.

Þrátt fyrir það sem stundum var haldið fram voru þættirnir ekki skrifaðir til að kenna spænskumælandi börnum ensku, heldur öfugt, því í upprunalegu þáttunum er útlenskan spænska. Það eru sterk skilaboð, tungumál skiptast ekki í betri og verri. Við getum ekki gert kröfu um að aðrir læri ensku, eða annað tungumál sem okkur er tamt að tala, sérstaklega þegar við erum á ferðalagi. Sömu kröfu má alveg eins gera til okkar.

### Tákn um gæði

Það var tilfinningarík stund á þingpöllum þegar Alþingi samþykkti að viðurkenna táknmál sem opinbert tungumál á Íslandi. Ég get mér þess til að tárin hafi ekki verið vegna einhverra tækniatriða eða væntinga um útgjöld. Slík lagasetning er ekki síður viðurkenning sem veitir tungumálinu ákveðinn sess. Það er líklega ágætt, þótt ekki sé nema til þess að slá á fjölda ranghugmynda um táknmál, til dæmis að ekki sé um að ræða sjálfstætt tungumál heldur aðra framsetningu á íslensku, eða að táknmál sé eins alls staðar í heiminum, sem er ekki tilfellið.

### „Skoladu a ter klofid"

Notkun tungumáls er pólitískt mál. Það er ekki þannig að frönskumælandi Kanadabúar kynnu ekki að haga sér nálægt stöðvunarskyldum ef þar stæði STOP en ekki ARRÊT eða villtust ef götunöfn væru á ensku einungis.

Notkun tungumáls kemur upp um þá stöðu sem tungumálið hefur.

Sem Íslendingur sem skilur pólsku þá kemst ég ekki hjá því að upplifa stöðu pólskunnar í opinberu rými. Hún gefur oft fyndna mynd af ímynd minnar gömlu þjóðar. Dæmigerð pólsk áletrun í Reykjavík er „ekki taka vorur inna Bad," „haegt ad kojpa sígaredur her", „tjopnaður kaerður til Lögreglu". Uppáhaldið mitt er ljóðrænt skilti raftækjabúðar á höfuðborgarsvæðinu, þar sem segir einfaldlega „BAKPOKAR NEI!" Frekar augljós skilaboð, einungis á pólsku, en ekki öðrum tungumálum. Meðan ég man, af hverju notar enginn bakpoka hér á landi?

### Aðskotahlutur eða minnihluti?

Sænskumælandi Finnar eru um 6% íbúa Finnlands. Þeir gefa út eigin blöð, reka leikhús, grunn-, framhalds- og háskóla. Sænska er eitt af tveimur opinberu tungumálum Finnlands. Til samanburðar þá eru pólskumælandi íbúar Íslands um 3%. Þetta gerir pólska minnihlutann á Íslandi með stærri Pólverjaþyrpingum heims. Að sjálfsögðu miðað við höfðatöluna góðu.

Kröfur þess efnis að fjölga opinberum stofnanatungumálum á Íslandi eru sennilega varla tímabærar, né endilega mjög skynsamlegar út frá hagkvæmnissjónarmiðum. Enda þurfa sum tungumál á Íslandi frekar á einhvers konar hugarfarsviðurkenningu að halda, heldur en einhverri formlegri lagalegri viðurkenningu. Með hugarfarsviðurkenningu á ég við að fólk venjist því að fullt af fólki hér er full alvara með að tala önnur tungumál en íslensku sín á milli. Að sama skapi er það orðin raunin að fullt af Íslendingum hefur annað tungumál en íslensku að móðurmáli, og hefur ekki í hyggju að breyta því, óháð því hvort það læri íslensku vel eða ekki. Enda skipta menn ekki um móðurmál frekar en menn skipta um móður.

Í þeirri viðleitni til að standa vörð um eigin menningu megum við ekki festast í því að sjá ógn í hverjum hól. Í þeim fjölda íbúa af erlendum uppruna sem búa hérlendis og kunna önnur mál en íslensku felast mun fleiri tækifæri en hættur fyrir íslenskt samfélag. Af því fólki og tungum þess stafar okkur engin ógn. Ekki frekar en okkur stafar sérstök ógn af einhverjum íkorna með mexíkanahatt úr talsettum bandarískum sjónsvarpsþætti sem segir örfá orð á ensku, með furðulega íslenskum hreim.

# 17. júní hátíðadagskrá Fyrir hvern?

Samfélagsmál



Iðunn Steinsdóttir
rithöfundur

17. júní 2011 var enginn smáræðis hátíðisdagur. 200 ára afmæli þjóðardýrlingsins Jóns Sigurðssonar.

Veðrið var þokkalegt og ég ákvað að drífa mig niður á Austurvöll. Þar með væri ég líka búin að afgreiða göngutúr dagsins en ég bý vestast í Vesturbænum.

Ég sá fram á að verða komin á staðinn tíu mínútum áður en athöfnin hæfist og gerði mér vonir um að komast á góðan stað, jafnvel að ná mér í sæti.

En þegar inn á völlinn kom blasti við mér undarleg sjón. Stór hluti hans var afgirtur. Innan girðingar stóðu lögregluþjónar og þar var líka upphækkaður pallur með sætum fyrir forsetann og annað íslenskt fyrirfólk. En utan girðingarinnar voru líka Íslendingar, margir með börnin sín. Þeir voru eins og ég komnir til að sjá og heyra það sem fram færi. En vandinn var að fæstir sáu nokkurn skapaðan hlut. Við vorum of langt í burtu og trén sem prýða Austurvöll skyggðu líka á. Ég varð reið og fúl. Af hverju máttum við ekki fylgjast með? Var þessi hátíð ekki fyrir okkur öll? Var hún bara fyrir nokkra útvalda?

Þegar mér er misboðið á ég það til að skauta yfir lög og reglur og á endanum laumaðist ég inn fyrir girðinguna. Þar var ung lögreglukona sem stöðvaði mig. Ég spurði hvernig stæði á þessu og hún sagði að það væri gert til að tryggja öryggið. Við röbbuðum aðeins um málið og kvöddumst með vinsemd. Hún var bara í vinnunni sinni og engin ástæða til að hnýta í hana.

Ég fór að svipast um eftir hættulegu fólki. Þarna var kona með regnhlíf sem skagaði hátt upp í loft. Á henni var kóróna og mynd af trúð, sýndist mér. Svo voru einhverjir tveir með lítil spjöld, trúlega með mótmælum. Allt var þetta fólk þögult og áreitti ekki nokkurn mann.

Ég gafst upp og hélt af stað heim. Á leiðinni velti ég því fyrir mér hvað væri að gerast í þessu þjóðfélagi. Var hræðslan og hugleysið búið að ná undirtökum í þeim mæli að ekki væri þorandi að halda hátíðadagskrá fyrir almenning ef stjórnmálamenn og annað fyrirfólk væri til staðar? Ég veit ekki hverjir stjórnuðu hér og ákváðu að útiloka okkur en mér finnst þeir aumkunarverðir.

Þegar heim kom kveikti ég á sjónvarpinu og þar blasti við mér hátíðin á Austurvelli, nota bene allt sem gerðist innan girðingar.

Ég vil því gefa réttum og sléttum Íslendingum það ráð að sitja bara framan við sjónvarpið næst en reyna ekki að sýna einhverja þjóðrækni með því að fara niður á Austurvöll.

Það er ekkert fyrir okkur.

Ég býst við að þegar upp er staðið hafi ýmsir verið fúlir þegar heim var haldið og þeir höfðu misst af fjörinu. En ég er nokkuð sátt því að ég hafði allavega minn daglega göngutúr upp úr krafsinu.



# tímamót

timamot@frettabladid.is



**67 PÉTUR BLÖNDAL** alþingismaður er 67 ára í dag.

*„Óskir manna vaxa yfirleitt hraðar en tekjurnar.“*



*Ástkær móðir okkar, tengdamóðir og amma,*

**María Rannveig Elsa Vigfúsdóttir**

andaðist á Landspítalanum í Fossvogi þriðjudaginn 21. júní sl.
Útförin verður auglýst síðar.

**Daníel Hafsteinsson**
**Sævar V. Hafsteinsson**
**Hafsteinn S. Hafsteinsson**
**Berglind L. Hafsteinsdóttir**
**Sigríður Dögg Geirsdóttir**
**og barnabörn**
**Lise Lotte Hafsteinsson**
**Vivi Frösig Hafsteinsson**
**Sólveig Einarsdóttir**



*Móðir okkar,*

**Lilja Björnsdóttir,**

sem lést á Fellsenda mánudaginn 20. júní síðastliðinn, verður jarðsungin frá Kvennabrekkukirkju laugardaginn 25. júní kl. 14:00.

**Fyrir hönd aðstandenda,**

**Dagný Kristín Gunnarsdóttir og Kristbjörg Gunnarsdóttir.**



**Sigríður Ingjaldsdóttir**
sjúkraliði, Bólstaðarhlíð 44, Reykjavík,

andaðist 18. júní á deild B-4 Landspítala, Fossvogi.
Útför hennar fer fram frá Fossvogskapellu þriðjudaginn 28. júní kl. 15.00.

**Fyrir hönd vina og ættingja,**
**Hertha W. Jónsdóttir**
**Gunnar Harðarson.**



*Elskuleg móðir mín,*

**Ragnhildur Eiríksdóttir (Lilla)**
Brekkubyggð 23, Garðabæ,

lést á Landspítalanum í Hafnarfirði laugardaginn 18. júní. Útförin hefur farið fram.

**Eiríkur Arnar Harðarson.**



*Útför eiginmanns míns, föður okkar og tengdaföður,*

**Hans Ploder**

fer fram frá Dómkirkju Krists Konungs, Landakoti, þann 27. júní kl. 15.00. Jarðsett verður í Garðakirkjugarði, Garðabæ. Þökkum innilega auðsýnda samúð og vináttu.

**Jóhanna Kristín Jónmundsdóttir**
**Franz Ploder**
**Aðalheiður Auður Ploder**
**Bryndís Ploder**
**Björgvin Ploder**
**Jóhanna Ploder**
**Sigrún Waage**
**John Patrick O'Neill**
**Tryggvi Hübner**
**Svafa Arnardóttir**
**Ottó Sveinn Hreinsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

**ÞETTA GERÐIST** 24. JÚNÍ 1000

## Kristnitakan á Alþingi

Á þessum degi var kristin trú lögtekin á Alþingi á Þingvöllum. Dagsetning kristnitökunnar virðist ekki umdeild, fremur ártalið þótt almennt sé miðað við árið 1000. Fyrir þann tíma hafði kristniboð verið reynt með misjöfnum árangri.

Sumarið 1000 var upplausn yfirvofandi þar sem þingheimur skiptist í fylkingar kristinna manna og heiðinna. Hafði hvor fylking sinn lögsögumann. Þorgeir Ljósvetningagoði Þorkelsson stóð í málsvari fyrir heiðingja og Síðu-Hallur fyrir kristna.

Sammæltust þeir um að Þorgeir Ljósvetningagoði ákvæði hvor trúarbrögðin skyldu viðhöfð. Þorgeir lagðist undir feld og hvíldi þar dag og nótt. Þegar hann skreið undan feldinum gekk hann að Lögbergi og kvað upp þann úrskurð að allir menn skyldu vera kristnir. Þó var leyft að blóta á laun, bera út börn og borða hrossakjöt.

Samkvæmt Kristni sögu, í Hauksbók, á Þorgeir Ljósvetningagoði að hafa kastað goðum sínum í þann foss sem nú heitir Goðafoss á leið sinni heim af Alþingi.





**SPENNANDI AFMÆLISDAGUR** Hulda Ásgeirsdóttir leikskólastjóri í hópi leikskólabarna á Tjarnarborg, en leikskólinn fagnar sjötíu ára afmæli með pompi og prakt í dag klukkan 15. FRÉTTABLAÐIÐ/HAGW

LEIKSKÓLINN TJARNARBORG: FAGNAR 70 ÁRA STARFSAFMÆLI

# Sannkölluð karnivalstemning

Leikskólinn Tjarnarborg fagnar sjötíu ára afmæli í dag og heldur upp á daginn með pompi og prakt.

„Hér verður sannkölluð karnivalstemning,“ segir Hulda Ásgeirsdóttir leikskólastjóri. Hátíðarhöldin hefjast klukkan 15 og verður Jakob Frímann Magnússon veislustjóri. „Við reynum að nýta okkur mannauðinn í foreldrahópnum,“ segir Hulda. „Krakkarnir hafa verið að undirbúa allt, búa til fána og skreyta garðinn. Við byrjum á skrúðgöngu kringum leikskólann í furðufötum og syngjum og tröllum. Trúðar koma í heimsókn og börnin syngja lög eftir Megas, og auðvitað afmælissönginn. Tónlistarmenn stíga einnig á stokk, við fáum heimsókn frá Hinu húsinu og svo verður boðið upp á kaffi og pönnukökur.“

Leikskólinn er starfræktur í reisulegu húsi við Tjörnina í Reykjavík sem var byggt sem ráðherrabústaður Hannesar Hafstein árið 1909. Barnavinafélagið Sumargjöf keypti húsið árið 1941 og hóf þar rekstur dagheimilis, leikskóla og vöggustofu.

„Það þurfti að koma til móts við einstæðar mæður á stríðsárunum og koma börnunum fyrir,“ útskýrir Hulda. Á sama tíma var einnig starfræktur í húsinu Uppeldisskóli Sumargjafar, sem varð síðar Fósturskóli Íslands. Húsið hefur því alltaf verið undirlagt leikskólastarfi en námsmeyjar Uppeldisskólans gátu leigt herbergi í risinu. „Tjarnarborg hefur starfað í núverandi mynd frá árinu 1990. Hér eru tvær deildir, Lækur og Tjörn, en Tjarnarborg sameinaðist leikskólanum Öldukoti fyrir tveimur árum. Á Tjarnarborg eru 45 börn og í Öldukoti 43 börn, svo skólinn hefur stækkað talsvert,“ segir Hulda. Starf leikskólans byggist á uppeldisstefnunni Reggio Emilia, þar sem skapandi starf er rauði þráðurinn. Hulda segir staðsetningu leikskólans bjóða upp á mikla möguleika.

„Við erum í vöggu sögu og menningar Reykjavíkurborgar þar sem stutt er í næstu söfn, leikhús og náttúruperlur, gamla kirkjugarðinn og Hljómskálagarðinn, svo ekki sé minnst á Tjörnina sjálfa.

Hér hefur ávallt ríkt góður andi og börnin eru spennt fyrir afmælisdeginum í dag. Við bjóðum alla velunnara leikskólans velkomna.“

**heida@frettabladid.is**

*Okkar ástkæri*

**Friðrik Jens Friðriksson**
fyrrv. héraðslæknir,
Smáragrund 4, Sauðárkróki,

sem lést á dvalarheimili aldraðra, Heilbrigðisstofnuninni Sauðárkróki, laugardaginn 11. júní, verður jarðsunginn frá Sauðárkrókskirkju laugardaginn 25. júní kl. 13.00. Þeim sem vilja minnast hans er bent á Heilbrigðisstofnunina Sauðárkróki.

**Oddný Finnbogadóttir**
**Emma Sigríður Björnsdóttir**
**Alma Emilía Björnsdóttir**
**og börn**
**Björn Friðrik Björnsson**
**Iain D. Richardson**



*Elskulegur faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Sveinn Jónsson**
Höfða, Akranesi,

andaðist 16. júní. Útförin fer fram frá Akraneskirkju þriðjudaginn 28. júní kl. 14.

**Eiríkur Sveinsson**
**Jón Sveinsson**
**Jenný Una Sveinsdóttir**
**Halldór Páll Jónsson**
**Sveinn Unnar Sigurbjörnsson**
**Valur Sigurbjörnsson**
**og afabörn.**
**Hildur Eðvarðsdóttir**



**Bergljót Rist,** leiðsögumaður og hestakona, fjallar um hin einstöku litbrigði íslenska hestsins á Kjarvalsstöðum sunnudaginn 26. júní klukkan 15. Viðburðurinn tengist sýningunni Jór! – Hestar í íslenskri myndlist.



Sölufulltrúi: Jóna María Hafsteinsdóttir jmh@365.is 512 5473

EXPO · www.expo.is

Nýr matseðill

Ný upplifun

Ferskt

Fljótlegt

Fagmennska

Fyrir þig!

GEYSIR Bistro

Aðalstræti 2 / 101 Reykjavík / Sími: 517 4300 / www.geysirbistro.is

**Hægt verður að fá íslenskan Yoyo-jógúrtís við Eystrasaltið í lok júlí þegar Yoyo-ísbúðir verða opnaðar þar.**

# Íslensk ísbúð í útrás



FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Reiknað er með því að fimmtán Yoyo-ísbúðir verði opnaðar á þessu ári við Eystrasalt. Nú þegar er byrjað að innrétta þrjár í Riga í Lettlandi sem verða opnaðar seinni partinn í júlí," segir Kristján Einarsson, einn af eigendum Yoyo-ísbúðanna. Yoyo-ísbúðirnar verða að sögn Kristjáns opnaðar í Eistlandi, Lettlandi og Litháen og síðan í Skandinavíu í kjölfarið.

Kristján segir að erlendu búðirnar verði með svipuðu sniði og íslensku fyrirmyndirnar tvær. „Það verður sami ís og þeir nýta sér sömu aðferðafræði og þekkingu og við notum hér heima," útskýrir Kristján, en bróðir hans Ásgeir mun fljótlega fara til Lettlands og aðstoða við blöndun og þróun íssins. „Eini munurinn á ísnum verður mjólkin. Við höfum samt fulla trú á því að við munum ná sömu vörunni."



Spurður hvernig útrásin hafi komið til segir Kristján: „Við erum í sambandi við hóp erlendra fjárfesta i Lettlandi. Dóttir eins þeirra kom til okkar á Íslandi og benti þeim á að þetta vantaði við Eystrasaltið og í Evrópu," segir Kristján og bætir við að í framhaldinu hafi fjölskyldan sem rekur Yoyo skellt sér til Lettlands og samið um stofnun fimmtán nýrra Yoyo ísbúða.

Kristján segir að lítil jógúrtísmenning sé í Evrópu en mikill vöxtur sé í þessum geira í Bandaríkjunum, þar séu líklega um tvö hundruð jógúrtískeðjur. „Vonandi mun okkur ganga jafn vel í Evrópu og þetta gengur í Bandaríkjunum. Ég er viss um að þetta mun falla vel í kramið."

*martaf@frettabladid.is*





**Lifandi tónlist** verður alla laugardaga í sumar á veitingastaðnum 1862 Nordic Bistro í Hofi á Akureyri. Tónleikarnir hefjast klukkan 13 og verða utandyra þegar veður leyfir. Aðgangur er ókeypis og verður boðið upp á allt frá klassískum djassi yfir í brasilíska salsatóna.




Damaskussmíði, sýning á verkum Sigrúnar Guðmundsdóttur myndhöggvara, opnar í Listmunahorni Árbæjarsafns á morgun klukkan 14. Til sýnis verða hnífar og dálkar auk ljósmynda af vinnuferli og einstökum hnífsblöðum.

**minjasafnreykjavikur.is**



Álfarnir sjálfir stungu hugmyndinni að álfagarðinum að Ragnhildi og vilja vera í betra sambandi við mannfólkið. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Álfar í sínu fínasta pússi

**Álfagarðurinn opnar í Hellisgerði í Hafnarfirði í dag. Opnunin hefst á Hátíð lífsins sem er sumarhátíð álfa. Ragnhildur Jónsdóttir er í góðu sambandi við álfana í Hellisgerði og kynnir þá fyrir gestum.**

„Ég ólst upp við Hellisgerði og garðurinn var leiksvæði mitt. Þegar ég flutti aftur á æskuheimilið endurnýjaði ég kynnin við álfana,“ segir Ragnhildur Jónsdóttir myndlistarmaður. Hún ásamt fjölskyldu sinni stendur í dag klukkan 18 að opnun Álfagarðs í Hellisgerði.

Álfagarðurinn verður miðstöð álfa og huldufólks með aðsetur í Oddrúnarbæ sem er lítið hús í garðinum. Þar verður að finna upplýsingar um verur Hellisgerðis og hægt að kaupa listmuni og handverk sem tengjast garðinum og álfheimum. Þar verður einnig hægt að kaupa nesti og fá lánað teppi fyrir lautarferð. Ragnhildur mun sjálf bjóða upp á álfagöngur og verður með tvær slíkar um helgina, laugardag og sunnudag klukkan 13. „Ég skipulagði þessar göngur með einni huldukonunni og mun túlka fyrir hana. Þá eru fleiri verur sem vilja vera með okkur í þessum ferðum,“ segir Ragnhildur glaðlega og bætir við að huldukonurnar klæði sig sérstaklega uppá fyrir þessar göngur. „Já, já þær eru í kjólum sem þær saumuðu sérstaklega fyrir þetta tilefni.“

Ragnhildur segir Hellisgerði sérstakan stað. „Hér er óskemmt hraunsvæði sem var fyrir nítíu árum bjargað frá því að leggjast undir byggð. Hér er fjölbreytt flóra af álfum, dvergum og huldufólki enda hefur slíkum verum fjölgað í garðinum eftir því sem byggðin í Hafnarfirði hefur þést,“ lýsir Ragnhildur sem segir álfana sjálfa hafa fengið hugmyndina að álfagarðinum. „Það er í raun ekki nema í nokkra áratugi sem lítið samband hefur verið milli álfa og manna. Nú vilja þeir vera í betra sambandi,“ segir hún. Innt eftir því hvort álfarnir séu góðir segir hún svo vera. „Þeir sem búa í Hellisgerði eru góðviljaðir þó tveir séu reyndar pínu nöldurseggir.“

Álfagarðurinn verður opinn daglega frá 12 til 16 og eftir samkomulagi. Í dag klukkan 18 hefst opnunin á Hátíð lífsins sem er sumarhátíð álfa en einnig verður opnuð sýning á listaverkum eftir nokkra listamenn sem tengjast Hellisgerði sterkum böndum. Í dag verður einnig stofnað Hollvinafélag Hellisgerðis fyrir þá sem vilja vinna að vexti og viðgangi svæðisins.

*solveig@frettabladid.is*







## Menning í Borg

HÁTÍÐIN BRÚ TIL BORGAR VERÐUR HALDIN Í FJÓRÐA SINN NÚ UM HELGINA. ÞAR VERÐUR ÍSLENSK MENNING Í HÁVEGUM HÖFÐ.

Brú til Borgar hefst klukkan 12.30 á morgun þegar félagsheimilið Borg verður opnað og gestir geta skoðað ljósmyndir Böðvars Stefánssonar, fyrrverandi skólastjóra á Ljósafossi. Hátíðin verður formlega sett klukkan 13. Þá tekur við fjölbreytt dagskrá þar sem félagar í kvæðamannafélaginu Árgala flytja frumort efni, Guðjón Friðriksson sagnfræðingur flytur minningabrot frá sumardvöl í Klausturhólum og sungin verða íslensk sönglög. Glíma, íslenski hundurinn, búvélar og þjóðbúningar fá einnig sinn sess. Dagskrá sunnudagsins hefst klukkan 9.45 í Þrastarlundi á ferðinni Listin, lífið og landið. Klukkan 13.30 hefst í Borg, málþing um Einar Má Guðmundsson og ritverk hans um Grímsnesið. Til umfjöllunar verða þrjár bækur Einars Más um uppvaxtarár föðurfólks hans í Grímsnesinu. Aðgangur að dagskránni á laugardaginn og málþinginu er ókeypis. Nánari upplýsingar má finna á www.hollvinir.blog.is







föstudagur
FYLGIRIT FRÉTTABLAÐSINS 24. júní 2011
Unnur Ösp Stefánsdóttir
Besta leikkona ársins
• Norræni tískutvíæringurinn
• Á rúmstokknum
• Yfirheyrslan



SUMAR TILBOÐ
Panasonic TXP42UX30
42" Full HD Plasma SJÓNVARP með 1920x1080p upplausn, 600Hz Sub Field Drive, Real Black Drive 2.000.000:1 skerpu, háskerpu HDTV DVB-T stafrænum móttakara, 24p Playback, Progressive Scan, V-real Pro, Viera Link, SD/SDHC kortalesara ofl.
Panasonic
FULL HD - 600HZ
42 TOMMUR
TILBOÐ
149.995
FULLT VERÐ 179.995
HAFNARGÖTU 90 REYKJANESBÆ S: 414 1740 • EYRARVEGI 21 SELFOSSI S: 480 3700 • GARÐARSBRAUT 18A HÚSAVÍK S: 464 1600 • GLERÁRGÖTU 30 AKUREYRI S: 460 3380 • SUÐURLANDSBRAUT 26 REYKJAVÍK S: 569 1500
Heimilistæki
ht.is

# núna

✻ sól og gleði

**SNIÐUG TVÍEYKI** Þessi tvíeyki úr pivoine Flora línunni frá L'Occitane eru kjörin í ferðabudduna. Fyrra tvíeykið er á kinnar og gefur andlitinu fallegan ljóma og hið síðara er augnskuggi.





## blogg vikunnar

### Hvað finnst í fataskápnum

Lífsstíls- og tískubloggið www.stylelikeu.com er stórskemmtileg síða sem auðvelt er að gleyma sér yfir. Umsjónarmenn síðunnar heimsækja athyglisvert fólk, fá að kíkja inn í fataskápa þess og kynnast lífsspeki þess. Þeir heimsækja alls kyns fólk, námsmenn í New York, rapparann RZA úr hljómsveitinni Wu Tang Clan, listamanninn Terence Koh og ofurstílistann Lori Goldstein. Síðan samanstendur af myndum, viðtölum og ítarlegum vídeóbloggum.



### Straumar frá Sviss

Á síðunni www.playlust.net/wp er fjallað um allt mögulegt; partý, tísku, blaðagreinar og ýmislegt annað. Síðan er skrifuð á þýsku en fyrir þá sem ekki skilja það fallega tungumál er engu minna gaman að skoða myndirnar á síðunni því þar finnst ýmislegt áhugavert.



NORRÆNI TÍSKUTVÍÆRINGURINN FER FRAM Í SEATTLE Í HAUST:

# VIBSKOV OG MUNDI TIL SEATTLE

Norræni tískutvíæringurinn verður haldinn í annað sinn í Seattle þann 30. september og stendur hann yfir til 13. nóvember. Norræna húsið er stofnandi tvíæringsins en listakonan Hrafnhildur Arnardóttir sinnir starfi sýningastjóra í ár.

Að sögn Ilmar Daggar Gísladóttur, verkefnastjóra Norræna tískutvíæringsins, er markmið viðburðarins að kynna norræna hönnun fyrir umheiminum. „Tvíæringurinn er hugsaður eins og myndlistarsýning og var það sýningarstjórinn, Hrafnhildur Arnardóttir, sem sá um að velja inn þátttakendur. Valið endurspeglar hennar sýn á norræna tísku og hönnun í dag," útskýrir Ilmur Dögg og bætir við: „List Hrafnhildar er mitt á milli þess að vera tíska og listaverk og þess vegna er sérstaklega gaman að hafa fengið hana til liðs við okkur." Hrafnhildur er betur þekkt sem Shoplifter og vinnur mikið með hár og skapaði meðal annars hárskúlptúrinn sem Björk bar á plötuumslagi Medullu.

Fjöldi norrænna hönnuða tekur þátt í viðburðinum og þeirra á meðal eru Mundi, Hildur Yeoman, Aftur, Aurum, Kría Jewelry, Vík Prjónsdóttir, Steinunn, danski hönnuðurinn Henrik Vibskov, hin sænska Sandra Backlund og finnska tvíeykið Ivana Helsinki. Ilmur Dögg segist mjög spennt fyrir tvíæringnum enda sé þetta stærsta sýning á norrænni hönnun sem haldin er í Bandaríkjunum. „Þetta er alveg ótrúlega spennandi verkefni og frábært tækifæri fyrir litlar þjóðir til að blómstra. Svo skemmir ekki fyrir að við erum með stórfenglegan hóp hönnuða hérna á sýningunni." - sm



Hrafnhildur Arnardóttir



**Spennandi tímar** Ilmur Dögg Gísladóttir, verkefnastjóri Norræna tískutvíæringsins sem haldinn er í Seattle í haust, segir viðburðinn frábært tækifæri fyrir norræna hönnuði. Listakonan Hrafnhildur Arnardóttir er sýningarstjóri. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Derma ECO

Hversu hreinar eru hárvörurnar þínar?



**Derma Eco hárnæring**
Mýkir hárið og eykur glans án þess að veita fituga áferð.

**Derma Eco sjampó**
Mýkir og verndar, fyrir flestar hárgerðir

DERMA ECO LÍFRÆNT VOTTAÐAR HÚÐ- OG HÁRSNYRTIVÖRUR Á SKYNSÖMU VERÐI
– Án Parabena, ilm og litarefna –

**Fæst í Heilsuhúsinu, Fjarðarkaup, Heilsuver, Hagkaup, Árbæjarapóteki, Apóteki Vesturlands, Apóteki Ólafsvíkur, Melabúðinni, Vöruval Vestmannaeyjum, Þín verslun Seljabraut.**

Innflutningsaðili: Gengur vel ehf



**Djass á Faktorý** Húsband Faktorý mun leika á alls oddi á sunnudagskvöld.

Djasstónleikar á Faktorý:

# Djassinn dunar

Djasssveitin FaktorýFantastic, sem einnig er húsband skemmtistaðarins Faktorý, mun leika ljúfa tóna fyrir gesti á sunnudagskvöld. Sveitina skipa þeir Baldur Tryggvason, Daníel Björn Sigurðsson, Helgi Kristjánsson og Steinar Sigurðsson.

Það hefur verið þéttsetið á fyrri tónleikum sveitarinnar og því brá hún á það ráð að færa djassinn inn í nýjan hliðarsal staðarins sem rúmar fleiri gesti. Hljóðfæraleikarar og söngelskt fólk er hvatt til að mæta og spreyta sig á sviðinu með FaktorýFantastic á sunnudaginn.

Tónleikarnir hefjast klukkan 21.30 og er aðgangur ókeypis.

## ✻ augnablikið



**SUMARLEGAR** Leikkonan Kirsten Dunst og stílistinn Leith Clark voru sumarlegar og fínar er þær sóttu Wimbledon-mótið. NORDICPHOTOS/GETTY

föstudagur

**Útgáfufélag** 365 miðlar ehf. **Umsjón** Sara McMahon **Forsíðumynd** Anton Brink **Útlitshönnun** Kristín Agnarsdóttir **Auglýsingar** Sigríður Hallgrímsdóttir *sigridurh@365.is og Sigríður Dagný Sigurbjörnsdóttir sigridurdagny@365.is* **Föstudagur** Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík, sími 512 5000



the PIER
3 FYRIR 2
AF SESSUM
20% AFSL.
BORÐ
VERÐ ÁÐUR: 59.900.-
NÚ: 47.920.-
3 FYRIR 2
TILBOÐ Á PÚÐUM
MIKIÐ ÚRVAL VERÐ FRÁ: 990.-
STÓLL VERÐ ÁÐUR: 13.900.-
NÚ: 11.120.-
GARÐKANNA
390.-
KYNDILL
STÓR
490.-
STK.
STÓLL VERÐ ÁÐUR: 11.900.-
VERÐ NÚ: 8330.-
3 FYRIR 2
AF KERTUM OG
SNYRTIVÖRUM
KÖRFUR 690.-
KÖRFUR
490.-
30%
AFSL.
SÍTRÓNELLAKERTI
4 SAMAN 690.-
ÚTIKERTI
4 SAMAN
890.-
TASKA
1990.-
SVUNTA
3490.-
POTTALEPPI
290.-
PÚÐI
1990.-
ELDSTÆÐI
VAR: 39.990
NÚ: 31.920.-
20%
ÖLL SUMARHÚSGÖGN
Á 20-30% AFSL.
HITAHANSKI
490.-
SESSA
1990.-
ÖLL LÍNAN HRINDIR FRÁ SÉR VATNI!
STRANDMOTTA 6990.-
BAKKI MEÐ
FLUGNANETI
1990.-
STÓLL VERÐ ÁÐUR: 19.900.-
NÚ: 15.920.-
20% AFSL.
SERVÍETTUHRINGIR
4 STK. 490.-
ÞVOTTAKARFA
6990.-
BORÐ
VERÐ ÁÐUR: 15.900.-
NÚ: 12.720.-
SÓFI VERÐ ÁÐUR: 29.900.-
NÚ: 23.920.-
KARFA
1390.-
KARFA
1790.-
the PIER
KYNDLAR
990.-
SMÁRATORG 522 7860 • KORPUTORGI 522 7870 • GLERÁRTORGI 522 7880

# ERFITT AÐ TÚLKA SORG OG MI

**Unnur Ösp Stefánsdóttir hlaut Grímuverðlaunin fyrir leik sinn í verkinu Elsku barn í Borgarleikhúsinu og er þar með komin í hóp nokkurra af bestu leikkonum landsins.**

*Viðtal:* Sara McMahon
*Ljósmyndir:* Anton Brink

Unnur Ösp er fædd og uppalin í Reykjavík og sleit barnsskónum í Breiðholtinu. „Ég er upprunalega úr „gettóinu“ eins og margt eðalfólk í kringum mig. Það virðist vera taug tengd listinni sem á uppruna sinn í Breiðholtinu,“ segir hún. Unnur Ösp hefur að eigin sögn leikið frá blautu barnsbeini og á menntaskólaárunum var hún meðlimur í leikfélagi Menntaskólans við Hamrahlíð. Í leikfélaginu kynntist hún einnig núverandi eiginmanni sínum, leikaranum Birni Thors, og hafa þau verið saman í nær fjórtán ár. „Bráðum höfum við verið saman meiri hluta ævinnar, sem er skrítin tilhugsun, en gleðileg,“ segir hún brosandi og bætir við að það sé mikill kostur að þau hjónin starfi innan sama fags því þau leiti mikið hvort til annars í starfi sínu og sýni viðkvæmum hliðum þess gagnkvæman skilning.

## FYRSTI SIGURINN

Grímuverðlaunin voru veitt í síðustu viku og var Unnur Ösp valin besta leikkona í aðalhlutverki. Þetta eru hennar fyrstu leiklistarverðlaun og segist hún afar stolt af því að vera nú komin í hóp með sínum uppáhaldsleikkonum. „Það er eiginlega fjarstæðukennd tilhugsun að vera komin í hóp með Eddu Heiðrúnu Backman og fleiri fyrirmyndum mínum sem ég ólst upp við að dást að. Þetta eru held ég fyrstu verðlaun sem ég vinn á ævinni, fyrir utan einhverja ljóðasamkeppni sem barn. Ég er engin afrekskona, var aðallega á varamannabekknum í handboltanum og dróst aftur úr í kapphlaupum á skólamótum. Það var því ljúft að vinna eitthvað,“ segir hún og hlær. Hún tekur þó fram að sér hafi alltaf fundist skrítið að hægt sé að keppa til verðlauna í listgreinum. „Ég held að helsti tilgangur svona verðlauna sé að vekja athygli fólks á listinni og fá fleiri til að mæta í leikhús, kvikmyndahús og til að lesa fleiri bækur. En auðvitað er maður stoltur þó svo það megi ekki taka svona of alvarlega.“

Aðspurð viðurkennir Unnur Ösp að sigurinn hafi komið henni á óvart enda hafi sýningin verið lítil og sýningar fáar. „Þetta kom mér á óvart þar sem við gátum aðeins sýnt Elsku barn í skamman tíma og sýningin fór því ekki hátt. Borgarleikhúsið mun hins vegar taka hana aftur til sýninga næsta vetur. Ég lít á þetta fyrst og fremst sem hrós, þetta er lang stærsta hlutverk sem ég hef fengist við og auðvitað er maður ánægður þegar einhverjum líkar vinna manns.“

Leikverkið Elsku barn fjallar um unga móður sem sökuð er um að hafa myrt börn sín tvö og situr í fangelsi vegna þessa. Unnur Ösp segir hlutverkið það erfiðasta sem hún hefur tekið að sér því fátt sé erfiðara fyrir móður en að kafa ofan í þær tilfinningar er tengjast barnsmissi. „Ég er sjálf móðir og það var því ansi krefjandi að reyna að setja sig í spor móður sem annars vegar hefur misst bæði börn sín, og hins vegar situr í fangelsi grunuð um að hafa myrt þau. Á meðan á sýningum stóð þurfti ég að lifa með þessari konu, halda með henni og reyna að fá áhorfendur til að finna til samúðar með henni þrátt fyrir fortíð hennar. En þetta er það sem gerir leiklist svona spennandi að mínu mati, maður sprengir utan af sér sína öryggisramma og kafar ofan í mannlegt eðli.“

## SÉRSTÖK VINNA

Unnur Ösp viðurkennir að leiklistin geti verið sérstök vinna og segir algengustu spurningar fólks varðandi leiklistina vera hvernig leikarar fari að því að muna svo mikinn texta og kyssa aðra en maka sinn. „Ég er mjög meðvituð um hvað þetta getur verið skrítin og sérstök vinna fyrir fólk sem þekkir lítið til hennar. En það er minna mál að eiga að vera ástfangin af sjarmerandi mótleikara en að túlka mikla sorg og missi. Það er ekki alltaf fyrirsjáanlegt hvað vefst mest fyrir manni í þessari vinnu. Það hefur verið sagt að leikarar ættu allir að sækja sálfræðitíma því við séum eins og hús sem alltaf er verið að flytja inn og út úr. Persónur leikverkanna ferðast um huga manns og maður þarf að vera í góðu jafnvægi til að geta aðgreint sig algerlega frá persónunum að leiknum loknum. Svo er það auðvitað gagnrýnin, það þurfa ekki allir að venjast því að lesa um það í blöðunum hvernig þeir standa sig í vinnunni. Maður þarf að vera ansi tilfinningakaldur ef maður á ekki að láta slæma gagnrýni á sig fá,“ útskýrir hún.

> *Það eru ekki allir sem þurfa að venjast því að lesa um það í blöðunum hvernig þeir standa sig í vinnunni.*

Frægðin er einn fylgifiska leiklistarinnar en Unnur Ösp segist lítið finna fyrir henni. „Hér heima kannast allir hver við annan hvort sem þeir eru þekktir eða ekki, þetta er svo örsmátt samfélag. Það var aftur á móti afar undarlegt þegar ég fór með Vesturporti og Borgarleikhúsinu til London í vetur að leika Faust. Þá lenti ég reglulega í því að vera stoppuð úti á götu og beðin um eiginhandaráritun eða myndatöku. Það voru mjög „absúrd“ kringumstæður,“ segir hún.

## BESTA HLUTVERKIÐ

Unnur Ösp og Björn eiga saman soninn Dag sem er fjögurra ára gamall og segir Unnur Ösp að móðurhlutverkið sé hennar uppáhalds hlutverk. „Líf manns fær dýpri tilgang þegar maður verður foreldri. Þegar ég var á Grímunni um daginn hugsaði ég um það eitt að komast heim til að knúsa strákinn, mig langaði ekkert út að dansa og fagna.“

Þrátt fyrir miklar vinnutarnir og óreglulegan vinnutíma hafa hjónin náð að skapa sér og syninum nokkuð eðlilegt fjölskyldulíf. „Við reynum að forgangsraða og taka tarnir til skiptis þannig að við séum ekki undir miklu álagi á sama tíma. Vinnutíminn er leiðinlegur fyrir fjölskyldufólk en við pössum okkur að elda alltaf saman á kvöldin fyrir sýningar og þannig höfum við náð að skapa okkur heilbrigt fjölskyldulíf,“ útskýrir Unnur Ösp.

## MÖRG JÁRN Í ELDINUM

Unnur Ösp er nú í fyrsta sinn á leikferlinum fastráðin við leikhús og segir mikið öryggi fylgja því. Hún sinnir þó ýmsum störfum samhliða leikstarfinu og er nú að skrifa sitt fyrsta handrit að sjónvarpsþáttum með vinkonu sinni og samstarfskonu, Nínu Dögg Filippusdóttur. Þættirnir munu fjalla um kvenfanga og líf þeirra innan fangelsisveggja. „Við erum búnar að vinna að þessu í tölu-verðan tíma, það er algjör tilviljun að Elsku barn skuli fjalla um það sama og þessi skrif okkar. Við urðum skelfdar af þeirri staðreynd að mæður ungra barna sitja sumar í fangelsi. Aðstæður þeirra og brostnar vonir urðu okkur innblástur í að skrifa seríu sem okkur finnst skipta máli í samfélagsumræðunni. Eins er kvikmyndagerð mikill strákabransi og stundum lítið um bitastæð kvenhlutverk og okkur langaði að skrifa handrit sem inniheldur fullt af athyglisverðum kvenhlutverkum og hafa þannig bókstafleg áhrif á framboðið,“ útskýrir hún.

Jón Páll Eyjólfsson leikstýrði Unni Ösp í Elsku barni og til stendur að hún taki að sér annað hlutverk í nýju verki í hans leikstjórn. Verkið nefnist Eldhaf og er eftir Wajdi Mouawad og verður sett upp í Borgarleikhúsinu á



*Í hópi þeirra bestu* Unnur Ösp Stefánsdóttir hlaut Grímuverðlaunin fyrir leik sinn í verkinu Elsku barn og er þar með komin í hóp með bestu leikkonum landsins.




# SSI



næsta leikári. „Þetta verk hefur farið sigurför um heiminn, verið sýnt á yfir hundrað stöðum og er nú frumflutt á Íslandi. Þetta er gríðarlega áhrifarík saga konu frá Mið-Austurlöndum og spannar alla ævi hennar. Ég er mjög spennt fyrir þessu verkefni enda snerti lestur þess mig mikið og sagan er með því magnaðra sem maður hefur lesið.“

Leikarar Borgarleikhússins eru nú komnir í sumarfrí og er Unnur Ösp þar á meðal. Hún segist ætla að njóta þess að eyða sumarfríinu í afslöppun í stað vinnu. „Við ætlum að nota tímann í að rækta garðinn okkar og taka húsið svolítið í gegn. Svo ætlum við að ferðast um landið, heimsækja vinafólk okkar í Svíþjóð og bara njóta þess að slappa af og gera sem minnst svona til tilbreytingar,“ segir hún að lokum glaðlega.

## * myndaalbúmið



Með leikkonunni Maríönnu Clöru, einni bestu vinkonu minni, baksviðs í Killer Joe árið 2007.



Smjörþefur af stjörnulífi. Með Jude Law í London árið 2010.



Sem Greta í Faust í uppsetningu Vesturports og Borgarleikhússins árið 2010.



Hér er ég að taka við Grímuverðlaunum í Borgarleikhúsinu hinn 16. júní. MYND/JORRI







**Maternity er ný lína frá Oroblu**
sem var að koma á markað og eru meðgöngusokkabuxur sem styðja vel við maga, bak og fætur á meðgöngunni. Eru einstaklega þægilegar og veita góðan stuðning, sérstaklega þegar líða tekur á meðgönguna. Eru til í 40 denum í svörtum og nude litum eru því mjög fallegar með pilsum og kjólum, en henta einnig mjög vel undir buxur, leggings og litaðar sokkabuxur. Gerir ófrískum konum því mögulegt að klæðast hverju sem er og vera enn glæsilegri á meðgöngunni, ásamt því að auka vellíðan.


Naomi Campbell hannar gallabuxnalínu:

# Fyrirsæta í nýtt hlutverk

Ofurfyrirsætan Naomi Campbell hefur verið fengin til að hanna gallabuxnalínu fyrir ítalska tískumerkið Fiorucci. Sögur herma að línan verði frumsýnd á herratískuvikunni í Mílanó sem fram fer um þessar mundir.

Fiorucci náði miklum vinsældum á áttunda áratugnum en vinsældir fyrirtækisins hafa dalað síðan þá og mun þetta vera liður í því að blása svolitlu lífi í merkið. Fiorucci var nýverið keypt af ítalska fyrirtækinu Ittierre sem rekur meðal annars tískuhúsin Balmain og Galliano. Mörgum kann þó að þykja undarlegt að Fiorucci hafi valið Campbell til starfsins þar sem fyrirsætan klæðist sárasjaldan gallabuxum. Enn er ekki vitað hvort línan verður á herra eða hvort hún verður fáanleg utan Ítalíu.

Campbell reyndi síðast fyrir sér sem hönnuður árið 2008 þegar hún hannaði línu fyrir brasilískt fatamerki. Sú lína var aðeins seld í Brasilíu og vakti ekki mikla athygli. Það verður því forvitnilegt að sjá afrakstur samstarfs Campbell og Fiorucci. **- sm**




**Nýtt hlutverk** Ofurfyrirsætan hefur tekið að sér að hanna gallabuxnalínu fyrir ítalska tískumerkið Fiorucci. NORDICPHOTOS/GETTY


# Sumarsprengja



50 - 70% afsláttur

Engin vara á yfir 9.990 kr

OPNUNARTÍMI
MÁN-FÖS 10-18
LAU 11-17
S. 572 3400

FJÖRÐUR
www.fjordur.is

Herra hafnarfjörður

Firði, Hafnarfirði • Sími 572 3400




**Góð kaup** Hægt er að gera góð kaup í Fellsmúlanum um helgina. Tískumerkin Mundi, Forynja, E-Label og Birna halda þar lagersölu.

Lagersala í Fellsmúla:

# Hönnun fyrir alla

Tískumerkin Mundi, Forynja, E-Label og Birna halda lagersölu í Fellsmúla 28, við hliðina á góða hirðinum, í dag og á morgun.

Til sölu verða sýnishorn af hönnun tískumerkjanna, bæði ný og gömul, og verður allt að áttatíu prósent afsláttur af vörunum. Áhugafólk um íslenska hönnun ætti því að gera sér ferð í Fellsmúlann um helgina og gera góð kaup. Gamanið hefst klukkan 10.

## Á RÚMSTOKKNUM

*Sigga Dögg kynfræðingur*

## Sjálfsfróun og kynhneigð

?Hæ Sigga, mig langar að vita hvað er að vera bi-curious og hversu mörgum líður þannig? Er þetta algeng tilfinning og fylgir fólk henni eftir?

**Svar:** Til að svara flókinni spurningu á einfaldan hátt þá er mjög algengt að hugsa kynferðislega um aðila af sama kyni. Kynhneigð og kynhegðun fer ekki alltaf saman. Kynhneigð er flókið fyrirbæri sem þarf að skoða út frá hegðun og tilfinningum, sérstaklega ef viðkomandi er óviss um kynhneigð sína. Það virðist vera algengara að konur séu forvitnar um kynlíf með öðrum konum. Þá telja sumir að um þriðjungur gagnkynhneigðra kvenna hafi haft kynferðislegar hugsanir og/eða upplifanir með öðrum konum. Það sama virðist ekki gilda um karlmenn og eru þeim settar töluvert þrengri skorður. Þetta getur haldist í hendur við hversu opinskátt fjallað er um málið í samfélaginu. Einnig spila inn í viðhorf líkt og fordæming, til dæmis að gagnkynhneigðir karlar geti ekki verið með öðrum körlum, og tískubylgjur, líkt og að það sé „flippað“ að gagnkynhneigðar stelpur fari í sleik hver við aðra. Þá eru til þeir sem neita að flokkast undir ákveðna kynhneigð og verða ástfangnir af viðkomandi einstaklingi, óháð líffræðilegu kyni hans.



?Sæl Sigga Dögg, Fyrst vil ég hrósa þér fyrir skemmtilega og fræðandi pistla. Mig langaði að athuga hvort þú sætir á einhverjum ráðum fyrir konur á miðjum aldri sem finna til lítillar kynlífslöngunar? Ég er ein slík og er dagamunur á hvort það pirrar mig eða ekki, stundum langar mig að finna fyrir þessari nánd með manni mínum sem kemur í kjölfar samlífs, aðra daga leiði ég hugann lítið að þessu.

**Svar:** Margt getur spilað inn í kynlífslöngun. Ein rannsókn sýnir að líkamsímynd hafði sterkari áhrif á kynlífslöngun og kynferðislega ánægju en breytingaskeiðið! Því gæti verið áhugavert fyrir þig að skoða þína líðan í því samhengi. Umdeildur ástralskur kynfræðingur líkti kynferðislegri löngun kvenna við hringrás sem byggir á samspili tíðni kynferðislegrar hegðunar og hugsana. Því oftar sem þú stundar ánægjulegt kynlíf, hvort sem er ein eða með maka, því meiri verður löngunin. Þannig skapast jákvæð endurgjöf því jákvæðar afleiðingar kynlífs, líkt og afslöppun, nánd og vellíðan, auka líkurnar á að þú viðhaldir hegðuninni. Sami kynfræðingur taldi einnig að konur ættu að leyfa sér að hugsa um kynlíf og njóta þess þegar þær finndu til löngunar. Hér er sjálfsfróun mikilvæg. Rannsóknir hafa sýnt að konur stunda síður sjálfsfróun en karlar og það getur á vissan hátt útskýrt minni kynlífslöngun. Þá vil ég mæla með að þú prófir sleipiefni með næstu atlotum þar sem það hefur sýnt sig að það geti bætt kynferðislegan unað beggja aðila. Nú er mál að leyfa sér að eiga notalega stund með sjálfri þér og þegar þú ert tilbúin, að bjóða makanum með.

*Sendu Siggu Dögg póst með spurningum eða óskum um umfjöllunarefni.*
*Netfangið er kynlif@frettabladid.is*


Pantaðu þér
hand og fótsnyrtingu
og fáðu litun og plokkun
FRÍTT MEÐ
Verð: 12.900 kr.




Victoria Salon & Spa Laugavegi 178 Sími: 611-5500


HR
HELENA RUBINSTEIN
MEIRA EN BARA MASKARI
VOPN FYRIR FULLKOMNA TÆLINGU
NÝR MASKARI
LASH QUEEN
FATAL BLACKS
LYFTIR AUGNHÁRUNUM - HRÍFANDI ÞÉTTLEIKI
HR
LASH QUEEN
FATAL BLACKS



## YFIRHEYRSLAN

**Ragnheiður Harpa Leifsdóttir, nýútskrifuð úr Fræði og framkvæmd í Listaháskóla Íslands.**



**Háir hælar eða flatbotna skór:** Háir hælar í dans, glæsilegheit og alvarleika. Flatbotna í allt þess á milli.



**Ómissandi í snyrtibuddunni:** Góður varalitur.

**Uppáhaldsliturinn:** Vínrauður.

**Hver eru nýjustu kaupin?** Gullfallegt götuhjól með körfu og geimfarareiðhjálmur.

**Hvað dreymir þig um að eignast?** Fljúgandi hjólabretti, æskudraumur.

**Hvaða lag kemur þér í gott skap?** Dirty Gold með lagið California Sunrise.

**Uppáhaldshönnuðurinn:** Þyrí Huld Árnadóttir.

**Uppáhaldsdrykkurinn:** Gojiberjasafi.






Ótrúlegt verð frá

106.900 kr.

Beint morgunflug með Icelandair

Costa del Sol & Tyrkland

**Costa del Sol** 5. júlí í 14 nætur

**Tyrkland** 2. júlí í 14 nætur

Heimsferðir bjóða ótrúleg sértilboð á allra síðustu sætunum í sólina. Í boði eru frábærar ferðir til okkar vinsælustu áfangastaða, Costa del Sol á Spáni og Bodrum á Tyrklandi. Gríptu þetta einstæða tækifæri og tryggðu þér frábært sumarfrí á ótrúlegum kjörum. Fjöldi gististaða á sértilboði á hverjum áfangastað.

Um mjög takmarkaðan fjölda flugsæta er að ræða.

Fyrstur kemur, fyrstur fær!

Costa del Sol

**Frá kr. 106.900 í 14 nætur**

m.v. tvo fullorðna og tvö börn í íbúð á Aguamarina 5. júlí í 14 nætur.
Verð 135.900 kr. m.v. tvo fullorðna í studioíbúð á Agumarina 5. júlí í 14 nætur.

**Frá kr. 133.900 í 14 nætur með allt innifalið**

m.v. tvo fullorðna og tvö börn í fjölskylduherbergi á Roc Flamingo/Griego Mar með allt innifalið 5. júlí í 14 nætur.

Verð 164.400 kr. mv. 2 fullorðna í herbergi á Roc Flamingo/Griego Mar með allt innifalið 5. júlí 14 nætur.

Tyrkland

**Frá kr. 159.800 í 14 nætur**

m.v. tvo fullorðna og tvö börn í fjölskylduherbergi á Club Shark **** í Bodrum, 2. júlí í 14 nætur.
Verð 189.900 kr. m.v. tvo í herbergi á Club Shark **** í Bodrum, 2. júlí í 14 nætur





Ath. verð getur hækkað án fyrirvara!

Kynntu þér gististaðina á www.heimsferdir.is

ENNEMM / SIA • NM47163 Birt með fyrirvara um prentvillur. Heimsferðir áskilja sér rétt til leiðréttinga á slíku. Ath. að verð getur breyst án fyrirvara.

Skógarhlíð 18 • 105 Reykjavík • Sími 595 1000 • Akureyri sími: 461 1099 • www.heimsferdir.is

Heimsferðir

Frábært tæki í bílinn!

Pioneer



DEH-4300UB
4X50 W MOSFET magnari
Útvarp með 24 stöðva minni FM/MW/LW
USB og Aux in tengi á framhlið,
Mismunandi litir á skjá og hnöppum
Spilar MP3, WMA, CD-R, CD-RW
iPod og iPhone Ready
**Verð kr. 35.900,-**

ORMSSON
LÁGMÚLA 8 · SÍMI 530 2800
www.ormsson.is
UMBOÐSMENN UM LAND ALLT

## 250-499 þús.



Til sölu Toyota Avensis '98. Nýsk. '12. Ný tímareim, dekk o.fl. Ek. 200km. Verð 490þ. Uppl. í s. 618 8458.



WV polo 97', nýsk 2012, sjálfsk, mikið yfirfarinn, ek 118 þús. km. verð 350 þús. Uppl. í síma 618 8458.

Suzuki Jinmy árg. 2000 til sölu. Keyrður 84000 km. Gulur á litinn. 691 4202

**Tilboð 195Þ**
Rúmgóður fjölskyldubíll Renoult Megan senic árg 2000, fimm gíra, fimm dyra, fjarlæsingar, skoðaður 2012, ek. 190 þús. Eyðslugrannur bíll á tilboði 195 þús. Sími: 891 9847.

## Bílar óskast

**Bíll óskast á 25-250þús.**
Má þarfnast lagfæringa. Hringdu S. 615 1810 eða sendu sms.

## Fornbílar

Til sölu Cadillac El Dorado Convertible Árg. 74' sjá bilverkba.is bílar til sölu. S. 899 5424.

Til sölu1970 árg af Bens húsbíll 508D með 6 cil.vél. Svefnaðst.f.3. Með eldavél,ískáp, vask, WC og miðstöð. Flottur nýskoðaður húsbíll tilbúinn í ferðalagið. Verð 950.þús. Uppl. í s. 894-2009

## Sendibílar




Allar stærðir sendibíla. Nýja Sendibílastöðin sími 568-5000.



Til sölu flutninga bifreið, MAN L72. árg. '00. Burðargeta 7775. Óskum eftir tilboðum í drossíuna. Möguleg skipti á minni sendibifreið. Uppl: 861 9448 Tryggvi.

## Húsbílar



Til sölu er húsbíll Ford E350 árg.'91 ek. 89 þs. mílur. Svefnpláss fyrir 6 manns Verð 2950 þs. Uppl. í s. 564 4215 kl. 20-21.



Til sölu fullbúinn Chevrolet húsbíll. Bensín, 8 cyl 350. Árg. 81' Fjórhjóladrif. Vaskur, eldavél, ísskápur og miðstöð, snúningsstólar og rúm. Litur vel út. Tilbúinn í ferðalög. Engin bifreiðagjöld. Verðhugmynd 990 þús. Skipti ath. S.893-5201

## Mótorhjól






Mótorhjól til sölu. Honda VTX1300S. Árg. 2006. Svart. Fullt af aukahlutum. Verð 1390þ. Engin skipti. Uppl. í S: 863 5306



Mótorhjól til sölu. Honda CB600F Hornet Nýskr. 06/2011. Silfur/svart. Verð:1040þ. Engin skipti. Uppl. í S: 863 5306



Til sölu Yamaha MT01 1700cc árgerð 2005 ekið 21000 Verð Kr 1150stgr Uppl í síma 8646201

Til sölu Yamaha R6, árg.2005, rautt, ek.11 þ.km. Rautt gler og neon ljós, flækjur og power commander. Ný dekk, nýr rafgeymir og hjólið er mjög vel með farið. Verð 850 þús. uppl. í síma 6948774

## Fjórhjól




Eigum til úrval nýrra og notaðra fjórhjóla. VDO Verkstæðið Borgartún 36 S: 588 9747 www.vdo.is

## Reiðhjól




## Kerrur



155.000 kr. fyrir Þýska gæðakerru frá HUMBAUR. Innanmál: 205x110x30 cm. Burðargeta 620 kg. og 750 kg heildarþyngd. Gott úrval af kerrum á lager. HUMBAUR umboðið á Íslandi, www.topplausnir.is Lyngás 8, Garðabæ, s: 517 7718



**Sumartilboð á kerrum**
Brenderup 3250S - 250x142x35cm - 750kg - TILBOÐSVERÐ 260.000,- Skoðaðu úrvalið inni á heimasíðunni okkar www.Lyfta.is - 421 4037 - Njarðarbraut 1k - Reykjanesbæ.

## Hjólhýsi



Hjólhýsi til sölu í Þjórsárdal. Nýtt fortjald, pallur, sólarsella, heitt og kalt vatn og geymsluskúr. Uppl. í s. 895 9847.



Til sölu Adria 513up árg. '06 Alde hitakerfi, útvarp / CD, sjónvarpsloftnet. Húsið er útlitsgallað á vinstra framhorni og fæst því með góðum afslætti ás. v. á svona hús er 2,5m en þetta fæst á innan við 2m. Uppl. í 840 9122 e. kl.18.



Caraveller California 500. Stórt fortjald, rafmagns- og gashiti, ísskápur, klósett og margt fl. Mjög vel með farið. 1.700þús. Uppl í s 899 6582 og 824 1089

## Fellihýsi



Peningaskápar í sumarbústaðinn, húsbílinn og hjólhýsið. Stærð: 24x30x20 cm. verð 17.903 kr. www.topplausnir.is Lyngás 8, Garðabæ, s: 517 7718



Cheyenne 10fet, 6-8 manna h/k Vatn,fortjald,sella og hlaðið aukahlutum. Uppl. í s. 899 0906



Til sölu fellihýsi VIKING 1706 EPIC 1999 árg. 8,5fet. Upphækkað á loftpúðum, Fortjald. Uppl. í síma 862 1717.



A hús Expendion árg'06. Sólarsella, rafm. 12/220 V, útvarp, rafmagnsofn, 2 gask., stórt geymslubox, gasmiðst., TV loftnet, lesljós, svefnpl. fyrir 4 o.fl. Hús í topp ástandi. Ásett verð 2.480 þús. Uppl. í s. 899 7725

Coleman Cheyenne árg'01. Eitt með öllu. Mjög lítið notað. Vert að skoða. Geymt inni á veturna. Verð 1,200þús. Uppl í s 899 6898. Oddný.

Til sölu Yarling fellihýsi m/geymslukistu, fortjaldi og ofn til að hita fortj. árg.'06, pláss fyrir tvo rafgeyma og tvo gaskúta. Lítur vel út. Ásett verð 1750þús. Uppl. gefur Bragi í s. 898 2766.

## Vinnuvélar







Til sölu Ferro sjálfreisandi byggingarkrani árg.01 Uppl. 8982766 Bragi

## Bílaþjónusta




MOTHERS Bón & Bílhreinsivörurnar fást hjá WWW.MOTHERS.is og hjá Höfðabílum Fosshálsi 27 fyrir ofan Ölgerðina S.8982832 eða mothers@ mothers.is

## Hjólbarðar



Dekk og felgur undan Dodge Ram 2500 til sölu. Stærð 265/70/17. S: 6998370.

**Þarftu að láta hjólastilla bílinn?**
Við notum fullkomna hjólastillitölvu. Fullkomin smurstöð, fullkomið dekkjaverkstæði. PITSTOP, S: 565 2121 Hjallahrauni 4, 220 Hafnarfirði.

## Varahlutir

**VW, Skoda, Audi, Pajero - varahlutir S: 534 1045**
Varahlutir í VW, Skoda og Audi bíla. Kaupum bíla til niðurrifs. Sérhæfum okkur einnig í viðgerðum á sömu tegundum. Bílabúið, Kaplahrauni 11 220 hfj.

**Bílhlutir, Kaplahrauni 14, S. 555 4940.**
Sérhæfum okkur í Volkswagen, Skoda og Daihatsu. Eigum einnig varahluti í fleiri tegundir bíla. Kaupum bíla til niðurrifs.




Kaupum Toyota bíla. Opið virka daga 9-18. Við erum þjónustuaðilar fyrir Úrvinnslusjóð. Eigum bíla til sölu. Bílapartar, Grænamýri 3, Mosfellsbær.




**Bílapartasala**
Höfum opnað varahlutasölu með notaða varahluti í nýlega bíla www. netpartar.is

Partasalan SU-MI Smiðjuvegi 11. Sonata 97, Impreza 99 og Skoda felicia 99, Peugeot 306 99, 206 og 406 ST. Nissan Almera 97, Ford 250 99, Megane 01. Opel Vectra '98 Kaupi bíla til niðurrifs. Sími 661 5270.

Varahlutir í VW Golf, Polo,Yaris, Skoda Oktavia árg. '03 og Kangoo. Viðgerðir. Gírkassar. Bremsuviðgerðir, renni diska og skálar. Kaupi bíla. Uppl. í s. 892 7852.

Partatorg.is Notaðir varahlutir í ýmsar gerðir nýlegra bíla. partatorg@ partatorg.is 565-6020.

## Bílaleiga



9 manna hópferðabíll til leigu. Bílaleigan Jökull s: 571 2240.

# ÞJÓNUSTA

## Pípulagnir

**Faglærðir Píparar**
Tökum að okkur viðhald og nýlagnir, vönduð vinnubrögð mikil reynsla. Pípulagnaþjónusta Reykjavíkur S: 770 4499.

## Hreingerningar




Hreingerningar - Bónun - Bónleysing Flutningsþrif - Þrif eftir iðnaðarmenn thvegillinn.is - Stofnað 1969 Traustir og vanir menn.

**A-Ö Þrif&Hreinlæti S. 662 0662**
Hreingerningar, Flutningsþrif, Gólfbónun, Teppahreinsun og Húsgagnahreinsun.

## Garðyrkja







Tökum að okkur allt sem viðkemur garðinum, auk allrar almennrar smíðavinnu - lögg. húsasmíðameistari. Vanir menn, snör handtök. Sælugarðar s. 824 1238.







Útsala af trjám og runnum í öllum stærðum í allt sumar. Garðplöntustöðin Gróandi Grásteinum - 271 Mosfellsbær - Sími 566 7339.






**Er öspin til ama ?**
Sérhæfðir í trjáfellingum. Ábyrgðartryggðir. Uppl. í s. 773 0317.






Smávélaviðgerðir, viðgerðir á utanborðsmótorum: Garðsláttuvélar, sláttuorf, sláttutraktorar, jarðvegsþjöppur, Gokartþjónusta, keðjusagir, rafstöðvar, einnig viðgerðir á fjórhjólum. JS Vélaverkstæði. S. 554 0661.

**MOLD**
Grjóthreinsuð og sandblönduð garðamold til sölu. Seld í rúmmetrum á kerrur og palla, keyrð heim sé þess óskað.
VERKTAKAR MAGNI EHF.
Sími: 660 6101

**Trjáklippingar**
Trjáfellingar og runnaklippingar. Alhliða garða þjónusta. Eiríkur Sæland garðyrkjufræðingur. Sími : 848 1723.

GARÐSLÁTTUR,MOSATÆTING Við sláum ekki bara gras, við gerum það flott líka. S. 896 19 33

**TRJÁKLIPPINGAR**
Klippi, felli og snyrti tré og runna. Alm. garðavinna. Ágúst Haukur garðyrkjufræðingur s. 848 9600.

## Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

## Málarar

Málarar geta bætt við sig verkefnum. Góð verð í boði. S. 611 7737.

**Málarameistari**
Jón Ingvar Garðarsson málarameistari tilboð - tímavinna s. 896 6148.

Getum bætt við okkur inni- og útiverkefnum. Vönduð vinnubrögð og góð umgengni. Tilboð eða tímavinna. Lítið Mál ehf. S. 896 5758.

## Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is

## Húsaviðhald

**VIÐHALD**
fasteignaviðgerðir
Allt viðhald ehf. annast viðhald og viðgerðir fasteigna fyrir fyrirtæki, húsfélög og einstaklinga.
Við önnumst m.a.:
• múrviðgerðir • þakviðgerðir
• málningarvinnu • trésmíðavinnu • pípulagnir • raflagnir
• flísalagnir.
Hringdu og við gerum þér tilboð, þér að kostnaðarlausu.
• Sími 567 6699. Sendu okkur email og við gerum þér tilboð. • kristjan@vidhald.is

Viðhaldsverk ehf

**Húsaviðgerðir - Nýbyggingar**
Múrarar, málarar, smiðir - gluggar og hurðir, rafvirkjar og píparar með mikla reynslu í viðhaldi fasteigna geta bætt við sig verkum. Nýbyggingar og allt viðhald fasteigna inni og úti. Viðhaldsverk ehf S. 699 0712 & 618 7712 verk@vidhaldsverk.is

**HAMRABORG ehf**
Þakpappaþjónusta
Viðgerðir á PVC dúk
Almennar húsaviðgerðir

Sími 896 4947 Netfang: hamraborg @ simnet.is

**SG Steingæði slf Alhliða húsaviðgerðir**
Múrarar, flísarar, rafvirkjar, smiðir, píparar og málarar, allt á einum stað.
Uppl. í síma 899 2420.

K.R.S. ELDON MÚRVERKTAKAR. Múrviðgerðir og flísalagnir. Vönduð vinna Tilb./tímav. S. 899 4254.

## Tölvur

**tölvuhjálp!**
Yfirhalning á tölvu aðeins 2.000 kr.
Ókeypis vírusvörn
Nánar á www.tolvuhjalp.is
Sími 588-9590
Vesturvör 32a, Kópavogi

Tölvuviðgerðir, gagnabjörgun. Kem á staðinn. Gott verð. S. 699 6735 Baldvin.

## Nudd

THE NEW SPANISH!! Experient Massage in Reykjavik Any Time 8236377

NEW!! LUXURY HIGH LEVEL MASSAGE, IN DOWN TOWN ANYTIME !s.899 5836

Fantastic Whole Body Massage. Check a Girl From Czech!. Only for weekend. S.692 2126, ALENA

**Nudd**
Nudd nudd nudd heilnudd. Tilboð í dag. Uppl. í s. 616 6469.

## Spádómar

www.orlagalinan.is
**Örlaga línan**
Miðlar, spámiðlar, draumráðningar.
Opið öll kvöld í síma
595 2001 & 908 1800

**Spásími 908 6060**
Spámiðlun, tarot, andleg leiðsögn, fyrirbænir, draumar og trúnaður. Opið frá 12-23 S. 894 9228 Steinunn visa/euro.

## Múrarar

Múrarameistari geta bætt við sig verkefnum. Góð verð í boði. S. 611 7737.

## Rafvirkjun

Töfluskipti, viðhald, nýlagnir, dyrasímar. Tilboð eða tímavinna Löggiltur rafverktaki Sveinn. S. 663 7789. Rafengi ehf.

**RAFVIRKJUN S. 896 6025**
Tilboð raflagnir, töfluskipti og dyrasímakerfi. Rafneisti ehf. Lögg. rafverktaki.

## Trésmíði

**E. Sigurðsson ehf**
Tek að mér viðhaldsvinnu, gifsvinnu og alla almenna trésmíðavinnu s: 6918842.

# KEYPT & SELT

## Til sölu




Úrval af girðingaefni til sölu. Hér er um góða vöru að ræða á góðu verði. ÍsBú / Síðumúla 31, 3 hæð / Sími 5629018 / isbu@isbutrade.com / www.isbutrade.com

Starcraft, 8 feta fellihýsi, árg 2000, mjög vel með farið og nýlegt fortjald. verð 850þ upplýsingar: 770 2210

## Gefins

**Kassavanir kettlingar**
Yndislegir kassavanir kettlingar fást gefins, hver og einn þarf að komast á gott heimili, hjá góðu fólki. S: 561 2529 og 694 6103.

General eletric þvottavél fæst gefins gúmmíþétting biluð S.892 4766

## Óskast keypt

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**
Kaupum gull til að smíða úr. Spörum gjaldeyri. Heiðarleg viðskipti. Aðeins í verslun okkar Laugavegi 61.
Jón og Óskar - jonogoskar.is
s. 552-4910.

**Carat - Haukur gullsmiður Smáralind - Kaupum gull og silfur**
Staðgreiðum gull og silfur í verslun okkar.
Upplýsingar í s. 577 7740

**Kaupi gull !**
Ég, Magnús Steinþórsson gullsmíðameistari, kaupi gull, gull peninga og gull skartgripi. Kaupi allt gull, nýlegt, gamalt og illa farið. Leitið til fagmanns og fáið góð ráð.
Upplýsingar á demantar.is í s. 699 8000 eða komið í Pósthússtræti 13 ( við Austurvöll ),
Verið velkomin

**KAUPUM GULL**
og aðra eðalmálma gegn framvísun persónuskilríkja.
Sigga & Timo Linnetsstíg 2, 220 Hafnarfjörður S. 565 4854
www.siggaogtimo.is

**Staðgreiðum gull, demanta og úr.**
Hringar, hálsmen, armbönd, Rolex, Cartier, Patek Philippe o.fl. Hringdu núna og fáðu tilboð þér að kostnaðarlausu!
Upplýsingar í síma 661 7000.
www.kaupumalltgull.is

## Sjónvarp

Sjónvarps/videoviðgerðir. Afsl. til elli/öryrkja. Sækjum. Litsýn - Síðumúli 35. - S. 552 7095.

## Verslun

7 rósir 990 kr.
**Dalía**
BLÓMABÚÐ GLÆSIBÆ
S. 568 9120

**Stærri limur betri limur**
Loksins er komin á markað vara sem gefur þér varanlega stækkun bæði í lengd og þykkt. Kannaðu málið á bathmate.is
bathmate.is

# HEILSA

## Heilsuvörur

Árangur með Herbalife í yfir 30 ár. Hringdu og fáðu frían prufupakka. Edda Borg S. 896 4662 www.lifsstill.is

Taktu þér tak! Með HERBALIFE nærðu árangri. Erla Bjartmarz S. 899 4183 www.eco.is Ný netverslun: www.betriheilsa.is/erla

Heilsuvörur Herbalife, frí ráðgjöf. 8918902 asta@dagamunur.is www.dagamunur.is

## Fæðubótarefni

Viltu léttast? Eða þyngjast? Prófaðu Herbalife! Ólöf 861 5356, osa@ismennt.is

## Nudd



**TANTRA MASSAGE**
Authentic initiation into the tantric mysteries with tantra massage. Unique experience for men, women and couples. Tel: 698 8301 www.tantra-temple.com

**NUDD - FÓTAAÐGERÐIR - DETOX**
Tilboð fótaaðgerðir + nudd upp fyrir hné kr. 5.500 2 saman kr. 9.900. Tekið á kvillum, næringu, hreifingu, bætiefnum, vinnu, lífsstíl, hamingju og fl. 2ja st. meðferð kr. 7500. JB Heilsulind. S. 823 8280.

Tailenskt heilsunudd. Joom nuddari, Bolholti 4. S. 892 3899.

Faglærður nuddari. Bíð upp á gott slökunar og djúpp nudd. Kem einnig í heimahús. S. 894 4817

## Þjónusta



**Frelsi frá streitu og kvíða s:694 5494**
Viðar Aðalsteinsson dáleiðslufræðingur og sérfræðingur í EFT www.theta.is

# HEIMILIÐ

## Dýrahald

**Hundagalleríið auglýsir**
Kíktu á heimasíðuna okkar: www.dalsmynni.is
Hundaræktun með starfsleyfi.
S. 566 8417 Tökum visa/euro

Gullfallegur 3 mán Golden Retriever hvolpur til sölu verðhugmynd 80 - 100 þ.kr. uppl: 659 7259.

# HÚSNÆÐI

## Leigumiðlanir

**Leiguliðar ehf Fossaleyni 16**
Skrifstofa Leiguliða auglýsir lausar íbúðir, leiguverð frá kr. 87.000.
Reykjavík, Selfoss, Þorlákshöfn, Akranes, Hafnarfjörður.
Gæludýr leyfð.
Sjá www.leigulidar.is eða 517 3440

## Húsnæði í boði

**www.leiguherbergi.is**
1-2 manna herb.Funahöfða 17a -19 Rvk og Dalshraun 13 Hfj M/ baði. eldh., þurrkara og þvottavél. 824 4535.
Room for rent 1-2 person,. Funahöfða 17a -19 Rvk and Dalshraun 13 Hfj Whith Bath, kitch, washing room incl.
Uppl/info í S. 824 4535.
www.leiguherbergi.is

**GÓÐ GISTING Í MIÐBÆ RVK**
Dags- og vikuleiga.
www.hotel105.com
GISTIHÚSIÐ EGILSBORG
sími 896 4661



**Íbúð í boði**
Glæsileg þriggja herbergja íbúð á besta stað í Vesturbænum til leigu frá 1.júlí 150.000 kr á mán. langtímaleiga. Íbúðin leigist með eða án húsgagna ásamt ísskáp, þvottavél og þurkara. Áhugasamir hafi samband á tölvupóst maderb@gmail.com

**Herbergi til leigu.**
Mjög gott 12 fm. herbergi til leigu á snyrtistofu miðsvæðið í Reykjavík. Tilvalið fyrir fótaaðgerðafræðing -nuddara eða snyrtifræðing.
Sendið umsókn á linda@islandia.is fyrir 30.júní.

Til leigu í 107 rvk, 2 hrb íbúð, 76 fm. auk bílastæði í bílageymslu. Einnig 3-4 h 92 fm í Hf laus 01.08, langtímaleiga, ekkert dýrahald leyft. Uppl. í síma 893-9777

3 herb. íbúð til leigu í 111. Ótímabundið og leigð með húsgögnum. 125þús m.öllu. Uppl í s 773 3590


10 ÁRA 2001-2011 MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

**Yfirburðir Fréttablaðsins á dagblaðamarkaði staðfestir**

Við vitum sem er að dagblað á að vera skemmtilegt og upplýsandi. Það á að veita innsýn í líf fólks og varpa ljósi á atburði sem skipta okkur máli. Við hlustum á raddir lesenda og erum lifandi vettvangur fyrir skoðanaskipti.




Allt sem þú þarft...




**Prentmiðlakönnun Capacent Gallup.**
Janúar til mars 2011, meðallestur á tölublað 18–49 ára.

Fréttablaðið og Morgunblaðið kemur út sex daga vikunnar, á meðan DV kemur út þrisvar í viku og Fréttatíminn einu sinni.

## Tilkynningar

Grindavíkurbær

### Umhverfisskýrsla vegna óverulegrar breytingar á Aðalskipulagi Grindavíkur 2000 – 2020

Bæjarstjórn Grindavíkurbæjar auglýsir hér umhverfisskýrslu vegna tillögu að óverulegri breytingu á Aðalskipulagi Grindavíkurbæjar 2000 - 2020 skv. 7. gr. laga nr. 105/2006 um umhverfismat áætlana. Breyting á skipulagsáætluninni er gerð í þeim tilgangi að gera ráð fyrir grunnum niðurdælingarholum vegna förgunar affallsvökva frá Svartsengisvirkjun og Bláa lóninu.

**Nánar til getið fela breytingar í sér að:**

- Iðnaðarsvæði er afmarkað vestan við verslunar- og þjónustusvæði Bláa lónsins
- Skilgreind er lagnaleið meðfram Bláalónsvegi að iðnaðarsvæðinu

Umhverfisskýrslan verður til sýnis á bæjarskrifstofum Grindavíkurbæjar, Víkurbraut 62 og á heimasíðu Grindavíkurbæjar www.grindavik.is. Þeim sem telja sig eiga hagsmuna að gæta er hér með gefinn kostur á að gera athugasemdir við umhverfisskýrsluna. **Frestur til þess að skila inn athugasemdum er til og með 5. ágúst 2011.**

Skila skal athugasemdum á bæjarskrifstofur Grindavíkurbæjar eða í tölvupósti robert@grindavik.is.

***Bæjarstjóri Grindavíkurbæjar***

## Útboð

Sveitarfélagið Ölfus

### ÚTBOÐ. SAFNRÆSI JARÐVINNA OG FULLNAÐARFRÁGANGUR

### ÞORLÁKSHÖFN - BAKKAR

**Lauslegt yfirlit yfir verkið**
Verið er að skipuleggja svæði Bakka í Þorlákshöfn. Verkkaupi hyggst nú leggja stofnlögn skolps frá núverandi lagnakerfi í Selvogsbraut, gegnum svæði Bakka niður í Vesturbakka þar sem það tengist núverandi fráveitukerfi. Í þessu jarðvinnuútboði felst losun klappar í lagnastæði, fullnaðarfrágangur stofnlagnar og brunna í lagnaskurð, með söndun, tengingu þeirra við núverandi fráveitukerfi og frágangi og þjöppun fyllingar yfir lagnirnar. Fyllingin sem notuð er, er endurunnin losuð klöpp úr lagnastæði.

**Helstu stærðir í þessu verki eru:**

| | | |
|---|---|---|
| Gröftur fyrir frárennslislögn | : | 3.900 m3 |
| Aðflutt fylling umhverfis lagnir | : | 880 m3 |
| Klöpp unnin og endurfyllt yfir lögn | : | 3.020 m3 |
| Losun klappar | : | 3.900 m3 |

**Opnun tilboða:**
Þriðjudaginn 19. júlí 2011, kl. 11:00 í Ráðhúsi Ölfuss, Hafnarbergi 1, 815 Þorlákshöfn.

Verkið er áfangaskipt yfir 3 ár, þó með möguleika á að ljúka því á tveimur árum.
1. áfangi, verklok 31. nóvember 2011.
2. áfangi, verklok 31. nóvember 2012.
3. áfangi, verklok 1. september 2013.

Möguleiki er að taka 3. áfanga með öðrum áfanga, sem verður samningsatriði milli verkkaupa og verktaka.

Verðbætur. Fyrir árið 2011 er verkið ekki verðtryggt.
Árið 2012 er verðtrygging mv. byggingarvísitölu Hagstofu Íslands.
Komi til þriðja áfanga verður hann einnig verðbættur mv. byggingarvísitölu Hagstofu Íslands.

Útboðsgögn verða afhent þriðjudaginn 28. júní 2011 hjá neðanrituðum.

**Verkkaupi:** Sveitarfélagið Ölfus
Hafnarberg 1, 815 Þorlákshöfn
**Verkfræðiráðgjöf:** VSÓ Ráðgjöf
Borgartúni 20, 105 Reykjavík.

Sveitarfélagið Ölfuss.

## Húsnæði óskast

Óskum eftir íbúðum í skammtímaleigu á skrá fyrir erlenda ferðamenn. Uppl. í síma 773 3182.

Óskum eftir 4-5 herb. húsnæði á svæði 200 til leigu í amk 1 ár. Helst á Kársnesi. Hafið samband á gunnsa77@hotmail.com eða í síma 695-9579

Óska eftir 4-5 herbergja húsnæði til langtímaleigu helst í víkur eða staðarhverfi. Upplýsingar í síma 824 2356.

## Húsnæði til sölu

Til sölu, sumarbústaður á einkalóð í kjerhrauni, Grímsnesi. Upplýsingar: 893 0993

## Sumarbústaðir

Til leigu vel búinn 4 manna bústaður, 92 km. frá Rvk. Heitur pottur. Vikuleiga. S. 895 9974.

**Sumarhúsalóðir**
Langar þig í sumarhúsalóð í mannvænu umhverfi í Skorradal og jafnvel sumarhús með, kíktu þá á hálstak.is eða hringdu í síma:896 5948 eða 869 2900.

## Geymsluhúsnæði

**geymslur.com**
Geymslur frá 3990.- kr á mán. Í Garðabæ (hjá Ikea) og Reykjavík (Fiskislóð) Upphitað, vaktað & öryggismyndavélar. S. 555 3464.

**www.buslodageymsla.is**
Búslóðageymsla Olivers 100 kr. á dag hvert bretti. Starfað í yfir 20 ár. S. 567 4046 & 892 0808.

**www.geymslaeitt.is**
Sér geymslur frá 4 til 17 m2. Lágt verð. Opið 8-22. Búslóðir, lagerar, bókhald, iðnaðarmenn. Upphitað og vaktað. S: 564-6500

## Gisting

Íbúðargisting við Nyhavn í Kaupmannahöfn. 80 fm. Facebook: Gisting Kbh. Uppl. í s. 004550127560.

# ATVINNA

## Atvinna í boði

**Kjötsmiðjan ehf.**
**óskar eftir að ráða starfskraft sem fyrst.**
**Áhugasamir hafið samband við Birgi í síma 894 4982.**

**Snyrtifræðingur óskast**
**í afleysingar á vinsæla og góða snyrtistofu í R.v.k. þarf að hafa kunnáttu í að taka brasilískt vax og að geta byrjað strax.**

**Sendið umsókn á linda@islandia.is fyrir 29.júní.**

Saffran óskar eftir: Kokkum og pizzabökurum, um er að ræða vaktavinnu. Upplýsingar sendist á atvinna@saffran.is

Óskum eftir vönum smiðum eða smíðahópum. Íslensku kunnátta skilyrði. Uppl. veitir Ólafur í síma: 844 5166.

**VANTAR IÐNAÐARMENN**
Múrarar, málarar, píparar og rafvirkjar og fl. Þurfa vera meistarar, sveinar eða með góða reynslu. Haukur S. 777 2722.

Okkur vantar fólk í kvöldstarf, 20 ára og eldri og íslenskumælandi. Uppl. gefur Viggó í 553 6688 eða viggo@tmi.is

Veitingahús á Laugarvatni óska eftir starfskrafti í sal og eldh. Sumarvinna uppl: 6969696.

CenterHotels /Miðbæjarhótel ehf óska eftir duglegu áreiðanlegu og stundvísu fólki í störf herbergjaþernu, umsjón morgunverðar og þvottahúss.Umsóknir sendist á Job@cenerhotels.com

Úthringjarar óskast sem fyrst. Unnið er á vöktum virka daga(13-17 / 17-21), mæting amk 3 svar í viku. Þjálfun, aðhald og góð aðstaða. Tímakaup + góðir bónusar. Fólk með reynslu og 25 ára+ gengur fyrir. Uppl. í s. 663 3480

## Viðskiptatækifæri

Til sölu eða leigu lítill skyndibitastaður. Gott tækifæri fyrir þann sem hefur áhuga á matreiðslu og vill skapa sér atvinnu með góðri framlegð. Sími 892 4007

# TILKYNNINGAR

## Tilkynningar

AA fundur Hverfisgötu karla föstudag kl. 19:30 að Héðinsgata 1-3 Rvk. Minni á neyðarsíma deildarinnar 848 9931.

## Einkamál

**Tvær nýjar upptökur!**
Tvær heitar konur að leika sér, önnur yngri, hin nokkru eldri. Sögur Rauða Torgsins, s. 905-2002 og 535-9930, uppt.nr. 8472 (sú eldri) og 8207 (sú yngri).

**Yndisleg kona**
leitar góðrar stundar með karlmanni. Rauða Torgið Stefnumót, s. 905-2000 og 535-9920, augl.nr. 8346.

**27 ára kona**
mjög fallega vaxin, vill kynnast eldri manni. Rauða Torgið Stefnumót, s. 905-2000 og 535-9920, augl.nr. 8931

**Samkynhn. KK**
Það er nokkuð um nýjar auglýsingar samkynhn. KK á Rauða Torginu Stefnumót, s. 905-2000 og 535-9920.

**Spjalldömur 908 5500**
Opið allan sólarhringin.


SÍMAÞJÓNUSTUR



**Stefnumót**
905 2000 (símatorg)
535 9920 (kreditkort)
535 9923 (frítt karlar)
555 4321 (frítt konur)
**Sögur**
905 2002 (símatorg)
535 9930 (kreditkort)
**Spjalldömur**
908 6000 (símatorg)
535 9999 (kreditkort)



Gefðu vatn
Hjálparstarf kirkjunnar
www.help.is


## Tilkynningar

Reykjavíkurborg
Skipulags- og byggingarsvið

### NORÐURSTRÖNDIN, GELDINGANES AÐ BLIKASTAÐAKRÓ

Lýsing fyrir Norðurströndina er hluti forsendna við gerð deiliskipulags sem mun fjalla um framtíðarskipulag Norðurstrandarinnar og er tilgangur lýsingarinnar að vera leiðbeinandi við gerð deiliskipulagsins. Svæðið er samkvæmt Aðalskipulagi Reykjavíkur 2001-2024 skilgreint sem opið svæði til sérstakra nota og liggur stofnstígur meðfram allri ströndinni og skal deiliskipulag vera í samræmi við stefnumörkun borgaryfirvalda eins og hún birtist í gildandi Aðalskipulagi. Áður en heimilt er að auglýsa tillögu að deiliskipulagi þarf með vísan til 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 að leggja fram lýsingu um hvernig staðið verður að skipulagsgerðinni. Skipulagssvæðið er gróflega 40 hektarar, frekar aflangt svæði meðfram ströndinni. Geldinganesið er ekki hluti af skipulagssvæðinu en hluti af eiðinu út í Geldinganes er hins vegar innan afmörkunar skipulagssvæðisins. Ströndin frá Blikastaðakró að odda Geldinganess er að mestu ósnortin og hefur svæðið mikið verndargildi vegna náttúru og fuglalífs og lífríkar fjörur einkenna svæðið. Öll strandlínan við norðurströndina er skilgreind sem hverfisverndarsvæði.

Lýsing þessi hefur verið lögð fyrir skipulagsráð Reykjavíkur til kynningar og samþykktar og send hagsmunaaðilum og Skipulagsstofnun til yfirlestrar og athugasemda. Þegar tillaga að deiliskipulagi liggur fyrir mun hún vera kynnt hagsmunaaðilum á vinnslustigi áður en hún verður kynnt fyrir almenningi með opinberri auglýsingu og opnum kynningarfundi. Lýsingin verður aðgengileg á vef Skipulags- og byggingarsviðs, ***www.skipbygg.is***, og eru þeir sem telja sig eiga hagsmuna að gæta hvattir til að kynna sér lýsinguna og koma ábendingum eða athugasemdum á framfæri, skriflega eða á netfangið ***skipulag@reykjavik.is***.

Skipulagsstjórinn í Reykjavík

BORGARTÚNI 12-14 - 105 REYKJAVÍK - SÍMI 411 1111 - MYNDSENDIR 411 3071

## Fasteignir

HRAUNHAMAR
FASTEIGNASALA
Bæjarhrauni 10 - Hafnarfirði - Sími 520 7500 - www.hraunhamar.is

### Klapparholt 12 Hf - íbúð nr 101




Fallег rúmgóð 133 fm. 4ra til 5 herbergja ENDAÍBÚÐ á 2. hæð í eftirsóttu lyftuhúsi á frábærum útsýnisstað ásamt 22,6 fm bílskúr. Útsýnissvalir og sérgarður. Parket og flísar á gólfum. Vönduð eign sem vert er að skoða. Verð 29.9 millj.

**Eignin verður til sýnis laugardaginn 25 júní milli kl. 14-16**

### VEITINGARSTAÐUR MIÐSVÆÐIS Í REYKJAVÍK

**Vinsælt veitingahús í Reykjavík til sölu, sæti fyrir 120 manns inni auk 80 sæta útisvæðis. Staðurinn hefur mjög gott auglýsingagildi og er í alfaraleið. Er í góðum rekstri og vel tækjum búið, miklir möguleikar fyrir hendi. Góð ársvelta.**

**Sveinn Eyland veitir upplýsingar á skrifstofu, engar upplýsingar veittar í síma.**



**Hafðu samband**
**SVEINN EYLAND** Sölufulltrúi
Farsími: 6900 820

LANDMARK
FASTEIGNASALA
MAGNÚS EINARSSON - Löggiltur fasteignasali
**SÍMI 512 4900 - BOLHOLTI 4 - LANDMARK.IS**


markhonnun.is
netto
Kræsingar & kostakjör
GRÍSAKÓTELETTUR
FERSKAR
52% afsláttur
990kr/kg
áður 2.049 kr/kg
GIRNILEGUR GRILLMATUR
SVÍNALUNDIR
FERSKAR
30% afsláttur
1.679kr/kg
áður 2.398 kr/kg
FRÁBÆRT Á GRILLIÐ!
RAUÐSPRETTA
ROÐ OG BEINLAUS
FRYSTIVARA
30% afsláttur
699kr/kg
áður 998 kr/kg
LAMBALÆRISSNEIÐAR
FERSKAR
40% afsláttur
1.499kr/kg
áður 2.498 kr/kg
ALVÖRU HAMBORGARAR
2X 120 G
31% afsláttur
449kr/pk.
áður 649 kr/pk.
GOÐI
SVÍNAKÓTELETTUR
REYKTAR
1.159kr/kg
áður 1.449 kr/kg
KJÖTSEL
KJÚKLINGABRINGUR
OKKAR 3 STK
1.998kr/kg
áður 2.295 kr/kg
VATNSMELÓNUR
58% afsláttur
99kr/kg
áður 236 kr/kg
BAGUETTE
340 G STEINBAKAÐ*
50% afsláttur
GILDIR EKKI UM NETTÓ SALAVEGI*
175kr/stk.
áður 349 kr/stk.
Skráðu þig á póstlistann á www.netto.is
Mjódd - Salavegur - Hverafold - Akureyri - Höfn - Grindavík - Reykjanesbær - Borgarnes
Tilboðin gilda 23.-26. júní
eða meðan birgðir endast

## krossgáta



**LÁRÉTT**
**2.** Listastefna, **6.** tveir eins, **8.** iðn, **9.** smáskilaboð, **11.** ónefndur, **12.** vegna, **14.** aurasál, **16.** í röð, **17.** rölt, **18.** eyrir, **20.** íþróttafélag, **21.** velta.

**LÓÐRÉTT**
**1.** uss, **3.** frá, **4.** land í Evrópu, **5.** beita, **7.** umhirða, **10.** hallandi, **13.** dvelja, **15.** listi, **16.** blaður, **19.** ullarflóki.

**LAUSN**

**LÁRÉTT:** 2. dada, 6. uu, 8. fag, 9. sms, 11. nn, 12. sökum, 14. nánös, 16. mn, 17. ark, 18. aur, 20. kr, 21. snúa.

**LÓÐRÉTT:** 1. suss, 3. af, 4. danmörk, 5. agn, 7. umönnun, 10. ská, 13. una, 15. skrá, 16. mas, 19. rú.


# Helgarblað
alla laugardaga



## Veruleikinn kemur raunsæinu á óvart
Einar Már Guðmundsson ræðir Bankastræti núll og spyr hvers vegna þeir sem áður gagnrýndu kerfi nýfrjálshyggjunnar eru orðnir verjendur þess í dag.

**Meðal annars efnis:**

**Íslendingar dafna**
Nýjar kannanir benda til að þrátt fyrir allt sé þjóðarsálin að rétta úr kútnum.

**Rýnt í ráðherraráðið**
Í stað þess að fórna ungmennum sínum á vígvellinum eins og áður fyrr leysa Evrópuríki ágreining með því að læsa embættismenn í gluggalausum herbergjum og hleypa þeim ekki út fyrr en samkomulagi hefur verið náð.

**Jakkafötin skipta um kyn**
Jakkaföt og bindi eru ekki bara fyrir fyrir herra, eins og sést á sumartískunni.



Allt sem þú þarft


# Tegundinni útrýmt?

BAKÞANKAR
Mörtu Maríu Friðriksdóttur



Tvær fréttir vöktu sérstaka athygli mína síðustu daga, þegar blöðunum var flett yfir fyrsta kaffibolla dagsins. Fréttirnar eru annars vegar að sjötíu prósentum dýrara er að aka hringinn um Ísland og hins vegar að kjördæmapot hafi nú verið upprætt af fjárlaganefnd.

**TENGJAST** fréttirnar í raun báðar fjármálum og Alþingi. Önnur fjallaði um að lítrinn af bensíni hafi kostað 124 krónur árið 2007 en kosti nú 234 krónur enda hafa skattar á bensínlítra hækkað úr 64 í 114 krónur á sama tímabili. Hin fréttin var um að Alþingi muni ekki úthluta styrkjum til samtaka, félaga og einstaklinga frá og með næsta ári heldur ætli það að ákveða hversu háar upphæðir renni til einstakra málaflokka en láta lögbundnum sjóðum, sveitarfélögum, ráðuneytum og fleirum eftir að úthluta styrkjunum. Áhugavert er að velta fyrir sér tengslum þessara tveggja frétta eða öllu heldur hvernig þær gætu tengst.

**BENSÍNIÐ** hefur á undanförnum árum hækkað talsvert sem rekja má til aukinnar skattlagningar og hækkunar heimsmarkaðsverðs á eldsneyti. Leiðir þessi hækkun óhjákvæmilega til þess að margir landsmenn hugsa meira um bensíneyðsluna sem aftur verður til þess að það dregur úr umferð á landinu. Meirihluti þjóðarinnar býr á höfuðborgarsvæðinu og því dregur úr ferðalögum meirihlutans út fyrir borgarmörkin sem aftur bitnar á ferðaþjónustuaðilum landsbyggðarinnar.

**KJÖRDÆMAPOT** er skilgreint í íslenskri orðabók á heimasíðunni snara.is á þann hátt: (óviðeigandi) störf þingmanns að hagsmunamálum kjördæmis síns. Með kjördæmapotinu eru þingmenn því að hygla kjósendum í sínu eigin kjördæmi á kostnað annarra kjördæma, til dæmis með því að veita styrki eins og umrædd frétt fjallar um eða stuðla að auknum framkvæmdum í heimabyggð.

**ÞEGAR** dregur úr ferðalögum landans, vegna mikillar hækkunar eldsneytisverðs, hagnast landsbyggðin minna þar sem færri ferðamenn eiga leið um svæðið. Því má einnig segja að kjördæmapot landsbyggðarþingmanna minnki á sama tíma, en á móti kemur að þingmenn Reykjavíkurkjördæmanna tveggja og Suðvesturkjördæmis vinna að því að meirihluti þjóðarinnar dvelji heima við, á höfuðborgarsvæðinu, og því aukast tekjur helstu afþreyingastaða svæðisins. Kjördæmapotararnir lifa því góðu lífi á höfuðborgarsvæðinu þrátt fyrir að þeir séu í útrýmingarhættu á landsbyggðinni. Háir skattar á eldsneyti og að Alþingi hætti að úthluta styrkjum til samtaka, félaga og einstaklinga frá og með næsta ári, verður því til þess að þessi ákveðna tegund manna, kjördæmapotararnir, deyr út. Eða hvað?

## myndasögur

**Pondus** — Eftir Frode Øverli




**Gelgjan** — Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




**Handan við hornið** — Eftir Tony Lopes



**Barnalán** — Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman




VERTU KLÁR Í ÚTILEGUNA
MEÐ gelert outdoors since 1975
gelert
TORNADO 4
4 manna tjald
19.999kr
4 person
2000
NEW
Svefnpokar
Verð frá
2.999kr.
Tilboð
Kælibox
1.999kr.
POP-UP
VERTU FYRSTUR AÐ TJALDA
Verð frá
9.999kr.
QUICKPITCH SS
2 person
LiteWEIGHT
gelert
QUICK PITCH
2 manna tjald
Kælibox
2stk saman
4.999kr
3 SEASON
EN13537
gelert
SNUGGLE 300
Krakkasvefnpoki
gelert
TRYFAN CLASSIC
300DL svefnpoki
2.999kr.
Tjald
2 manna
gelert
STÓLL
3.499kr
gelert
Tjaldlukt
verð frá
1.999kr
Álpottasett
1.999kr
gelert
Ál flautuketill
1.999kr
Vindsæng
1.999kr
INTEX
gelert
Vatnskútur
Verð frá
499kr
gelert
Drykkjar-
bakpoki
5.999kr
gelert
Flugnanet
með hatti
2.499kr
gelert
Göngustafir
4.999kr
gelert
Legghlífar
2.999kr
Ekta leður
Gönguskór
st. 36-47
14.999kr
HÁGÆÐA GOLFSETT Á GÓÐU VERÐI
Bullet FX3 herra
29.999kr
• Driver
10,5° Titanium 460cc
Regular-flex grafítskaft
• Tré
16° stál 3 tré
Regular-flex grafítskaft
• Járn, fleygjárn
5-9 járn, oversized body
Tvö fleygjárn, 48° og 56°
True-temper stálsköft
• Blendingar
Tvö stál rescue tré - 21°,
24° Regular-flex grafítsköft
• Pútter
2-ball pútter með
soft-feel gripi
• Poki
8 hólfa skipting, 8 vasar,
tvöföld axlaról, regnhetta,
vandaðar hlífar fyrir trékylfur
Bullet FX5 dömu
29.999kr
• Driver
12° Ti-matrix 460cc
square-driver
Low-torque grafítskaft
• Tré
Ti-matrix 3 tré, 16°
Ti-matrix rescue 4 tré, 24°
Low-torque grafítskaft
• Járn
5-Sw járn
Low-torque grafítskaft
• Pútter
Milled-Faced pútter
• Poki
14 hólfa skipting, 9 vasar,
axlaról, regnhetta,
vandaðar hlífar fyrir
trékylfur
Golfhanskar
1.499kr
Golftí
100stk
599kr.
Krakkasett
14.999kr
Verð áður 17.999kr
Golfboltar
12stk
1.099kr
24 Hagkaup
OPIÐ
í sumar
ALLAN sólarhringinn
Akureyri & Eiðistorg
HAGKAUP
Ein ferð betra verð


BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS
259 KR. PK
SFG KONFEKT-TÓMATAR 250G
VISTVÆN FRAMLEIÐSLA
Ferskt íslenskt salat
Bónusblanda
Lambhagi
BÓNUSSALAT
459 kr. 150g
VISTVÆN FRAMLEIÐSLA
Lambhagi
SPÍNAT
279 kr. 100g
FRÁ HOLLANDI
RAUÐ PAPRIKA
359 KR.KG
29 KR. 85g
EUROSHOPPER NÚÐLUR 85g
Feti
Feti
298 KR. 250g
BÓNUS FETI Í KRYDDOLÍU- OG ÓLÍFUM OG KRYDDOLÍU
219 KR. KG
LITLAR VATNSMELÓNUR
BÚRFELL
Brauðskinka
298 KR. 250g
BÚRFELLS BRAUÐSKINKA 250g
íslensk
129 KR. STK
GÚRKUR FRÁ GUFUHLÍÐ 350g
ÚRVALS FLATKÖKUR
98 KR. PK
GÆÐABAKSTUR FLATKÖKUR
jordbær
FROSIN JARÐARBER
1.2 KG. POKI
498 KR.
BÚRFELL
Taðreykt hangiálegg
398 KR. PK
BÚRFELLS HANGIKJÖTSÁLEGG 143g
íslenskir tómatar
479 KR. KG
SÉRVALDIR ÍSLENSKIR TÓMATAR
Grand salat
198 KR. STK
GRAND SALAT Í POTTI
198 KR. 4 stk.
BÓNUS KRINGLUR NÝBAKAÐAR
HEIMILIS BRAUÐ
259 KR. 770g
MYLLU HEIMILISBRAUÐ
198 KR. 500g
BÓNUS 3JA KORNBRAUÐ 500g
ENERGY DRINK SUGAR FREE
ENERGY DRINK
EUROSHOPPER ORKUDRYKKUR 250ML
69 KR.
MEÐ EÐA ÁN SYKURS
BÓNUS HREINN ÁVAXTASAFI 250 ML
159 KR. 3 FERNUR
BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS
GÓÐIR GOSDRYKKIR Í BAUKUM 33 CL
69 KR. STK
Mountain Dew
mix
Egils APPELSÍN
pepsi
pepsi MAX
4x1.5L
Coca-Cola
FJÓRAR COKE 1.5 LTR.
659 KR.
SAMTALS 6 LTR.
Coca-Cola zero
Coca-Cola light
COKE 2 LTR.
195 KR.
ZERO & LIGHT
pepsi
pepsi MAX
PEPSI 2 LTR.
195 KR.
CLASSIC & MAX
AFGREIÐSLUTÍMI
FÖSTUDAGUR
10:00-19:30
BÓNUS BÝÐUR BETUR
Hér færðu vildarpunkta
VILDARPUNKTA
VISA Vildarklúbbur


BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS
DRÝGJUM LAUNIN
VERSLUM Í BÓNUS
HEINZ BAKAÐAR BAUNIR 4 DÓSIR/ 415g
398 KR. 4 ds.
998 KR.KG
ALI FERSKAR GRÍSAKÓTILETTUR
TILBOÐ
BEIKON
Í SNEIÐUM
1298 KR.KG
TILBOÐS BEIKON Í SNEIÐUM
598 KR.KG
ALI FERSKUR GRÍSABÓGUR
HOLTA
FORELDAÐIR
KJÚKLINGA
VÆNGIR
459 KR.
HEIL FATA 960g
ÞARF AÐEINS AÐ HITA
HREINT NAUTAKJÖT
ENGU BÆTT VIÐ..
NAUTA Veisla
Nautaborgarar
4 stk. m/brauði
598 KR.PK
NAUTAVEISLU HAMBORGARAR
80g M. BRAUÐI 4 STK.
1998 KR.KG
KJÖRFUGL FERKSAR
KJÚKLINGABRINGUR
NÝBAKAÐ Í
VERSLUNUM BÓNUS
BAGUETTE BRAUÐ
129 KR.STK
527 9000
UPPLÝSINGA OG ÞJÓNUSTUSÍMI
Þarftu að ná
sambandi
við Bónus?
Við erum við símann 527 9000 alla virka daga frá kl 09-16
Hægt er að senda okkur fyrirspurnir á bonus@bonus.is
BÓNUS
VÍNARPYLSUR
U.Þ.B. 285 KR.PAKKINN
TÍU BÓNUS PYLSUR (599 kr.kg)
579 KR.PK
SLÁTURFÉLAG SUÐURLANDS
TÍU VÍNARPYLSUR 560g
5stk.
FÍN & SKORIN
BÓNUS
PYLSUBRAUÐ
260g
139 KR.PK
FIMM BÓNUS PYLSUBRAUÐ
BÓNUS BÝÐUR BETUR
Hér færðu veltutengda
VILDARPUNKTA
VISA Vildarklúbbur
AFGREIÐSLUTÍMI
FÖSTUDAGUR
10:00-19:30



**6000 DALI** þurfti Jennifer Lopez að greiða fyrir hreinsun á sundlauginni sinni eftir að sonur hennar kúkaði í hana.



**CARIBOU** Hljómsveitin Caribou kemur hingað til lands í næstu viku.

# Taka tvö hjá Caribou

Kanadíska hjómsveitin Caribou ætlar að gera aðra tilraun til að koma hingað til lands í næstu viku. Tónleikar með sveitinni eru fyrirhugaðir á Nasa 28. júní. Hún ætlaði að spila þar 22. maí en tónleikunum var frestað vegna eldgossins í Grímsvötnum. Hljómsveitin Sin Fang, sem er með útgáfusamning við Morr Music í Berlín, hitar upp. Caribou er sviðsnafn stærðfræðidoktorsins Daniels Victors Snaith sem einnig er þekktur undir nafninu Manitoba. Miðasala á tónleikana fer fram á Midi.is og kostar 3.800 kr. inn.

# Aniston fær stjörnu



Leikkonan Jennifer Aniston fær stjörnu á frægðarstéttina í Hollywood á komandi ári. Aniston, sem hóf ferilinn sem Rachel í Friends, hefur gengið vel að landa hlutverkum í rómantískum gamanmyndum frá því að Friends-ævintýrinu lauk og þykir kominn tími til að gefa henni stjörnu í stéttina frægu.

**KOMINN TÍMI Á STJÖRNU** Jennifer Aniston er komin í stjörnuhópinn.

# Skjálfandi Galliano

Réttarhöldin yfir tískuhönnuðinum John Galliano eru hafin í París. Hann var ákærður vegna niðrandi ummæla í garð gyðinga á opinberum vettvangi. Svar hans við ákærunni er einfalt, hann man hreinlega ekkert eftir atvikinu.

Umrætt atvik átti sér stað á barnum La Perle í Le Marais hverfinu í París í vetur og náðist á myndband. Galliano sat á barnum og sagðist elska Hitler og að allir gyðingar hefðu átt að drepast í helförinni. Galliano var í kjölfarið kærður fyrir niðrandi ummæli í garð minnihlutahópa og missti vinnu sína sem yfirhönnuður Dior tískuhússins.

Hönnuðurinn mætti svartklæddur til að útskýra mál sitt og var skjálfraddaður þegar hann greindi dómaranum frá því að hann ætti við áfengis- og verkjalyfjafíkn að stríða. „Ég er fíkill á batavegi og hef verið undir mikilli pressu síðastliðin ár,“ útskýrði Galliano en hann er núna í meðferð á leynilegri stofnun í Sviss.



**STRESSAÐUR** Tískuhönnuðurinn John Galliano mætti svartklæddur í réttarsal í París og útskýrði mál sitt með titrandi röddu. NORDICPHOTO/AFP



**LJÚFA LÍFIÐ Í KAUPMANNAHÖFN** Davíð Örn Símonarson, 21 árs Íslendingur, er búsettur í Kaupmannahöfn í sumar. Hann segir að Íslendingunum í Kaupmannahöfn hafi fjölgað gríðarlega undanfarin sumur.

# UNGIR ÍSLENDINGAR NJÓTA LÍFSINS Í KAUPMANNAHÖFN

**Kaupmannahöfn hefur alltaf heillað unga Íslendinga og sumarið í ár er engin undantekning því íslensk ungmenni hafa fjölmennt til gamla höfuðstaðarins.**

„Við vorum ekkert mjög mörg hér fyrsta sumarið, en Íslendingunum hefur fjölgað rosalega í ár,“ segir Davíð Örn Símonarson, 21 árs gamall Íslendingur sem búsettur er í Kaupmannahöfn í sumar. Mikill fjöldi íslenskra ungmenna hefur lagt land undir fót og sest að í Kóngsins Kaupmannahöfn yfir sumarið og Davíð segir ástæðuna einfalda. „Við fáum borgað í dönskum krónum, svo öll launin okkar tvöfaldast í raun og veru út af genginu.

Við fáum hörkulaun fyrir litla vinnu,“ segir Davíð, sem vinnur við skúringar í Ráðhúsinu í Kaupmannahöfn. Þar er vinnutíminn frá klukkan sex á morgnana og er Davíð oft kominn heim um ellefu, fimm tímum síðar.

„Um leið og maður klárar vinnuna er allur dagurinn fram undan, svo þetta er í raun og veru eins og að vera í launuðu sumarfríi.“

Davíð segir erfitt að áætla hversu margir Íslendingar séu í borginni í sumar, þar sem einhverjir eru í námi og aðrir búa í borginni allt árið um kring. „Við erum svona um og yfir fimmtán sem vinnum í Ráðhúsinu, og það er bara einn vinnustaður af fjölmörgum,“ segir Davíð, en þetta er þriðja sumarið hans í Kaupmannahöfn.

Kristján Egill Karlsson er framkvæmdastjóri á Íslendingabarnum Jolene í Kaupmannahöfn. Hann segir erfitt að meta fjölgunina sem á sér stað yfir sumartímann, en heldur þó að flestir sem komi til Kaupmannahafnar séu einmitt þeir sem eru að leita sér að sumarvinnu. Hann segir Íslendingana jafnframt mjög skemmtanaglaða.

„Það er stór hópur af Íslendingum sem eru fastakúnnar hér á Jolene. Aðal Íslendingaholan hér í Kaupmannahöfn myndi ég þó segja að væri skemmtistaðurinn Blasen. Annars er allt morandi af Íslendingum hérna,“ segir Kristján Egill. - ka



## ÍSLENDINGAR Í DANMÖRKU

Þeir Íslendingar sem koma til Danaveldis í sumar verða varla einmana ef marka má tölur dönsku hagstofunnar, því samkvæmt henni voru frá og með 1. janúar á þessu ári 8.959 Íslendingar skráðir í Danmörku.

Margir þekktir Íslendingar hafa sest að í Danmörku. Þar má nefna Dóru Takefusa, sem rekur Íslendingabarinn Jolene í Kaupmannahöfn, Friðrik Weisshappel sem rekur tvö Laundromat kaffihús í Köben, Marín Möndu Magnúsdóttur sem rak barnafataverslunina Baby Kompagniet, Bjössa úr hljómsveitinni Mínus og Hafrúnu Öldu Karlsdóttur sem gefur út veftímaritið Bast Magazine.

FRÁ ÞEIM SÖMU OG FÆRÐU YKKUR SIRKUS SÓLEY
SIRKUS ÍSLANDS KYNNIR
Ö FAKTOR
– ÞVÍ X ER EKKI NÓG!
SÝNT Í TJARNARBÍÓI Í JÚLÍ
NÆSTU SÝNINGAR
föstudaginn 1. júlí kl. 19:30 (frumsýning)
laugardaginn 2. júlí kl. 14 og 18
sunnudaginn 3. júlí kl. 14 og 18
SIRKUS ÍSLANDS
TJARNARBÍÓ
midi.is
MIÐASALA Í TJARNARBÍÓI, Á MIÐI.IS OG Í SÍMA 527 2102

# Aftur í samskiptum

Rihanna og fyrrum kærasti hennar, söngvarinn Chris Brown, endurnýjuðu vinskap sinn á samskiptasíðunni Twitter fyrir stuttu. Nú halda aðdáendur söngkonunnar að þau hafi tekið aftur saman, en Rihanna sleit sambandi þeirra í byrjun árs 2009 eftir að Brown lagði hendur á hana.

Aðdáendur Rihönnu telja að þau séu tekin aftur saman vegna Twitter-samskipta þeirra. Fyrir stuttu sendi Brown söngkonunni eftirfarandi skilaboð: „Fékkstu myndina sem ég sendi þér?“ Augnabliki síðar eyddi Brown skilaboðunum af síðunni en ekki áður en aðdáendur Rihönnu náðu að mynda skilaboðin og þar með breiða út boðskapinn. Söngkonan vill þó ekki kannast við að hafa tekið aftur saman við Brown og skrifaði á Twitter-síðu sína: „Þetta er Twitter, ekki altarið.“



**SPJALLAR VIÐ BROWN** Rihanna hefur verið að fylgjast með fyrrverandi kærasta sínum, Chris Brown, á Twitter. NORDICPHOTOS/GETTY

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

**Föstudagur 24. júní 2011**

**Tónleikar**

**20.00** **Friðrik Ómar** og **Jógvan** með tónleika í **Húsavíkurkirkju**. Aðgangseyrir er kr. 2.000.

**20.00** **Orion** með tvenna **Master of Puppets tribute** tónleika á **Sódómu**. Fyrri eru kl. 20 og þeir seinni kl. 24. Aðgangseyrir er kr. 2.000.

**23.00** **Hellvar**, **Nóra** og **Vigri** með tónleika á **Faktorý**. Aðgangseyrir er kr. 500.

**Leiklist**

**20.00** **Þórunn Erna Clausen** flytur einleikinn **Ferðasaga Guðríðar** í **Tjarnarbíói**. Miðaverð er kr. 2.500.

**Opnanir**

**16.00** Nýr sýningarsalur **Listasafns Hornafjarðar** opnar í gömlu slökkvistöðinni með sýningu á verkum **Svavars Guðnasonar**.

**Myndlist**

**21.00** **Grapevine Grassroots** kvöld á **Hemma og Valda** þar sem listamenn taka fyrir gjörningalist.



20%
AFSLÁTTUR
af sundfatnaði
EKKI VERA BERRASSA
ÞÓ SUMARIÐ SÉ KOMIÐ!
Mikið úrval af flottum sundfötum fyrir alla fjölskylduna
Linyi bikiní, f/stelpur
Outlet verð kr. 3.995
Verð með afslætti kr. 3.196
Leurope tankini, f/dömur
Outlet verð kr. 6.500
Verð með afslætti kr. 5.200
Laora bikiní, f/stelpur
Outlet verð kr. 3.995
Verð með afslætti kr. 3.196
Labelly bikiní, f/dömur
Outlet verð kr. 5.995
Verð með afslætti kr. 4.796
Lovia bikiní, f/dömur
Outlet verð kr. 5.995
Verð með afslætti kr. 4.796
Lorma bikiní, f/stelpur
Outlet verð kr. 2.995
Verð með afslætti kr. 2.396
Lemoni bikiní, f/dömur
Outlet verð kr. 5.995
Verð með afslætti kr. 4.796
Lamely bikiní, f/ stelpur
Outlet verð kr. 3.995
Verð með afslætti kr. 3.196
Girnilegasti lagermarkaður landsins!
KORPU OUTLET
Ráðandi - auglýsingastofa ehf.
KORPUOUTLET, KORPUTORGI • Opið mánudag til laugardags frá 11 til 18 • Sunnudaga frá 12 til 18 • S. 578 9400

SAMBÍÓIN







SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

| | | |
|---|---|---|
| BEASTLY | kl. 4 - 6 - 8 - 10:10 | 10 |
| SUPER 8 | kl. 3:30 - 5:40 - 8 - 10:20 | 12 |
| SUPER 8 Luxus VIP | kl. 8 - 10:20 | VIP |
| THE HANGOVER 2 | kl. 5:50 - 8 - 10:20 | 12 |
| KUNG FU PANDA 2 M/ ísl. Tali | Sýnd í 3D kl. 4 - 6 | L |
| KUNG FU PANDA 2 M/ ísl. Tali | Sýnd í 2D kl. 4 - 6 | L |
| KUNG FU PANDA 2 ensku. Tali | Sýnd í 2D kl. 10:20 M/texta | L |
| PIRATES 4 | Sýnd í 2D kl. (5:20 VIP) - 8 - 10:40 | 10 |
| SOMETHING BORROWED | kl. 8 | L |
| DÝRAFJÖR Sýnd í 2D | kl. 3:40 | L |

SAMBÍÓIN AKUREYRI

| | | |
|---|---|---|
| BEASTLY | kl. 6 - 8 | 10 |
| KUNG FU PANDA 2 með ísl tali | kl. 6 | L |
| SUPER 8 | kl. 8 - 10:20 | 12 |
| HANGOVER 2 | kl. 10:20 | 12 |

SAMBÍÓIN EGILSHÖLL

| | | |
|---|---|---|
| SUPER 8 | kl. 3 - 5.30 - 8 - 10.30 | 12 |
| MR. POPPER'S PENGUINS | kl. 3 - 5.30 - 8 - 10.20 | L |
| HANGOVER PART II | kl. 8 -10.25 | 12 |
| X-MEN: FIRST CLASS | kl. 8 -10.45 | 14 |
| KUNG FU PANDA 2 ísl tal 3D | kl. 3 - 5.30 | L |
| PIRATES OF THE CARIBBEAN 3D | kl. 5 | 10 |

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI

| | | |
|---|---|---|
| BEASTLY | kl. 4 - 6 - 8 - 10 | 10 |
| SUPER 8 | kl. 3:40 - 5:50 - 8 - 10 | 12 |
| KUNG FU PANDA 2 M/ ísl. Tali | Sýnd í 3D kl. 4 - 6 | L |
| KUNG FU PANDA 2 M/ ensku. Tali | Sýnd í 3D kl. 8 Ótextuð | L |
| THE HANGOVER 2 | kl.10:20 | 12 |

SAMBÍÓIN SELFOSS

| | | |
|---|---|---|
| BRIDESMAIDS | kl. 8 - 10:30 | 12 |
| SUPER 8 | kl. 5:50 - 8 - 10:20 | 12 |
| KUNG FU PANDA 2 M/ ísl. Tali | kl. 6 | L |






SMÁRABÍÓ — GLERAUGU SELD SÉR — NÁNAR Á MIÐI.IS

| | | |
|---|---|---|
| BAD TEACHER | KL. 3.40 - 5.50 - 8 - 10.10 | 14 |
| BAD TEACHER Í LÚXUS | KL. 5.50 - 8 - 10.10 | 14 |
| MR. POPPER´S PENGUINS | KL. 3.40 - 5.50 - 8 - 10.10 | L |
| MR. POPPER´S PENGUINS Í LÚXUS | KL. 3.40 | L |
| SUPER 8 | KL. 5.30 - 8 - 10.30 | 12 |
| BRIDESMAIDS | KL. 8 - 10.40 | 12 |
| KUNG FU PANDA 2 ÍSLENSKT TAL 3D | KL. 3.40 - 5.50 | L |
| KUNG FU PANDA 2 ÍSLENSKT TAL 2D | KL. 3.40 | L |

NÁNARI UPPLÝSINGAR OG MIÐASALA Á midi.is

HÁSKÓLABÍÓ — NÁNAR Á MIÐI.IS — AUKAKRÓNUR 5%

| | | |
|---|---|---|
| BAD TEACHER | KL. 5.50 - 8 - 10.10 | 14 |
| MR. POPPER´S PENGUINS | KL. 5.50 - 8 - 10.10 | L |
| X-MEN: FIRST CLASS | KL. 5.20 - 8 - 10.40 | 12 |
| WATER FOR ELEPHANTS | KL. 5.30 | L |
| PAUL | KL. 8 | 12 |
| FAST FIVE | KL. 10.10 | 12 |

BORGARBÍÓ — NÁNAR Á MIÐI.IS

| | | |
|---|---|---|
| BAD TEACHER | KL. 6 - 8 - 10 | 14 |
| MR. POPPER´S PENGUINS | KL. 6 - 8 | L |
| BRIDESMAIDS | KL. 10 | 12 |



midi.is Miðasala og nánari upplýsingar

LAUGARÁS BÍÓ

www.laugarasbio.is -bara lúxus sími 553 2075




LAUGARÁSBÍÓ — Sýningartímar

| | |
|---|---|
| BAD TEACHER | 6, 8 og 10 |
| MR. POPPERS PENGUINS | 4, 6 og 8 |
| BRIDES MAIDS | 4, 6.30, 9 og 10 |
| KUNG FU PANDA 2 3D | 4 - ISL TAL |




**BÚIÐ SPIL** George Clooney og hin ítalska Elisabetta Canalis eru hætt saman eftir tæplega tveggja ára samband.

# Stutt gaman með Clooney

**Enn á ný er George Clooney laus og liðugur. Þessi eftirsótti piparsveinn hefur verið við margar konur kenndur en hann á erfitt með langtímasamböndin.**

Hinn nýlega fimmtugi leikari, George Clooney, er hættur með kærustu sinni Elisabettu Canalis eftir tæplega tveggja ára samband. Aðeins tvær vikur eru síðan hin ítalska Elisabetta lét hafa eftir sér í viðtali að hún væri hamingjusöm með Clooney og að ævintýri hennar héldi áfram. Það kom því töluvert á óvart þegar parið gaf út yfirlýsingu um sambandsslitin á miðvikudag. Í yfirlýsingunni stóð: „Við erum ekki lengur saman. Þetta er mjög erfitt og persónulegt.“ Það er ansi athyglisvert að skoða ástarsambönd George Clooney. Frá árinu 1987 hefur leikarinn verið kenndur við tíu konur og því líftími ástarsambanda hans ekki langur. Árið 1987 hóf Clooney að hitta leikkonuna Kelly Preston, sem síðar átti eftir að giftast John Travolta. Sambandi þeirra lauk tveimur árum síðar. Í kjölfarið kynntist Clooney þrítugu leikkonunni Taliu Balsam og giftu þau sig árið 1989. Parið skildi árið 1993 og sagði Clooney í viðtali við tímaritið Vanity Fair að hann hefði einfaldlega ekki átt að vera í hjónabandi á þessum tímapunkti og gaf það síðar í skyn að hann myndi aldrei aftur kvænast.

Árið 1996 var Clooney staddur í Frakklandi við tökur á kvikmyndinni The Peacemaker. Þar kynntist hann franska laganemanum Celine Balitran og nokkrum mánuðum síðar flutti Balitran inn til Clooney í Los Angeles. Sambandið rann sitt skeið árið 1999. George Clooney kynntist svo ensku fyrirsætunni og þáttastjórnandanum Lisu Snowdon árið 2000 og voru þau ýmist saman eða í sundur til ársins 2005, en á þessum fimm árum var Clooney einnig kenndur við leikkonurnar Reneé Zellweger, Taylor Howard og Kristu Allen, sem og norsku fjölmiðlakonuna Mariellu Frostrup. Árið 2007 átti hann árslangt samband við Fear Factor keppandann Söruh Larson en það var svo árið 2009 sem Clooney kynntist ítölsku fyrirsætunni Elisabettu Canalis. Margir töldu að samband þeirra Clooney og Canalis myndi endast og héldu ítalskir fjölmiðlar því margoft fram að þau myndu gifta sig.

Hvort George Clooney gangi einhvern tímann aftur upp að altarinu verður tíminn að leiða í ljós en þangað til getur fimmtugi piparsveinninn huggað sig við það að vera einn þriggja heimsþekktra fola sem tvisvar hefur hlotið titilinn „Kynþokkafyllsti maður alheims“ í tímaritinu People.

**kristjana@frettabladid.is**

### VELLAUÐUGUR

Auðæfi George Clooney eru metin á um 165 milljón dali, en það samsvarar tæplega 19,3 milljörðum íslenskra króna.



# Íslenskur Iggy Pop

Tónlist ★★★

**Guðmundur**

Guðmundur

Ég verð að viðurkenna að ég veit engin deili á Guðmundi Þóri Sigurðssyni, en eftir því sem ég kemst næst er Guðmundur hans fyrsta sólóplata. Á henni eru níu lög og textar eftir hann, en þau voru hljóðrituð hjá Benzín bræðrum í Sýrlandi í ágúst í fyrra. Guðmundur syngur lögin, en þeir Börkur og Daði Birgissynir. Stefán Már Magnússon, Kristinn S. Agnarsson og Björn Ingason sjá um hljóðfæraleikinn og Margrét Eir bakraddar.

Tónlistin á plötunni er hrjúft og kraftmikið rokk. Rödd Guðmundar minnir töluvert á Iggy Pop og tónlistin er ekki ólík tónlist Iggys, t.d. í lögunum Show Me The Light, Fever og Safe on the Line, en það síðastnefnda er mjög Stooges-legt. Áhrifa gætir einnig frá öðrum stórmennum í rokksögunni.

Guðmundur er ekki sérstaklega frumleg rokkplata, en hún er samt flott. Lagasmíðarnar eru ágætar, útsetningar, söngur og hljóðfæraleikur eru fyrsta flokks og hljómurinn er góður. Lögin eru flest kraftmikil, en sum þeirra hafa aðeins léttara og poppaðra yfirbragð, t.d. There Are You, Fever og Does it Feel Alright. Hljóðfæraleikararnir skila sínu allir vel, en eins og hæfir svona tónlist fá gítarleikararnir stærsta hlutverkið og þeir fara á kostum.

Textarnir á plötunni eru á ensku og forsíðumyndin er tekin á járnbrautarstöð. Ekki mjög íslenskt, en kannski er skýringin sú að miðað við upplýsingar af netinu býr Guðmundur í Kanada. Á heildina litið er þessi fyrsta sólóplata Guðmundar Þóris Sigurðssonar fín rokkplata þó að hún brjóti ekki blað í rokksögunni. **Trausti Júlíusson**




**GUÐMUNDUR** Fyrsta plata Guðmundar Þóris Sigurðssonar er ekki frumleg en flott engu að síður.

**Niðurstaða:** Ágæt rokkplata frá Guðmundi.


BÍÓ ★ PARADÍS — BAR & CAFÉ

| | |
|---|---|
| MONSTER | 18:00, 20:00, 22:00 |
| MARY AND MAX | 18:00, 20:00, 22:00 |
| THE MYTH OF THE AMERICAN SLEEPOVER | 18:00, 20:00 |
| SÍÐASTI VALSINN (MEÐ ENSKUM TEXTA) | 18:00 |
| THE GOOD HEART | 20:00 |
| DANSINN (MEÐ ENSKUM TEXTA) | 22:00 |




BARA GÓÐAR MYNDIR www.bioparadis.is

MEÐ STUÐNINGI REYKJAVÍKURBORGAR OG KVIKMYNDAMIÐSTÖÐVAR ÍSLANDS



**Yuni**, stærð 283 x 200 cm.
alklæddur leðri og einnig í taui

# FRÁBÆRT ÚRVAL

## TUNGUSÓFA OG HVÍLDARSTÓLA Í ÖLLUM STÆRÐUM OG LITUM



**Walton 2**, stærð 283 x 205 cm
alklæddur leðri og einnig í taui





**Rinoa,** stærð 260 x 170 cm
alklæddur leðri og einnig í taui



**Walton,** stærð 214 x 150 cm
alklæddir leðri og einnig í taui



**Gary** með rafstýringu og án, lengd 200 cm
alklæddur leðri og einnig í taui



**Italiano** með og án rafstýringar, lengd 218 cm
alklæddur leðri og einnig í taui



**Gary hvíldarstóll**
með eða án rafstýringar
breidd 85cm





**Lyftistóll**
lyftir upp breidd 80 cm



**Mike,** stærð 210 x 160 cm
alklæddur leðri og einnig í taui

# Þægindin í fyrirrúmi



BJÓÐUM EINNIG UPP Á DÖNSK
GÆÐARÚM FRÁ PASSION OG
AMERÍSKU DÝNUNUM FRÁ SERTA

**Kíktu í heimsókn og
uppfylltu drauma
þína um betri hvíld.**

# LÚR
BETRI HVÍLD

**LÚR - BETRI HVÍLD** • HLÍÐASMÁRA 1 • 201 KÓPAVOGI • SÍMI 554 6969 • FAX 554 3100 • WWW.LUR.IS • LUR@LUR.IS

# sport

sport@frettabladid.is



**PEPSI-DEILD KARLA** hefst á nýjan leik í kvöld eftir EM-fríið. Aðeins einn leikur er á dagskrá og sá leikur er í Vestmannaeyjum. Þá taka heimamenn í ÍBV á móti Stjörnunni. Leikurinn hefst klukkan 20.00.

## ÚRSLIT

*Valitor-bikar karla:*

**KR-FH** **2-0**
1-0 Gunnar Örn Jónsson (51.), 2-0 Grétar Sigfinnur Sigurðarson (87.)

**BÍ/Bolungarvík-Breiðablik** **4-1**
0-1 Arnór Sveinn Aðalsteinsson (21.), 1-1 Oluwatomiwo Ameobi (72.), 2-1 Sölvi Gylfason (107.), 3-1 Andri Rúnar Bjarnason (114.), 4-1 Sölvi Gylfason (120.).

*Pepsi-deild kvenna:*

**Stjarnan-ÍBV** **2-1**
0-1 Kristín Erna Sigurlásdóttir (23.), 1-1 Ashley Bares (66.), 2-1 Ashley Bares (75.)

**Þór/KA-Afturelding** **3-1**
0-1 Kristrún Halla Gylfadóttir (12.), 1-1 Rakel Hönnudóttir (59.), 2-1 Rakel Hönnudóttir (74.), 3-1 Mateja Zver (90.+1).

**Fylkir-Þróttur R.** **2-1**
1-0 Anna Björg Björnsdóttir (11.), 2-0 Ruth Þórðardóttir (31.), 2-1 Margrét María Hólmarsdóttir (43.)

**Valur-Breiðablik** **3-1**
1-0 Caitlin Miskel (4.), 2-0 Hallbera Guðnú Gísladóttir (46.), 3-0 Dagný Brynjarsdóttir (52.), 3-1 Greta Mjöll Samúelsdóttir (75.)

**Grindavík-KR** **1-1**
0-1 Margrét Þórólfsdóttir (17.), 1-1 Shaneka Gordon (31.).

*1. deild karla:*

**ÍA-Fjölnir** **6-0**
Hjörtur Júlíus Hjartarson 3, Gary Martin 2 (eitt víti), Mark Doninger.

**Leiknir-Haukar** **1-2**
Pape Mamdou Faye - Ísak Örn Þórðarson, Hilmar Trausti Arnarsson.

**Selfoss-Víkingur Ó.** **3-1**
Babaca Sarr, Endre Ove Brenne, Ibrahima Ndiyate - Edin Beslija.

*Upplýsingar fengnar að hluta frá fótbolti.net.*

Óvænt úrslit í bikarnum:

## Sveinar Guðjóns lögðu Blika

**FÓTBOLTI** Lærisveinar Guðjóns Þórðarsonar í BÍ/Bolungarvík gerðu sér lítið fyrir í gær og slógu út Íslandsmeistara Breiðabliks í Valitor-bikarnum. Lokatölur 3-1 eftir framlenginu.

Arnór Sveinn Aðalsteinsson kom Blikum yfir með glæsilegu marki.

Blikar voru fullværukærir í síðari hálfleik og um miðjan hálfleik náði Ameobi að skora eftir krafs í teignum. Það reyndist lokamarkið í venjulegum leiktíma og því varð að framlengja.

Sölvi Gylfason skoraði gull af marki í upphafi seinni hálfleiks framlengingar. Þrumufleygur fyrir utan teig sem söng í netinu. Andri Rúnar skoraði svo þriðja markið þegar Blikarnir voru flestir komnir fram á völlinn. Rétt fyrir leikslok kom fjórða markið og niðurlæging Íslandsmeistaranna var fullkomnuð.

- hbg

# Valdataflið að snúast við á ný

**Eftir áralangt tak FH-inga á KR virðist taflið loksins vera að snúast við. KR hafði ekki unnið FH á heimavelli í átta ár fyrir sumarið en er nú búið að leggja FH í Frostaskjólinu í tvígang á skömmum tíma. Að þessu sinni 2-0 í Valitor-bikarnum. FH átti að fá víti í lokin en fékk ekki. KR var betra liðið.**



**BARÁTTA** Það var hart tekist á þegar KR tók á móti FH í gær eins og sjá má á þessari mynd. KR vann FH öðru sinni á skömmum tíma. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

**FÓTBOLTI** KR-ingar hefndu í gær fyrir ófarirnar í bikarnum á síðustu leiktíð gegn FH með sigri, 2-0, á Fimleikfélaginu í 16-liða úrslitum Valitor-bikarkeppni karla, en leikið var í Frostaskjólinu.

KR-ingar mættu grimmari til leiks og voru með góð tök fyrstu tuttugu mínútur leiksins en það var ekki sjón að sjá FH í byrjun leiksins. Leikur þeirra var tilviljunarkenndur og menn áttu erfitt með að halda boltanum innan liðsins. Heimamenn fengu ákjósanleg færi í fyrri hálfleiknum en náðu ekki að setja mark sitt almennilega á leikinn. Fimleikafélagið vaknaði aðeins til lífsins þegar líða tók á fyrri hálfleikinn en staðan var samt sem áður 0-0 í hálfleik.

Heimamenn komust yfir í byrjun síðari hálfleiks með marki frá Gunnari Erni Jónssyni, leikmanni KR, en hann skallaði boltann í netið eftir magnaða fyrirgjöf frá Magnúsi Má Lúðvíkssyni. Virkilega vel útfærð sókn hjá KR-ingum og þeir komnir verðskuldað með yfirhöndina í leiknum.

FH-ingar virkuðu andlausir og oft á tíðum mjög svo pirraðir en það gekk erfiðlega fyrir gestina að skapa sér hættuleg færi og það hafði greinilega slæm áhrif á leikmenn liðsins.

Heimamenn voru fastir fyrir og vörn þeirra var þétt á meðan sóknarleikur FH-inga var hugmyndasnauður og löng skot utan af velli virtist vera það eina sem gestirnir höfðu upp á að bjóða.

Rétt fyrir lok venjulegs leiktíma fékk Tommy Nielsen, leikmaður FH, að líta sitt annað gula spjald og var sendur í bað. Strax í kjölfarið náði Grétar Sigfinnur Sigurðarson, leikmaður KR, að gulltryggja sigurinn með fínu skallamarki.



**Í SVIÐSLJÓSINU** Gunnar Jarl dómari dæmdi ekki augljósa hendi á KR. Þar hefði FH átt að fá víti og Diogo rautt. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Frábær sigur KR-inga staðreynd gegn slöku liði FH í Vesturbænum í gær.

„Þetta var virkilega ánægjulegt í kvöld, en maður verður að vinna alla leikina í þessari keppni til að eiga möguleika á að lyfta dollunni,“ sagði Rúnar Kristinsson, þjálfari KR, eftir sigurinn í gær.

„Við vorum sterkari aðilinn lengst af í leiknum og náðum að skora snemma í síðari hálfleik sem var mikilvægt. FH-ingar áttu sína spretti í leiknum og það var erfitt að ráða við þá að köflum. Við féllum aðeins til baka eftir að fyrsta markið datt fyrir okkur, en það var mikilvægt að standast áhlaup FH-inga og ná síðan að skora markið sem gerði út um leikinn. Við náðum að æfa vel í hléinu og leikmenn mínir vita að það er mikil samkeppni í liðinu og allir verða að vera á tánum,“ sagði Rúnar.

„Þetta er auðvita mikið svekkelsi og alltaf leiðinlegt að tapa leikjum hér,“ sagði Ólafur Páll Snorrason, leikmaður FH, eftir leikinn í gær.

„Mér fannst við eiga meira skilið út úr þessum leik og sumt féll bara ekki með okkur, en þá er ég sérstaklega að tala um vítaspyrnu sem við áttum að fá þegar leikmaður KR ver boltann á línu með hendi. Þetta datt bara með þeim í kvöld og við verðum bara að rífa okkur upp af rassgatinu og byrja að einbeita okkur að deildinni. Það er ekkert hvaða lið sem er sem kemur hingað á KR-völlinn og skapar sér fullt af færum og við áttum í erfiðleikum með það í kvöld, en samt náðum við að skapa nokkur færi sem við áttum að nýta betur“.

- sáp

Birna Berg Haraldsdóttir sigruð eftir að hafa haldið marki sínu hreinu í heilar 515 mínútur:

# Stjarnan upp fyrir ÍBV og með pressu á Val

**FÓTBOLTI** Stjarnan varð fyrsta liðið til að sigra ÍBV í sumar í Pepsídeild kvenna þegar Stjarnan lagði Eyjapæjur 2-1 á heimavelli sínum í Garðabæ í gær.

Fyrir leikinn hafði ÍBV haldið hreinu í fimm fyrstu umferðum deildarinnar og var liðið á toppi deildarinnar, stigi á undan Stjörnunni með jafn mörg stig og Valur. ÍBV byrjaði leikinn betur og komst yfir með marki Kristínar Ernu Sigurlásdóttur á 23. mínútu.

Eftir að Birna Berg Haraldsdóttir hafði haldið marki sínu hreinu í 515 mínútur fann Ashley Bares leiðina fram hjá henni, eða á 66. mínútu leiksins. Ashley var aftur á ferðinni á 75. mínútu eftir sjaldséð mistök Birnu í markinu og tryggði Stjörnunni sigurinn.

Jón Ólafur Daníelsson þjálfari ÍBV sagði að það væri vitað mál að það kæmi að því að liðið fengi á sig mark en hann var ekki ánægður með varnarleik stelpnanna sinna í mörkunum sem Stjarnan skoraði.



**LOKSINS SIGRUÐ** Birna Berg er búin að vera ótrúleg í marki ÍBV í sumar en varð að játa sig sigraða í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

„Það sem er sorglegast í þessu er að það eru skelfileg varnarmistök sem valda þessum mörkum, sérstaklega fyrra markinu. Við förum yfir þetta fyrir leikinn og aftur í hálfleik en svo gera þær sig sekar um þessi mistök sem var búið að ræða að gera ekki,“ sagði Jón Ólafur eftir leikinn en hann sagðist ekki búast við öðru en að lið sitt yrði fljótt að komast yfir vonbrigðin sem fylgja því að tapa fyrsta leiknum.

„Stjörnuliðið er hrikalega gott fótboltalið. Þær eru líkamlega sterkar og kunna á þetta gervigras. Þetta var frábær leikur og það er ekkert um þetta að segja. Við gerðum tvenn varnarmistök og Stjarnan skoraði, við förum heim og grátum það og höldum svo ótrauðar áfram.“

Þorlákur Árnason þjálfari Stjörnunnar var mjög ánægður með hvernig lið hans lék í seinni hálfleik. „Við gerðum smá breytingar, færðum liðið í hálfleik. Við spiluðum illa í fyrri hálfleik en fengum engu að síður tvö þrjú mjög góð færi. Það er bara svo mikill karakter í þessu liði, það er aldrei hægt að afskrifa okkur,“ sagði Þorlákur.

- gmi

pepsi deildin

Föstudagurinn 24. júní.
ÍBV - Stjarnan kl. 20.00
Hásteinsvöllur

Sunnudagurinn 26. júní.
Fylkir - Þór kl. 17.00
Fylkisvöllur
Valur - Víkingur R. kl. 19.15
Vodafonevöllurinn
Grindavík - KR kl. 19.15
Grindavíkurvöllur





VILDARÁSKRIFT AÐ STÖÐ 2 INNIHELDUR 2 2+ 2 BÍÓ 2 BÍÓ+ 2 EXTRA 2 EXTRA+ AUK STIGVAXANDI AFSLÁTTAR.
512 5100 | STOD2.IS | VERSLANIR VODAFONE | VERSLANIR OG ÞJÓNUSTUVER SÍMANS 800 7000



> **Mark Wahlberg**

„Ég á meiri peninga núna en ég veit hvað ég á að gera við.“

***Mark Wahlberg leikur Elliot Moore í vísindatryllinum The Happening, en hann berst ásamt fjölskyldu sinni fyrir lífi sínu því taugagas er farið að ógna lífi allra á austurströnd Bandaríkjanna og er myndin sýnd á Stöð 2 bíói kl. 22.***

# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ RAGNHEIÐUR TRYGGVADÓTTIR GRÆTUR YFIR BARNAÚTVARPINU

# *Hún grætur, hún mamma mín*



Útvarpsstöðin Útvarp Latibær er nánast föst í tækinu hjá mér í bílnum. Sennilega vegna þess að ég er sjaldan á ferð í bílnum án þess að börnin séu með og til þess að halda friðinn er auðveldara að hlusta á Útvarp Latabæ og missa af fréttatímanum en reyna að hlusta á fréttatímann með grátkór aftur í. Yfirleitt syngja börnin með, stemningin í bílnum góð og við ökum staða á milli án þess að missa niður takt. En stundum verður lagavalið á stöðinni til þess að það dofnar heldur yfir okkur. Reyndar er það svo að stundum á ég ekki orð yfir það sem börnum er boðið upp á á þessari stöð. Um daginn komu tvö lög, hvert á eftir öðru, þar sem textarnir fjölluðu um grátandi mæður!

Í fyrra laginu fjallaði textinn um litla stúlku sem ætlar að mála allan heiminn fyrir mömmu sína, sem er ósköp fallegt, en þegar setningin „ekki gráta mamma, brostu fyrir mig“ hljómaði í laginu fékk ég spurningu úr aftursætinu, „af hverju grætur mamman?“ Ég vissi ekki svarið við því. Í textanum í næsta lagi sagði frá fátækum börnum sem ekki fengu að borða, og ekki ný föt. Í viðlaginu var svo samviskusamlega endurtekið „hún grætur, hún grætur, hún grætur, hún mamma mín,“ aftur og aftur. Farþegana í aftursætinu setti hljóða og mig líka. Á næstu ljósum reyndi ég að sjúga upp í nefið eins hljóðlega og ég gat, svo farþegarnir yrðu ekki varir við snökt og þyrftu ekki að taka undir með litlu stúlkunni sem söng.

## RÚV

**16.20 Ómur af söng** (e)
**17.20 Mörk vikunnar** Í þættinum er fjallað um Íslandsmót kvenna í fótbolta.
**17.50 Táknmálsfréttir**
**18.00 Otrabörnin** (26:26)
**18.22 Pálína** (20:28)
**18.30 Galdrakrakkar** (25:47)
**19.00 Fréttir**
**19.30 Veðurfréttir**
**19.35 Kastljós**
**20.10 Ella í álögum** (Ella Enchanted) Í þessari nútímaútgáfu af sögunni um Öskubusku segir frá Ellu sem verður að hlýða öllu sem henni er sagt að gera. Hún reynir að losa sig undan þeim álögum og lendir þá í spennandi ævintýrum. Leikstjóri er Tommy O'Haver og meðal leikenda eru Anne Hathaway, Hugh Dancy, Cary Elwes, Aidan McArdle, Joanna Lumley og Minnie Driver. Bandarísk bíómynd frá 2004.
**21.50 Lewis – Hin sanna mildi** (Lewis: The Quality of Mercy) Bresk sakamálamynd þar sem Lewis, áður aðstoðarmaður Morse sáluga, lögreglufulltrúa í Oxford, glímir við dularfullt sakamál. Leikstjóri er Richard Spence. Atriði í myndinni eru ekki við hæfi barna.
**23.30 Veiðiferðin** (The Hunting Party) Bandarísk bíómynd frá 2007. Ungur blaðamaður, myndatökumaður og gamall stríðsfréttaritari leita að stríðsglæpamanni í Bosníu og lenda í háska. Atriði í myndinni eru ekki við hæfi ungra barna. (e)
**01.10 Útvarpsfréttir í dagskrárlok**

## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2**
**08.15 Oprah**
**08.55 Í fínu formi**
**09.10 Bold and the Beautiful**
**09.30 The Doctors**
**10.15 60 mínútur**
**11.00 Jamie Oliver's Food Revolution** (6:6)
**11.50 Life on Mars** (7:17)
**12.35 Nágrannar**
**13.00 Friends** (11:24)
**13.25 Auddi og Sveppi**
**13.50 Sione's Wedding**
**15.30 Barnatími Stöðvar 2**
**17.05 Bold and the Beautiful**
**17.30 Nágrannar**
**17.55 The Simpsons** (1:21)
**18.23 Veður**
**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**18.47 Íþróttir**
**18.54 Ísland í dag**
**19.06 Veður**
**19.15 The Simpsons** (5:23)
**19.40 So You Think You Can Dance** (3:23) Stærsta danskeppni í heimi snýr aftur áttunda sinn og hefur þátttakan aldrei verið meiri og aldrei fyrr hafi jafn margir hæfileikaríkir dansarar skráð sig. Þátttakendur eru líka skrautlegri en nokkru sinni. Að loknum prufunum er komið að niðurskurðarþætti í Las Vegas.
**20.25 Just Married** Rómantísk gamanmynd um ung og nýgift hjón. Þau fara í brúðkaupsferð um Evrópu og lenda í ýmsum uppákomum.
**22.00 Death Race** Hörkuspennandi mynd sem gerist í framtíðinni. Hún fjallar um fyrrverandi fanga sem er neyddur til að taka þátt í bílaeltingaleik þar sem fangar verða að drepa hver annan í kappakstrinum til að sigra.
**23.45 Scorpion King 2: Rise of a Warrior** Ævintýraleg og hörkuspennandi mynd um það hvernig goðsögnin um Sporðdrekakónginn hófst.
**01.35 Hellboy II: The Golden Army**
**03.30 Sione's Wedding**
**05.05 The Simpsons** (5:23)
**05.30 Fréttir og Ísland í dag**

## SPORT *besta sætið*

**07.00 Valitor mörkin 2011**
**08.05 Valitor mörkin 2011**
**15.05 KR - FH** Útsending frá leik KR og FH í 16 liða úrslitum í Valitor bikarkeppni karla í knattspyrnu.
**16.55 Valitor mörkin 2011** Sýnd mörkin úr leikjunum í 16 liða úrslitum í Valitor bikarkeppni karla í knattspyrnu. Hörður Magnússon, Hjörvar Hafliðason og Magnús Gylfason fara yfir mörkin og umdeildu atvikin í leikjunum.
**18.00 Leicester - Man. City** Útsending frá leik Leicester City og Manchester City í 3. umferð ensku bikarkeppninnar (FA Cup).
**19.45 Grillhúsmótið** Sýnt frá Grillhúsmótinu þar sem helstur kraftajötnar landsins keppa.
**20.30 F1: Föstudagur** Hitað upp fyrir komandi keppni í Formúlu 1 kappakstrinum. Gunnlaugur Rögnvaldsson skoðar undirbúning liðanna fyrir kappaksturinn.
**21.00 European Poker Tour 6** Sýnt frá European Poker Tour þar sem mætast allir bestu spilarar heims.
**21.50 Man. Utd. - Liverpool** Útsending frá leik Manchester United og Liverpool í 3. umferð ensku bikarkeppninnar.
**23.35 Miami - Dallas**

## SPORT 2 *enski boltinn*

**19.00 Premier League World** Áhugaverður þáttur þar sem enska úrvalsdeildin er skoðuð frá hinum ýmsu óvæntu og skemmtilegum hliðum.
**19.30 PL Classic Matches: Tottenham - Chelsea, 1997**
**20.00 Pep Guardiola** Magnaður þáttur um fremstu knattspyrnumenn sögunnar en að þessu sinni verður fjallað um núverandi þjálfara Barcelona, Pep Guardiola.
**20.25 PL Classic Matches: Man Utd - Leeds, 1998**
**20.55 Bolton - Tottenham** Útsending frá leik Bolton og Tottenham í ensku úrvalsdeildinni.
**22.40 PL Classic Matches: Southampton - Liverpool, 2000**
**23.10 Birmingham - Arsenal** Útsending frá leik Birmingham City og Arsenal í ensku úrvalsdeildinni.

## SKJÁREINN

**06.00 Pepsi MAX tónlist**
**08.00 Rachael Ray** (e)
**08.45 Dynasty** (4:28) (e)
**09.30 Pepsi MAX tónlist**
**16.35 Running Wilde** (3:13) (e)
**17.00 Happy Endings** (3:13) (e)
**17.25 Rachael Ray**
**18.10 Life Unexpected** (6:13) (e)
**18.55 Real Hustle** (7:8) (e)
**19.20 America's Funniest Home Videos** (21:50)
**19.45 Will & Grace** (1:27)
**20.10 The Biggest Loser** (11:26)
**21.00 The Biggest Loser** (12:26)
**21.45 The Bachelor** (9:11)
**23.15 Parks & Recreation** (7:22) (e)
**23.40 Law & Order: Los Angeles** (14:22) (e)
**00.25 Last Comic Standing** (3:12) (e)
**01.25 Smash Cuts** (7:52)
**01.50 Whose Line is it Anyway?** (17:39) (e)
**02.15 High School Reunion** (6:8) (e)
**03.00 The Real Housewives of Orange County** (7:12) (e)
**03.45 Will & Grace** (1:27) (e)
**04.05 Penn & Teller** (10:10) (e)
**04.35 Green Room with Paul Provenza** (1:6) (e)
**05.05 Pepsi MAX tónlist**

## SKJÁRGOLF

**06.00 ESPN America**
**08.10 Travelers Championship** (1:4)
**11.10 Golfing World**
**12.00 Golfing World**
**12.50 PGA Tour - Highlights** (22:45)
**13.45 Travelers Championship** (1:4)
**16.50 Champions Tour - Highlights** (11:25)
**17.45 Inside the PGA Tour** (25:42)
**18.10 Golfing World**
**19.00 Travelers Championship** (2:4)
**22.00 Golfing World**
**22.50 Ryder Cup Official Film 2004**
**00.05 ESPN America**

## EXTRA

**19.25 The Doctors** Frábærir spjallþættir framleiddir af Opruh Winfrey þar sem fjórir framúrskarandi læknar - sérfræðingar á fjórum ólíkum sviðum - veita afar aðgengilegar og gagnlegar upplýsingar um þau heilsufarsmál sem hvað helst brenna á okkur.
**20.10 Amazing Race** (6:12) Fjórtánda þáttaröðin af kapphlaupinu mikla þar sem keppendur þeysast yfir heiminn þveran og endilangan með það að markmiði að koma fyrstir í mark og fá að launum eina milljón dala.
**21.00 Fréttir Stöðvar 2**
**21.25 Ísland í dag**
**21.50 NCIS** (20:24) Spennuþáttaröð sem er í röð þeirra allra vinsælustu í Bandaríkjunum og fjallar um sérsveit lögreglumanna sem starfar í Washington og rannsakar glæpi tengda hernum eða hermönnum á einn eða annan hátt. Verkefnin eru orðin bæði flóknari og hættulegri í þessari sjöundu seríu.
**22.35 Fringe** (18:22) Þriðja þáttaröðin um Oliviu Dunham, sérfræðing FBI í málum sem grunur leikur á að eigi sér yfirnáttúrlegar skýringar. Ásamt hinum umdeilda vísindamanni Dr. Walter Bishop og syni hans Peter rannsaka þau röð dularfullra atvika.
**23.20 Amazing Race** (6:12) Fjórtánda þáttaröðin af kapphlaupinu mikla þar sem keppendur þeysast yfir heiminn þveran og endilangan með það að markmiði að koma fyrstir í mark og fá að launum eina milljón dala.
**00.05 The Doctors**
**00.45 Fréttir Stöðvar 2**
**01.35 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV**

## N4

**18.15 Föstudagsþátturinn** Spjallþáttur um allt milli himins og jarðar.

## ÍNN

**20.00 Hrafnaþing** Heimastjórnin.
**21.00 Motoring** Bílasýning Kvartmíluklúbbsins.
**21.30 Eitt fjall á viku** Efst á Arnarvatnsheiði, fyrsti þáttur af þremur úr safni Péturs Steingrímssonar.
**Dagskrá ÍNN er endurtekin um helgar og allan sólarhringinn.**

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

## BÍÓ

**08.00 There's Something About Mary**
**10.00 Love at Large**
**12.00 Horton Hears a Who!**
**14.00 There's Something About Mary**
**16.00 Love at Large**
**18.00 Horton Hears a Who!**
**20.00 Race to Witch Mountain**
**22.00 The Happening**
**00.00 First Sunday**
**02.00 Miller's Crossing**
**04.00 The Happening**
**06.00 Men in Black**

## ÚTVARP FM

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| FM 88,5 XA-Radíó | FM 90,9 Gullbylgjan | FM 93,5 Rás 1 | FM 96,3 FM Suðurland | FM 97,7 X-ið | FM 99,4 Útvarp Saga | FM 102,9 Lindin |
| FM 90,1 Rás 2 | FM 91,9 Kaninn | FM 95,7FM957 | FM 96,7 Létt Bylgjan | FM 98,9 Bylgjan | FM 102,2 Útvarp Latibær | FM 105,5 Útvarp Boðun |


Nú er fjör !
Fullt af spennandi tilboðum !

OPIÐ
Virka daga frá kl. 10-18
Lau frá kl. 11-17



Nýjir sumar-litir
70x140cm kr. 1.390,-
50x100cm kr. 690,-
30x30cm kr. 129,-
Baðmotta kr. 1.290,-

Molly
59.900,-
Breidd: 214 cm



3ja sæta svefnsófi
Einnig til í svörtu

DORMA
– býður góða nótt

Holtagörðum 2. hæð • Sími 512 6800 • www.dorma.is • dorma@dorma.is

## Í KVÖLD



**STÖÐ 2 KL. 19.40**

**So you think you can dance**

Áheyrnarprufur halda áfram í vinsælustu og stærstu danskeppni í heimi. Dansararnir þurfa að standa sig til að komast til Las Vegas þar sem endanlegur 20 manna hópur er valinn.

## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.39** Morgunútvarp hefst **06.40** Veðurfregnir **06.50** Bæn **07.00** Fréttir **07.03** Vítt og breitt **07.30** Fréttayfirlit **08.00** Morgunfréttir **08.05** Morgunstund með KK **08.30** Fréttayfirlit **09.00** Fréttir **09.05** Óskastundin **09.45** Morgunleikfimi **10.00** Fréttir **10.03** Veðurfregnir **10.13** Af minnisstæðu fólki: Sigurbjörn Einarssson **11.00** Fréttir **11.03** Samfélagið í nærmynd **12.00** Fréttir **12.20** Hádegisfréttir **12.45** Veðurfregnir **12.50** Dánarfregnir **13.00** Heilshugar **14.00** Fréttir **14.03** Girni, grúsk og gloríur **15.00** Fréttir **15.03** Útvarpssagan: Hin hljóðu tár **15.25** Skrafað um meistara Þórberg **16.00** Síðdegisfréttir **16.05** Djassvisjón Evrópu: Frá Brooklyn til Brussel **17.00** Fréttir **17.03** Víðsjá **18.00** Kvöldfréttir **18.20** Auglýsingar **18.21** Í lok dags **18.50** Veðurfregnir **18.53** Dánarfregnir **19.00** Töfrateppið **20.00** Leynifélagið **20.30** Hringsól **21.30** Kvöldsagan: Njáls saga **22.00** Fréttir **22.05** Veðurfregnir **22.10** Orð kvöldsins **22.13** Litla flugan **23.00** Kvöldgestir **00.00** Fréttir **00.05** Næturútvarp Rásar 1

## BBC entertainment

**1510.45** Fawlty Towers **11.** The Weakest Link **12.05** Keeping Up Appearances **12.35** ‚Allo ‚Allo! **13.10** ‚Allo ‚Allo! **13.40** ‚Allo ‚Allo! **14.15** The Weakest Link **15.00** The Weakest Link **15.50** Fawlty Towers **16.20** ‚Allo ‚Allo! **16.55** ‚Allo ‚Allo! **17.30** Fawlty Towers **18.00** Jack Dee Live at the Apollo **18.45** Jack Dee Live at the Apollo **21.15** Jack Dee Live at the Apollo **22.00** Jack Dee Live at the Apollo **22.45** Jack Dee Live at the Apollo **01.10** Jack Dee Live at the Apollo **04.05** EastEnders **04.35** EastEnders **05.05** EastEnders

## DR 1

**11.00** Bag kulisserne i Givskud Zoo **11.30** Sommertid **12.00** Drommehaver **12.30** Spise med Price **13.00** DR Update - nyheder og vejr **13.10** Aftenshowet **14.00** Byggemand Bob **14.10** Redningsbåden Rolf **14.15** Hyrdehunden Molly **14.30** Den travle by **14.40** Byggemand Bob **14.50** Mægtige maskiner **15.00** De uheldige helte **15.50** DR Update - nyheder og vejr **16.00** Spise med Price **16.30** TV Avisen med Sport og Vejret **17.00** Disney Sjov **18.00** Hit med Sangen **19.00** TV Avisen **19.30** The Contract

## NRK 1

**10.40** Berlin, Berlin **11.05** Ut i naturen **11.35** Niklas' mat **12.05** Folk **12.35** Norge rundt **13.00** Derrick **14.00** Et land i brun saus **14.30** Hvilket liv! **15.00** NRK nyheter **15.10** Poirot **16.00** Oddasat - nyheter på samisk **16.05** Nyheter på tegnspråk **16.10** Tilbake til 60-tallet **16.40** Distriktsnyheter **17.30** Norge rundt **18.00** Oppdag Stillehavet **18.50** 20 sporsmål **19.15** Eurovision Young Dancers 2011 **20.40** Kalde spor **21.15** Kveldsnytt **21.30** Kalde spor **23.20** Country jukeboks u/chat **02.00** Dansefot jukeboks m/chat

## svt1

**11.50** Bon Jovi: When We Were Beautiful **13.10** Gomorron Sverige **14.00** Rapport **14.05** Undercover Boss **14.50** Flugor **14.55** Från Lark Rise till Candleford **15.55** Sportnytt **16.00** Rapport **16.10** Polisen och domarmordet **17.05** K-märkta ord **17.10** Jag minns... **17.20** Jag minns... **17.30** Rapport **17.45** Varför firar vi? **18.00** Midsommar med Tina Ahlin **19.00** Last Chance Harvey **20.30** Norsk attraktion **21.00** Rapport **21.05** Minnenas television **22.10** Norsk attraktion **22.40** Just Friends **00.10** Rapport







## FÖSTUDAGSLAGIÐ



*„Eitthvað með Steindanum held ég bara. Hann kemur mér í föstudagsgír.“*

Páll Óli Ólason, Flick My Life-stjarna

# Semja handrit að hrollvekju

Leikstjórinn Gaukur Úlfarsson og rithöfundurinn Óttar M. Norðfjörð eru að semja kvikmyndahandrit að hrollvekju sem Gaukur ætlar að leikstýra.

„Hann hafði samband við mig og spurði hvort ég hefði áhuga á einhverju svona samstarfi,“ segir Gaukur um handritaskrifin með Óttari. „Ég hef ekki lesið neinn af reyfurunum hans. Ég hef bara lesið alvarlegu bækurnar hans og mér finnst þær mjög skemmtilegar. Svo er hann líka ótrúlega klár og sniðugur gaur,“ segir Gaukur.

Að sögn Óttars er sagan tilbúin og næst á dagskrá er að fara út úr bænum á sunnudaginn og skrifa sjálft handritið. „Þetta er á upphafsstigi en vonandi kemur eitthvað skemmtilegt út úr þessu,“ segir hann. „Þetta verður í fyrsta sinn sem ég skrifa náið með leikstjóra, sem er mjög skemmtilegt vinnuferli. Ég kem úr rithöfundaheiminum og er alltaf einn með bækurnar mínar. Það er fínt að vera með leikstjóra með sér allan tímann. Þetta er skemmtileg nýbreytni.“

Óttar segir að undarlega lítið hafi verið um íslenskar hrollvekjur bæði í kvikmyndum og bókmenntum í gegnum tíðina. „Það er dálítið fyndið að þessi krimmaalda hafi átt sér stað á Íslandi því eins og ég lít á það finnst mér íslenskt landslag bjóða mikið upp á hrollvekjur.“ **-fb**



**HRESSIR HANDRITSHÖFUNDAR** Gaukur Úlfarsson og Óttar M. Norðfjörð eru að semja kvikmyndahandrit að hrollvekju. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



**Í 3000 FETA HÆÐ** Leikarinn Finnbogi Þorkell Jónsson lék hlutverk í þýskri heimildarmynd um vísindamanninn Alfred Wegener. Í kjölfarið var honum svo boðið að leika í bílaauglýsingu um Austin Mini.

# Finnbogi heillar Þjóðverjana

„Það hafa einhverjar dyr opnast þarna í Þýskalandi,“ segir leikarinn Finnbogi Þorkell Jónsson, en hann fór með hlutverk í þýskri heimildarmynd um vísindamanninn Alfred Wegener. Myndin verður sýnd í þýska ríkissjónvarpinu von bráðar en leikarinn Stefán Hallur Stefánsson fer einnig með hlutverk í myndinni.

Upphaflega stóð til að myndin yrði öll tekin hér á landi og hófust tökur á Langjökli. Röð óhappa gerði það hins vegar að verkum að hætta þurfti við tökur hér. „Einhverjir töldu að það væru hreinlega álög á þessu verkefni. Það kom mjög slæmt veður, bílarnir tóku að bila og einhverjir þurftu að leggjast inn á sjúkrahús vegna bráðra veikinda, svo það var bara ákveðið að pakka saman og færa tökurnar upp í Alpana,“ segir Finnbogi, sem fékk annað spennandi hlutverk í kjölfarið. „Ég lék í þýskri bílaauglýsingu fyrir Austin Mini. Sú auglýsing var frekar mikið umtöluð og reyndu allmargir íslenskir leikarar að komast í hana því bílaauglýsingar eru oft á tíðum mjög vel borgaðar,“ segir Finnbogi í léttum dúr.

En er Finnbogi þá á góðri leið með að hasla sér völl í Þýskalandi? „Þetta er einmitt frekar skrítið. Ég hef ekki gert neitt rosalega mikið hér heima, en það virðist vera eins og þýskir leikstjórar séu mikið að pæla í mér þessa dagana. Ég er komin með sambönd og veit að menn eru eitthvað að velta fyrir sér hlutunum þarna úti,“ segir Finnbogi. „Ég hlýt að vera meira „inn“ hjá þýsku leikstjórunum en þeim íslensku.“ **- ka**

## FREYR LÍNDAL SÆVARSSON: ÞETTA VAR ÞVÍLÍKT ÆVINTÝRI

# Íslenskur tökumaður í grænlenskri hryllingsmynd

„Þetta var þvílíkt ævintýri. Það kom mér á óvart hve margir Grænlendingar eru virkilega hæfileikaríkir án þess að hafa „professional“ reynslu,“ segir Freyr Líndal Sævarsson.

Hann var tökumaður grænlensku hryllingsmyndarinnar Qaqqat Alanngui eða Skuggarnir í fjöllunum, sem var frumsýnd fyrir skömmu á vegum Tumit Productions. Hún hefur fengið mjög góðar viðtökur í heimalandinu og hafa tæp sex þúsund manns séð hana í höfuðborginni Nuuk þar sem rúm fimmtán þúsund manns búa.

Tökur á myndinni fóru fram skammt frá Nuuk síðasta sumar og gengu þær vel þrátt fyrir að veðrið og ágengar moskítóflugur hafi sett strik í reikninginn. Freyr Líndal fékk verkefnið, sem er hans fyrsta sem tökumaður, í gegnum stelpu sem var með honum í European Film College í Danmörku. Hann hefur aðra hryllingsmynd á ferilskránni, Reykjavík Whale Watching Massacre, þar sem hann vann við lýsingu.

Freyr tók Qaqqat Alanngui upp á Canon 5D-myndavél og notaðist við náttúrulega lýsingu. Kostnaðaráætlun myndarinnar hljóðaði upp á 46 milljónir króna og voru allir leikararnir og tökuliðið frá Grænlandi nema Freyr. Myndin fjallar um ungt fólk sem fer í útskriftarferð í afskekktum sumarbústað þar sem undarlegir hlutir eiga sér stað.

Grænlendingar hafa tekið myndinni opnum örmum, sérstaklega unga kynslóðin. „Fólk hefur ekki séð svona í grænlenskri menningu,“ segir hann og á þar við þjóðsagnakenndan blæ myndarinnar og grænlenskt talið í þokkabót.

Frey líkaði lífið svo vel á Grænlandi að hann ætlar að taka upp aðra mynd þar á næsta ári, spennuhasar með grínívafi. **freyr@frettabladid.is**



**TÓK UPP Á GRÆNLANDI** **Freyr Líndal Sævarsson** þreytti frumraun sína sem kvikmyndatökumaður á Grænlandi þegar hann tók upp grænlenska hryllingsmynd. Allir leikarar myndarinnar eru grænlenskir. FRÉTTABLAÐIÐ/HAG








# Draumur rætist með smelli

„Við erum bara ósköp venjulegar stelpur sem höfum brennandi áhuga á tónlist,“ segir Ragnhildur Jónasdóttir, en hún og vinkona hennar, Margrét Rán, gáfu nýverið út sumarsmellinn „Það er komið sumar“.

Lagið er komið í spilun á útvarpsstöðvunum FM 957 og Flass og þykir bæði grípandi og skemmtilegt. „Við fórum í spjall á FM 957 og þeim fannst lagið virkilega gott,“ segir Ragnhildur. Stöllurnar koma frá Keflavík og Hafnarfirði, en eru nýfluttar á Tryggvagötuna. „Við kynntumst árið 2008 en fórum ekki að gera tónlist fyrr en bara á þessu ári. Þetta er búinn að vera langþráður draumur hjá okkur og vonandi er hann að fara að rætast,“ segir Ragnhildur. Emmsjé Gauti, sem gaf út sína fyrstu sólóplötu fyrir stuttu, rappar í laginu en platan hans hefur hlotið góða dóma. Var ekkert mál að fá Emmsjé Gauta til þess að rappa með ykkur? „Nei það var það ekki. Ég held að hann hefði nú varla farið að rappa í laginu nema að honum þætti það skemmtilegt,“ segir Ragnhildur, sem sjálf er góður taktkjaftur. „Það verður pottþétt beatbox í einhverju lagi frá okkur. Ég held að ég verði að pota því einhvers staðar inn.“ **- ka**



**ÆTLA AÐ GERA FLEIRI LÖG** Margrét og Ragga sömdu sumarsmellinn „Það er komið sumar“ sem kominn er í spilun. Í laginu rappar Emmsjé Gauti, en hann var að gefa út plötuna „Bara ég“. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Nýkomin önnur sending af heilsudýnum

## Fyrri sending seldist strax upp.
## Nú bjóðum við 30% stgr.afslátt af þessari sendingu.




Pokagormar

Luxury pillow top

Aukalag af smáum gormum

Latex millilag

**STÆRÐIR OG VERÐ**

| | | |
|---|---|---|
| 120 x 200 cm | 134.900,- | nú 93.800,- |
| 160 x 200 cm | 155.000,- | nú 108,500,- |
| 180 x 200 cm | 169.000,- | nú 118.300,- |

Þessum dýnum þarf aldrei að snúa!



Ekta latex heilsukoddi
7.100,- nú 4.970,-

HEIMA HÚSIÐ

Síðumúla 30 - 108 Reykjavík - Sími 568 4242
www.heimahusid.is
Opið virka daga 10-18, laugardaga 11-16

Ondrugi · mood · lifum · GALLERY GÓLF · PARKET • FLÍSAR

# FRÉTTABLAÐIÐ

**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR** **SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000** **VÍSIR**

**Ritstjórn:** 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **PRENTUN:** Ísafoldarprentsmiðja

9 771670 387005

Póst húsið

**DREIFING:** dreifing@posthusid.is
**EF BLAÐIÐ BERST EKKI:** 512 5060



FRÉTTIR VIÐSKIPTI ÍÞRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN

vísir

Meiri Vísir.


## FRÉTTIR AF FÓLKI

### Verzlingar taka völdin

Fyrrverandi nemendur Verzlunarskóla Íslands virðast vera að taka völdin í eyrum og augum íslenskra ungmenna. Jón Jónsson tónlistarmaður, starfsmaður í auglýsingadeild Mónitors og Verzlingur, var í gær ráðinn ritstjóri tímaritsins en hann prýddi einmitt forsíðu blaðsins fyrir ekki löngu. Jón tekur við af Verzlingnum **Birni Braga Arnarssyni** sem færir sig yfir í „Versló-vígið“ hjá 365 miðlum. Björn hittir þar meðal annars fyrir Margréti Björnsdóttur og þáttastjórnendur í morgunþætti FM 957, Villta vestrinu, en það eru allt krakkar sem hafa lokið námi við Verzlunarskóla Íslands.



### Forstjóri tekur sprett

**Claudio Albrecht,** forstjóri Actavis, stefndi að því um miðjan dag í gær að taka þátt í Miðnæturhlaupi Powerade sem fram fór í gærkvöldi. Dagurinn er vafalítið eftirminnilegur í huga Albrechts en þá var liðið nákvæmlega ár frá því hann tók við forstjórastarfinu. Sama dag fyrir ári tók hann jafnframt þátt í Miðnæturhlaupinu í fyrsta sinn. Svo mjög líkaði Albrecht hlaupið að hann ákvað að endurtaka leikinn í ár. Ekki mun annað hafa komið til greina en að taka þátt í tíu kílómetra hlaupi ásamt öðrum starfsmönnum fyrirtækisins.

**- fgg , - jab**



## Mest lesið vísir

1. Bónus vill afnema skilarétt á kjöti
2. "Whitey" Bulger handtekinn í Santa Monica
3. Ótrúleg heppni að enginn slasaðist á Dalveginum
4. Prestur skrifaði til varnar barnaníðingi
5. Ólafur Ragnar hrósar hinni umdeildu Söruh Palin


## Yfirburðir Fréttablaðsins á dagblaðamarkaði staðfestir

**Prentmiðlakönnun Capacent Gallup.**
Janúar til mars 2011, meðallestur á tölublað 18–49 ára.







Fréttablaðið og Morgunblaðið kemur út sex daga vikunnar, á meðan DV kemur út þrisvar í viku og Fréttatíminn einu sinni.

**Allt sem þú þarft**



